KRISTJÁN HELGASON

*Trúir að í hlátri felist mikill lækningamáttur*

• heilsa • á ferðinni

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



LADDI 62 ÁRA Í DAG

*Afmælissýning í tilefni dagsins*

Síðasta sýningin verður á laugardaginn

FÓLK 19



Öll almenn prentun

www.isafold.is
Sími 595 0300

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. janúar 2009 — 18. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

**Býður langveikum börnum í bíó**

Handboltakappinn Logi Geirsson efnir áramótaheitin.

FÓLK 26



**Alveg einstök tilfinning**

Bryndís Svavarsdóttir hefur hlaupið hundrað maraþonhlaup.

TÍMAMÓT 16



**Stóra planið til Hollands**

Kvikmynd Ólafs Jóhannessonar, Stóra planið, verður sýnd á kvikmyndahátíðinni í Rotterdam.

FÓLK 26



**Jafnt á Anfield**

Liverpool og Everton skildu jöfn, 1-1, í uppgjöri nágrannaliðanna. Everton jafnaði undir lokin.

ÍÞRÓTTIR 22

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMA** Í dag verður norðaustan 5-13 m/s, hvassast á Vestfjörðum og suðaustan til. Víða rigning eða slydda en úrkomulítið suðvestanlands. Dregur úr úrkomu norðaustan til eftir hádegi. Frostlaust með ströndum.

VEÐUR 4

# Leiga Félagsbústaða orðin sambærileg leigumarkaði

**Formaður velferðarsviðs segir fylgst með þróuninni á leigumarkaði. Aukin aðstoð verði metin í hverju tilfelli fyrir sig. Borgarfulltrúi Vinstri grænna vill endurskoða forsendur leiguverðs hjá Félagsbústöðum.**

**FÉLAGSÞJÓNUSTA** Meðalleiguverð hjá Félagsbústöðum og Leigulistanum á íbúðum í Reykjavík er orðið nokkuð sambærilegt. Minni íbúðir eru aðeins ódýrari hjá Félagsbústöðum, en stærstu íbúðirnar eru dýrari.

„Það gefur auga leið að ef markaðsaðstæður breytast með þeim hætti að Félagsbústaðir eru komnir á skjön við það sem þar er, þá eru full efni til að endurskoða forsendurnar fyrir leiguverði, að minnsta kosti á stærstu íbúðunum,“ segir Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna.

Rúmlega helmingur allra íbúða Félagsbústaða er eins til tveggja herbergja en einungis þrjú prósent eru fimm herbergi eða stærri.

Leiguverð hjá Félagsbústöðum er vísitölubundið og hækkar með aukinni verðbólgu. Verulegur þrýstingur er hins vegar á lækkun leiguverðs á almennum markaði og hefur leigan lækkað um 15-20 prósent að undanförnu, samkvæmt Guðlaugi Þorsteinssyni hjá Leigulistanum.

**MEÐALLEIGUVERÐ Í REYKJAVÍK**

| Fjöldi herbergja | Félagsbústaðir | Leigulistinn |
|---|---|---|
| 1 | 60.000 | 70.000 |
| 2 | 80.000 | 90.000 |
| 3 | 100.000 | 100.000 |
| 4 | 120.000 | 120.000 |
| 5 | 140.000 | 130.000 |

Skv. grófreiknuðum upplýsingum frá Leigulistanum og Félagsbústöðum

„Við höfum verið að biðja um þessar upplýsingar og reyna að gera okkur grein fyrir í hvað stefnir ef verðbólga verður hér áfram mjög há,“ segir Jórunn Frímannsdóttir, formaður Velferðarsviðs Reykjavíkur. Það sé áhyggjuefni ef leigan hækki umfram greiðslugetu leigjenda, en aðstoð vegna slíks verði alltaf í formi persónulegs stuðnings við þann sem er í miklum vanda.

Tæplega 890 eru á biðlista hjá Félagsbústöðum og hefur fækkað um sautján frá áramótum. „Ef almenni markaðurinn fer niður er það vel,“ segir Sigurður Friðriksson, framkvæmdastjóri Félagsbústaða. Hann bendir á að fyrir suma skipti öryggi búsetu hjá Félagsbústöðum miklu máli, en það sé ekki tryggt á almenna markaðnum. Frá árinu 2001, þegar húsnæðisverð hækkaði, hafi gegnumstreymið hjá Félagsbústöðum minnkað og biðlistar lengst. Hann á von á að þessi þróun breytist nú. **- ghs, ss**



**BREYTINGAR Í BANDARÍKJUNUM** Barack Obama tekur við embætti forseta Bandaríkjanna í dag. Stuðningsmenn hans um hafa farið mikinn síðustu daga, þar á meðal í Miami þar sem þessar föngulegu stúlkur sýndu stuðning sinn í verki. NORDICPHOTOS/AFP

Útgerð Samherja hf.:

## Umsvifamiklir í ESB og Afríku

**EVRÓPUSAMBANDIÐ Samherji hf. kemur að útgerð í þremur Evrópusambandsríkjum og tveimur löndum í Afríku. Dóttur- og hlutdeildarfélög fyrirtækisins reka á annan tug skipa, fiskvinnslur, pökkunarverksmiðju og söluskrifstofu. Þetta kemur fram í fjórða hluta fréttaskýringar um ESB og sjávarútvegsmál.**

**Fyrirtækið hefur aðgang að 30 þúsund tonnum af bolfiski og velta fyrirtækjanna var um fimmtíu milljónir evra árið 2008. Um 70 prósent af umsvifum fyrirtækisins eru erlendis.**

**Haraldur Grétarsson, framkvæmdastjóri eins dótturfyrirtækis Samherja, DFFU í Þýskalandi, segir í viðtali að fiskveiðistjórnun innan ESB sé í mörgu til fyrirmyndar og tækifæri felist í efnahagslegum stöðugleika sem ríkir innan ESB.**

**- shá**



TempraKON®

Outlast

Tilboð kr. 31.920,-

Hitajöfnunarsængin sem virkar - fyrir alla!

Betra BAK

Ásgeir Davíðsson kominn úr detox-ferð tíu kílóum léttari og reynslunni ríkari:

# Geiri Goldfinger altarisdrengur Gunnars í Krossinum í Póllandi

**FÓLK** Ásgeir Þór Davíðsson, sem betur er þekktur sem súlukóngurinn Geiri í Goldfinger, er kominn heim frá Póllandi reynslunni ríkari. Þar tókst hann á hendur alveg nýtt hlutverk sem var að vera altarisdrengur í messu sem Gunnar Þorsteinsson, kenndur við Krossinn, hélt.

„Ég las upp úr Biblíunni. Fór með ritningargrein. Og fórst það vel úr hendi. Enda má sjá á mynd að Gunnar horfir stoltur á mig. Þá fór fólkið til Gunnars og fékk blessun. Þar á meðal ég og ég fann straumana renna um mig. Beint frá Guði,“ segir Geiri kátur. Geiri var í litríkum hópi á vegum Jónínu Benediktsdóttur í detox-ferð á heilsuhæli í Póllandi og þar fór þessi sögulega messa fram. Meðal leiðangursmanna voru Árni Johnsen þingmaður og Friðrik Ómar söngvari svo einhverjir séu nefndir. Geiri hvetur alla til að fara: „Þetta afeitrar þig algjörlega, hugurinn opnast og á nýju ári er maður alveg opinn fyrir öllu og mjög jákvæður. Og ekki var félagsskapurinn til að skemma fyrir,“ segir Geiri hress og tíu kílóum léttari. **- jbg / sjá síðu 26**



**GEIRI LES ÚR BIBLÍUNNI** Geiri hefur eftir Gunnari að aldrei hafi annar eins sakleysissvipur sést á altarisdreng og Geira.

Ifö

TENGI

Mikið úrval af upphengdum salernum



Opið virka daga frá 8-18
laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76
Kópavogi
Sími 414 1000

Baldursnesi 6
Akureyri
Sími 414 1050

## SPURNING DAGSINS



*Heimir, viljið þið fá loðin svör?*

**„Loðin svör í þeim skilningi eru ekki æskileg en ég er viss um að við fáum hlý viðbrögð.“**

Heimir Karlsson og Kolbrún Björnsdóttir, umsjónarmenn útvarpsþáttarins Í bítið, auglýsa eftir ullarfatnaði til að gefa þurfandi eldri borgurum í vetrarhörkunum í Bretlandi.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi gefur út handtökuskipun á 370 einstaklinga:

# Sækir fólk heim og í vinnu

**LÖGREGLUMÁL** Sýslumannsembættið á Suðurlandi ætlar að gefa út handtökuskipun á 370 einstaklinga í Árnessýslu sem ekki hafa komið í fjárnám hjá sýslumannsembættinu á Selfossi. Komi fólkið ekki af sjálfsdáðum verður það handtekið á heimilum sínum eða vinnustöðum og fært fyrir sýslumann eða fulltrúa hans.

„Þegar menn sinna ekki ítrekuðum kvaðningum um að mæta í fjárnám þá er ekki nein leið önnur en að láta lögreglu sækja menn og það erum við að gera. Við getum ekki látið málin safnast endalaust upp hjá okkur,“ segir Ólafur Helgi.



**ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON** Sýslumaður.

„Við munum skipuleggja þetta þannig að lögregla leiti menn uppi og færi þá á skrifstofuna til fjárnáms.“

Ólafur Helgi segir að sýslumannsembættið geri þetta af og til, síðast fyrir um einu og hálfu ári. Þá hafi orðið mikil læti og mikið skammast yfir þessu. „Þetta er einfaldlega sú aðferð sem lögin bjóða að sækja fólk til að láta það svara. Ef menn eiga engar eignir þarf að ná til þeirra þannig að þeir lýsi sjálfir yfir eignaleysi. Í sumum tilvikum gætu menn átt eignir en það verður að ljúka málinu með því að gera fjárnám með árangri eða með því að gera árangurslaust fjárnám. Það er ekki hægt að gera árangurslaust fjárnám nema ná til skuldarans eða fulltrúa hans.“

Ólafur Helgi segir að lögreglan fari inn á vinnustaði til að sækja menn en flestir skili sér betur fer af sjálfsdáðum í fyrstu eða annarri boðun. Hann á von á að þessu verði lokið eftir nokkrar vikur. **- ghs**

Mótmæli við Alþingishúsið:

## Vilja að þingmenn hlusti

**MÓTMÆLI** Raddir fólksins boða til friðsamlegrar mótmælastöðu á Austurvelli í dag klukkan 13 þegar Alþingi kemur saman að nýju eftir jólaleyfi.

Að sögn Harðar Torfasonar, eins forsvarsmanna samtakanna, er fundurinn haldinn að kröfu fólksins. Hann hvetur fólk til að mæta með söngbækur, potta, sleifar, flautur og hrossabresti.

„Við ætlum að koma saman friðsamlega, vera þarna í kringum þingið, syngja og hafa hátt og láta þessa fulltrúa okkar vita að við séum til því þeir virðast ekki hlusta mikið á okkur,“ segir Hörður. **- ovd**

Fimm ára fangelsi:

## Aldraður Þjóðverji dæmdur

**DÓMSMÁL** Tæplega sjötugur Þjóðverji, Dieter Samson, var fyrir helgi dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir smygl á um tuttugu kílóum af hassi og rúmlega 1,7 kílóum af amfetamíni til landsins.

Samson var handtekinn þegar hann kom með Norrænu til Seyðisfjarðar í byrjun september. Fíkniefnin fundust falin í bifreið Dieters en fyrir dómi hélt hann því fram að hann hefði ekki vitað af efnunum í bílnum. Sagði hann að rússneskir kunningjar sínir hefðu fengið hann til að fara þessa ferð. Dieter, sem á langan sakaferil að baki, þarf að greiða málsvarnarlaun verjanda síns upp á 600 þúsund krónur auk rúmra 175 þúsund króna í sakarkostnað. **- ovd**



**TOYOTA LAND CRUISER 120** Jeppinn var vinsælasti bíllinn á Íslandi á síðasta ári.

Tölur Umferðarstofu:

## Land Cruiser vinsælastur

**BÍLAR Toyota er með fjóra bíla á topp fimm-listanum yfir nýskráðar bifreiðar á síðasta ári og fimm á topp tíu, að því er fram kemur í tölum frá Umferðarstofu. Mest seldi bíllinn var Land Cruiser 120 en 485 bílar af þeirri gerð voru skráðir 2008. Í öðru sæti er Yaris með 478 nýskráningar. Þetta er nítjánda árið í röð sem Toyota er mest selda tegund hér á landi.**

**Í gær höfðu hundrað og þrjátíu nýskráningar átt sér stað hjá Umferðarstofu frá áramótum, þar af voru sextíu og fjórar fólksbifreiðar.** **gun / sjá allt**

# Skýrslan fór ekki til bankamálaráðherra

**Landsbanki sendi dökka skýrslu eftir Buiter og Silbert áfram til Seðlabanka og forsætisráðuneytis í apríl, en einn seðlabankastjóra vissi ekki af því. Hún fór ekki til bankamálaráðherra. Í júlí var efni hennar orðið óþægilega kunnuglegt.**

**EFNAHAGSMÁL** Skýrsla um erfiðleika íslensku bankanna eftir hagfræðiprófessorana Willem Buiter og Anne Sibert var send í forsætisráðuneyti og Seðlabanka í apríl, samkvæmt upplýsingum frá þáverandi forstöðumanni greiningardeildar Landsbanka, Birni Rúnari Guðmundssyni. Hann gat í gærkvöldi ekki sagt með vissu hvort hún hefði farið víðar, en taldi það ólíklegt.

Skýrslan kom aldrei í fjármálaráðuneytið, hvorki í apríl né síðar, að sögn Sigmundar G. Sigurgeirssonar, ráðgjafa fjármálaráðherra. Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, segir hana heldur aldrei hafa komið í sitt ráðuneyti.

Rætt hefur verið um skýrsluna síðan í október, þegar Buiter upplýsti um hana og að hann hefði verið beðinn að þegja yfir henni.

Í blaðinu í gær mátti sjá að Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri kynntist efni skýrslunnar ekki fyrr en í júlí á kynningarfundi Landsbankans með Buiter og Silbert. Hann sagði einnig að Seðlabankinn hefði þá ekki haft neitt á móti því að hún yrði birt og Buiter hefur staðfest þau orð við Fréttablaðið.

Þeir Sigmundur og Jón Þór sátu einnig þennan kynningarfund. Yfirskrift hans var „Íslenska bankakrísan og hvernig skal bregðast við henni“. Hvorugur þeirra telur að neitt sérstaklega nýtt hafi komið fram á fundinum. Ingimundur hefur sagt það sama.

Helst hafi verið rætt að mesti vandi bankakerfisins væri stærð þess og að auka þyrfti gjaldeyrisvaraforða, segir Sigmundur. „Á engan hátt var það upplifun [mín] að þarna væru á ferð nýjar upplýsingar eða nýjar viðvaranir umfram það sem hafði verið í umræðunni [...] mánuðina á undan,“ segir hann.

Jón Þór segir sömuleiðis að efni fundarins hafi að mörgu leyti verið kunnuglegt. „Helsta ráðleggingin var að sækja um aðild að Evrópusambandinu og að auka gjaldeyrisvaraforðann. [...] Ég man ekki til þess að þau hafi lagt sérstaklega til að við leituðum til AGS, en það var nefnt sem ein leið af mörgum,“ segir hann.

Í Seðlabanka og forsætisráðuneyti fengust þessar upplýsingar ekki staðfestar, en verið er að kanna málið. **klemens@frettabladid.is**

**SÁTU KYNNINGUNA** Willem Buiter, höfundur skýrslunnar, Björn Rúnar Guðmundsson, fyrrum forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, og Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskipta- og bankamálaráðherra.



Náttúrustofa Austurlands:

## Ekið yfir sífellt fleiri hreindýr

**SLYS Aldrei hefur verið ekið yfir jafn mörg hreindýr hér á landi á einu ári og síðastliðið ár en þau voru alls 31 talsins. „Árið þar áður voru þau reyndar 30 en það skekkir myndina nokkuð að þá fóru 13 dýr í einu tilteknu slysi,“ segir Skarphéðinn G. Þórisson, sérfræðingur hjá Náttúrustofu Austurlands.**

**Flest þessara slysa verða á Kárahnjúkavegi en síðan hann var lagður árið 2002 hafa 36 hreindýr orðið fyrir bíl á þeim vegi. Skarphéðinn segir vonir standa til þess að Vegagerðin muni uppfæra á heimasíðu sinni upplýsingar um það hvort hreindýr séu á ferð nálægt vegum sem gerist nokkuð oft. Slíkar upplýsingar yrði þá hægt að nálgast með svipuðu móti og upplýsingar um færð.** **- jse**

Íbúðalán bankanna:

## Fengu leyfi til að ræða saman

**EFNAHAGSMÁL** Bankarnir óskuðu eftir leyfi Samkeppniseftirlitsins í haust til að ræða saman um aðgerðir til að koma til móts við fjölskyldur og fyrirtæki sem eiga í vandræðum með afborganir lána sinna. „Það var leyft að bera saman bækur sínar,“ segir Finnur Sveinbjörnsson, forstjóri Nýja Kaupþings.

Heimilin eru skuldsett og vanskil í bankakerfinu að aukast, sérstaklega hafa íbúðalán í erlendri mynt reynst þungur baggi.

„Allir reyna að finna réttláta og sanngjarna lausn. Skuldirnar gufa ekkert upp við það að Íbúðalánasjóður taki lánin yfir. Það þarf að átta sig á því hvernig best er að gera þetta óháð því hver lánveitandinn er,“ segir Finnur.

Enginn tímarammi liggur fyrir en Finnur er bjartsýnn á að lausn finnist. **- ghs**






Breskar sveitarstjórnir fóru illa út úr ráðgjafafyrirtæki Michaels Spencer.:

# Lögðu inn á Icesave eftir ráðgjöf frá fjármálastjóra breska Íhaldsflokksins

**BRETLAND** Nærri helmingur þeirra bresku sveitarstjórna sem tapað hafa fé á íslenska bankahruninu hafði fengið fjármálaráðgjöf hjá ráðgjafarfyrirtæki Michaels Spencer, en hann er fjármálastjóri breska Íhaldsflokksins.

Frá þessu var skýrt í breska dagblaðinu Independent og fleiri breskum fjölmiðlum í gær.

Alls töpuðu 116 sveitarstjórnir í Bretlandi sparifé sem lagt hafði verið inn á Icesave-reikninga Landsbankans. Af þessum 116 sveitarstjórnum hafði 51 fengið ráðgjöf hjá fyrirtækinu Butlers, sem er í eigu Michaels Spencer. Tap þessara sveitarstjórna er metið samtals á 470 milljónir punda, sem nú samsvarar um það bil 86 milljörðum króna.

Samkvæmt rannsóknum dagblaðsins Independent töpuðu 35 prósent þeirra sveitarstjórna, sem höfðu þegið ráðgjöf hjá Butlers, fé sínu í Icesave, en einungis fimm prósent þeirra sveitarstjórna, sem höfðu samið um ráðgjöf við önnur fyrirtæki. Ráðgjafarfyrirtækið hafði það hlutverk að fylgjast grannt með íslensku bönkunum, en varaði sveitarstjórnirnar ekki við neinu fyrr en 30. september, daginn sem íslenska ríkið tilkynnti að það hygðist taka yfir rekstur Glitnis. **- gb**



**LANDSBANKINN** Ráðgjöf Michaels Spencer reyndist breskum sveitarstjórnum dýrkeypt. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


Aðeins hjá Símanum
Netvarinn fylgir án aukagjalds!
Öruggara Internet fyrir börn
Með Netvaranum fær heimilið öflugt tæki til að útiloka óæskilegt efni á netinu og koma þannig í veg fyrir að börn og unglingar villist þangað sem þau eiga alls ekki erindi. Netvarinn virkar beint á nettenginguna og þar með allar tölvur sem tengjast henni. Hann fylgir án aukagjalds og það eina sem viðskiptavinir Símans þurfa að gera er að virkja hann á siminn.is eða í síma 800 7000.
800 7000 • siminn.is
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp
Svona tengir þú Netvarann:
Þú setur Netvarann í gang með fáeinum músarsmellum á siminn.is eða með einu símtali í 800 7000. Að því loknu er nettenging heimilisins varin gegn óæskilegu efni á Internetinu.
Í samstarfi við SAFT

**GENGIÐ 19.01.2009**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,78 | 127,38 |
| Sterlingspund | 186,16 | 187,06 |
| Evra | 168,19 | 169,13 |
| Dönsk króna | 22,571 | 22,703 |
| Norsk króna | 18,466 | 18,574 |
| Sænsk króna | 15,667 | 15,759 |
| Japanskt jen | 1,3981 | 1,4063 |
| SDR | 191,55 | 192,69 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,9797

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Öllu starfsfólki Habitat og Saltfélagsins hefur verið sagt upp störfum:

# Báðar búðir undir sama þak

**VIÐSKIPTI** Húsgagnaverslanirnar Saltfélagið og Habitat verða að öllum líkindum sameinaðar. Verslanirnar eru báðar í eigu Pennans.

Öllu starfsfólki beggja félaga hefur verið sagt upp á undanförnum þremur mánuðum. Starfsfólk er enn að vinna sinn uppsagnarfrest. Verður hluti þess endurráðinn þegar ákvörðun verður tekin um framtíð fyrirtækjanna.

Ýmsar útfærslur munu vera til skoðunar á sameiningu Saltfélagsins og Habitat, samkvæmt heimildum Fréttablaðins. Meðal annars að bæði félög verði í Holtagörðum, þar sem Habitat er til húsa, eða að flytja Habitat í húsnæði Saltfélagsins á Grandagarði. Meðal annars eiga sér nú stað samningaviðræður við leigusala. Málið á að skýrast á næstu vikum, eftir að útsölum lýkur. Velta í húsgagnaverslun hefur minnkað verulega á undanförnum mánuðum. Í desember minnkaði velta í húsgagnaverslun um 51,3 prósent á föstu verðlagi, samkvæmt Rannsóknarsetri verslunarinnar.




**SALTFÉLAGIÐ** Að öllum líkindum verða húsgagnaverslanirnar Habitat og Saltfélagið sameinaðar.

Auk Saltfélagsins og Habitat á Penninn meðal annars bókabúðir Máls og menningar og Eymundsson, hlut í Te og kaffi og Stubbasmiðjuna.

Þá á Penninn húsgagnafyrirtækið Coppa í Lettlandi, rekstrarvörukeðjuna Office Day, í Finnlandi, Eistlandi, Lettlandi og Litháen, og kaffihúsakeðjuna Insomnia á Írlandi. **- hhs**

Fyrirlestraröð sagnfræðinga:

# Hetjudáð eða hermdarverk?

**SAGNFRÆÐI Hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands hefur aftur göngu sína í dag eftir hlé yfir hátíðarnar. Yfirskrift fyrirlestraraðarinnar eftir áramót er „Hvað er andóf?“ Munu fræðimenn á sviði sagnfræði, lögfræði og heimspeki velta þessari spurningu fyrir sér fram á vor.**

**Kjartan Ólafsson, fyrrverandi ritstjóri Þjóðviljans, ríður á vaðið í dag með fyrirlestri sem nefnist „Hetjudáð eða hermdarverk?“**

**Fyrirlesturinn hefst klukkan 12.05 í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn. - bs**



**ALÞINGI** Fundum Alþingis var frestað 22. desember síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Alþingi kemur saman í dag:

# Þingfundir að loknu jólaleyfi

**ALÞINGI** Alþingi kemur saman að nýju í dag eftir jólaleyfi þingmanna sem hófst þegar þingi var frestað, 22. desember síðastliðinn.

Þingfundur hefst klukkan 13.30 með óundirbúnum fyrirspurnatíma sem forsætisráðherra, menntamálaráðherra, fjármálaráðherra, umhverfisráðherra og viðskiptaráðherra verða viðstaddir.

Önnur mál á dagskrá þingsins eru meðal annars frumvarp félags- og tryggingamálaráðherra um greiðslur til líffæragjafa og frumvarp um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks. **- ovd**

## LEIÐRÉTTINGAR

Kynningarfundur um hönnunarsamkeppni Kraums, Listasafns Reykjavíkur og Hönnunarmiðstöðvar verður haldinn miðvikudaginn 21. janúar klukkan 12 í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.

Einar Skúlason var ranglega sagður framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins í blaðinu í gær en hann er skrifstofustjóri þingflokks Framsóknarflokksins. Framkvæmdastjóri er Sigfús Ingi Sigfússon.

# Fáránlegt að skera niður sjúkraflutninga

**Frá áramótum er aðeins einn sjúkraflutningamaður á vakt í Langanesbyggð þótt tvo menn þurfi á hvern sjúkrabíl. Oddviti sveitarfélagsins segir fáránlegt að þurfa að treysta á að einhver hæfur geti komist með í útköll.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við lítum þetta mjög alvarlegum augum og teljum þetta skerðingu á grunnþjónustu sem ekki má minnka frá því sem fyrir er,“ segir Siggeir Stefánsson, oddviti sveitarstjórnar Langanesbyggðar, um skerta þjónustu á svæði heilsugæslunnar á Þórshöfn.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar lýsir í bókun sinni áhyggjum af stefnu í rekstri Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga en heilbrigðisþjónusta í Langanesbyggð heyrir undir þá stofnun. Í bókuninni segir hreppsnefndin niðurfellingu bakvaktar sjúkraflutningamanna, frá og með síðustu áramótum, nýlegt dæmi um skerta þjónustu á svæði heilsugæslunnar. Þá skorar hreppsnefndin á yfirstjórn Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga að taka þá ákvörðun þegar til endurskoðunar.



**SIGGEIR STEFÁNSSON**

Íbúar í Langanesbyggð voru 511 talsins 1. desember síðastliðinn og hafði þeim þá fjölgað um 32 á einu ári. Siggeir segir tvo menn hafa séð um sjúkraflutninga enda þurfi tvo menn á hvern sjúkrabíl.

„Okkur finnst þetta náttúrulega algerlega fáránlegt því þessi bíll er búinn að bjarga mörgum mannslífum,“ segir Siggeir.

Á Þórshöfn er heilsugæslustöð og þar starfa einn læknir og einn hjúkrunarfræðingur. Þurfi sjúklingar á frekari læknisþjónustu að halda þurfa þeir að fara um 200 kílómetra leið til Húsavíkur eða um 300 kílómetra til Akureyrar. Siggeir segir því ljóst að um langan veg sé að fara, ekki síst í ljósi þess að oft liggi líf við.



**FRÁ BAKKAFIRÐI** Byggðalögin á Þórshöfn og Bakkafirði tilheyra sveitarfélaginu Langanesbyggð sem nær yfir 1.332 ferkílómetra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hreppsnefndin fundaði með stjórn Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga í síðustu viku þar sem sjónarmiðum hreppsnefndarmanna var komið á framfæri. Siggeir segir enga sérstaka niðurstöðu af fundinum, aðra en þá að menn ætli sér að skoða málið.

Í dag er því aðeins einn sjúkraflutningamaður á vakt í Langanesbyggð og þarf hann að treysta á að einhver geti komist með honum í útköll. „Það er þá happa og glappa hvort einhver hæfur getur komist með honum í útköll,“ segir Siggeir og bætir við að svo geti farið að allir hæfir menn séu í burtu þegar á þarf að halda.

Hann segir alla þjónustu nú þegar í lágmarki. „Hér er einn læknir og einn hjúkrunarfræðingur og það er ekki hægt að spara meira. Við viljum bara hafa þessa hluti í lagi því þetta eru ekki réttu störfin til að skera niður,“ segir Siggeir. **olav@frettabladid.is**



**FORSÆTISRÁÐHERRAR RÚSSLANDS OG ÚKRAÍNU** Júlía Tímosjenko og Vladimír Pútín. NORDICPHOTO/AFP

Gasdeilunni líklega lokið:

# Samningurinn undirritaður

**RÚSSLAND, AP** Forsætisráðherrar Rússlands og Úkraínu, þau Vladimír Pútín og Júlía Tímosjenko, fylgdust í gær með undirritun samnings um lausn á gasdeilunni, sem hefur orðið til þess að íbúar víða í Evrópu hafa ekki fengið gas til húshitunar.

Samninginn undirrituðu forstjórar gasfyrirtækjanna Gazprom, frá Rússlandi, og Naftogaz, frá Úkraínu. **- gb**

Myndagáta Fréttablaðsins:

# Vinningshafar verðlaunagátu

**GETRAUN Dregið hefur verið úr réttum lausnum í verðlaunamyndagátu Fréttablaðsins sem birt var í blaðinu á gamlársdag. Verðlaunahafar eru þrír: Lilja Sólveig Kristjánsdóttir, Anna Sjöfn Sigurðardóttir og Sif Bjarnadóttir og hljóta þær allar gjafakort fyrir tvo í Þjóðleikhúsið. Mörg hundruð svör bárust og þakkar Fréttablaðið öllum sem sendu svar fyrir þátttökuna.**

**Rétt lausn gátunnar var eftirfarandi:**

**Íbúar Reykjavíkur fengu að kynnast hráskinnaleik stjórnmálamanna í Ráðhúsinu (en) norðanmenn sáu andarnefjur á Pollinum og jörð(in) skalf á Suðurlandi. Margs er að minnast frá þessu ári er kveður okkur.**


# BRIDS SKÓLINN




*Byrjendur* ... 26. janúar ... tíu mánudagar frá 20-23
*Framhald* ... 28. janúar ... átta miðvikudagar frá 20-23

- Bridsskólinn býður jafnaðarlega upp á **námskeið fyrir byrjendur** og fjölbreytt **framhaldsnámskeið** fyrir þá sem vilja auka kunnáttuna. Framhaldið er nú með nýju sniði, þar sem höfuðáherslan er á spilamennsku.
- Námskeið skólans eru haldin í húsnæði Bridssambands Íslands, **Síðumúla 37** í Reykjavík.
- Hægt er að mæta **stakur**, í pari eða í hóp.
- Mörg stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna.
- Sjá ennfremur á Netinu undir **bridge.is**/fræðsla.

Uppl. og innritun í síma **898-5427** frá 13-18 daglega.


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**ÁFRAM RYSJÓTT TÍÐARFAR**
Þennan daginn má víða búast við einhverri úrkomu, yfirleitt rigningu eða slyddu en úrkomulítið verður lengst af suðvestanlands. Núna með morgninum er úrkomuloft yfir norðaustanverðu landinu sem gengur til vesturs og í kjölfar þess styttir upp þar um slóðir. Það gæti gerst mjög nálægt hádegi. Á Vestfjörðum verður slydda eða snjókoma.



**Á MORGUN**
5-13 m/s, hvassast vestast á Vestfjörðum.

**FIMMTUDAGUR**
8-18 m/s, hvassast á annesjum sunnan og vestan til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Amsterdam | 6° |
| Basel | 1° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 4° |
| Eindhoven | 5° |
| Frankfurt | 3° |
| Friedrichshafen | 0° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 6° |
| New York | -2° |
| Orlando | 12° |
| Osló | 0° |
| París | 6° |
| Róm | 13° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

www.bnb.is www.toyota.is

# + 2 SÆTI

## SÉRVALDIR BNB BÍLAR MEÐ TVEIMUR AUKASÆTUM TIL EVRÓPU



Með völdum bílum fylgja tveir flugmiðar* til einhvers af áfangastöðum Icelandair í Evrópu - að eigin vali.

* Flugvallarskattar ekki innifaldir.

Kíktu á bnb.is og skoðaðu alla bílana sem geta komið þér til Evrópu.

ÚRVALSBÍLL



**Audi Q7**
4200 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 54.000 km
Verð: 8.990.000 kr. Skr.nr. LK-622
Betra verð 6.990.000 kr.

GÆÐABÍLL



**Porsche Cayenne S**
4500 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 04.05 Ekinn: 50.000 km
Verð: 6.990.000 kr. Skr.nr. ZU-234
Betra verð 5.590.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Auris Terra**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 39.000 km
Verð: 1.950.000 kr. Skr.nr. DJ-892
Betra verð 1.710.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



**Lexus RX300 EXE**
3000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 04.05 Ekinn: 64.000 km
Verð: 4.850.000 kr. Skr.nr. SF-721
Betra verð 4.190.000 kr.

GÆÐABÍLL



**Toyota Avensis W/G**
1800 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.05 Ekinn: 196.000 km
Verð: 1.670.000 kr. Skr.nr. NH-396
Betra verð 1.390.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Corolla S/D**
1400 Bensín
Á götuna: 03.07 Ekinn: 43.000 km
Verð: 1.950.000 kr. Skr.nr. KZ-922
Betra verð 1.730.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Land Cruiser 100**
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 01.06 Ekinn: 60.000 km
Verð: 6.550.000 kr. Skr.nr. JL-077
Betra verð 5.990.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Yaris Sol**
1300 Bensín MM skipting
Á götuna: 05.07 Ekinn: 50.000 km
Verð: 1.730.000 kr. Skr.nr. RE-651
Betra verð 1.530.000 kr.

**Hvað er Úrvalsbíll?**
Er í verksmiðjuábyrgð.
12 mánaða viðbótarábyrgð.

**Hvað er Gæðabíll?**
Er ekki í verksmiðjuábyrgð.
3 mánaða viðbótarábyrgð.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

| Toyota Kópavogi | NÝTT ÚTIBÚ Betri Notaðir Bílar | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Kletthálsi 2 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 570-5220 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 44784 01.2009

Willem H. Buiter um lánavandkvæði Seðlabanka Íslands fyrir bankahrunið:

# Viðvörunarbjöllur hringdu

**EFNAHAGSMÁL** „Ekkert annað land komst upp með að byggja upp „öfugan píramída“ af þessari stærðargráðu,“ segir hollensk-breski hagfræðingurinn Willem H. Buiter um hinn hraða vöxt íslensku bankanna; viðvörunarbjöllur hafi því vafalaust víða verið farnar að hringja, þótt hann geti ekki fullyrt um að lánalínubeiðnum Seðlabanka Íslands á síðasta ári skyldi hafa verið hafnað þess vegna.



WILLEM H. BUITER

Seðlabanki Íslands leitaði eftir gjaldeyrisskiptasamningum hjá seðlabönkum ýmissa landa framan af árinu 2008 en þeim beiðnum var hafnað. Spurður hvort hann teldi skýringa á þessum neikvæðu viðbrögðum að leita til þess að hinir seðlabankarnir hefðu þá þegar verið komnir að sömu niðurstöðu og þau Buiter og Sibert í umtalaðri skýrslu sinni um að hætta væri á hruni íslenska fjármálakerfisins, segir Buiter það vel geta verið.

Það væri þó ekki einhlítt; til að mynda hefðu slíkar áhyggjur varla borist mönnum til eyrna í hollenska seðlabankanum, sem einnig fer með fjármálaeftirlit þar í landi, en svo seint sem vorið 2008 heimilaði hann Landsbankanum að stofna Icesave-netreikningaútibú.

Buiter segir þetta sýna annan vanda, sem sé skortur á að seðlabankar, jafnvel innan evrusvæðisins, skiptist sem skyldi á upplýsingum. Að ráða bót á þessu verði hluti af þeirri allsherjarendurskoðun á öllu eftirliti með hinu hnattvædda fjármálakerfi Evrópu og heimsins alls, sem nú sé hafin. - aa

Mikilvæg atriði móðurmáls:

## Málþing um íslenskt mál

**MENNTUN** Íslenskt mál og íslensk málstefna er yfirskrift málþings sem Rannsóknarstofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu boðar til í dag.

Málþingið er það fyrsta af þremur á vormisseri og er ætlunin að ígrunda mikilvæg atriði sem tengjast móðurmáli og kennslustefnu. Málþingið fer fram milli klukkan 15 og 16.30 í Skriðu, húsnæði menntavísindasviðs Háskóla Íslands í Stakkahlíð.

Málþingið er öllum opið og á, samkvæmt tilkynningu, erindi við alla þá sem láta sig íslenska tungu varða. - ovd

# Forystuskipti eru forsenda trúverðugleika

**Höfundur svartrar skýrslu um íslenska bankakerfið sem samin var síðastliðið vor en ekki birt, talaði í gær tæpitungulaust um ástæður hrunsins og hvað hann teldi nauðsynlegt að Íslendingar gerðu til að koma efnahagslífinu aftur á réttan kjöl.**

**EFNAHAGSMÁL** Trúverðugleiki íslensks fjármála- og efnahagskerfis erlendis verður ekki endurreistur fyrr en skipt hefur verið um æðstu stjórnendur peninga- og efnahagsmála landsins, og stefnan sett á að ganga í Evrópusambandið og evrópska myntbandalagið. Þetta sagði hollensk-breski hagfræðiprófessorinn Willem H. Buiter í opnum fyrirlestri í Háskóla Íslands í gær, en Buiter er, ásamt Anne Sibert, höfundur umtalaðrar skýrslu um veikleika íslenska fjármálakerfisins, sem unnin var fyrir Landsbankann vorið 2008 en ekki birt opinberlega fyrr en eftir að kerfið hrundi í október.

Buiter hefur gegnt stöðu prófessors í hagfræði við háskólana í Princeton, Yale og Cambridge, verið aðalhagfræðingur evrópska þróunarbankans EBRD í Lundúnum og setið í vaxtaákvörðunarnefnd Englandsbanka. Í fyrirlestrinum í gær sagði Buiter sig lengi hafa verið áhugasaman um Ísland. Einmitt vegna þess hve mjög hann bæri hag lands og þjóðar fyrir brjósti kysi hann að tala tæpitungulaust um vandamálin sem við Íslendingum blöstu.

Um ástæður hrunsins sagði hann að bankarnir hefðu vaxið íslensku efnahagslífi algerlega yfir höfuð. Seðlabanki Íslands hefði aldrei með trúverðugum hætti getað verið lánveitandi til þrautavara fyrir þessa ofvöxnu banka, sem störfuðu að mestu með aðrar myntir en þá einu sem íslenski seðlabankinn hafði peningaprentunarvald yfir. Því hafi hrunið verið óumflýjanlegt; það hafi aðeins verið spurning um hvenær að því kæmi. Alþjóðlega lánsfjárkreppan reyndist verða kveikjan að því þegar til kom, en rekstur bankanna hefði líka án hennar komist í þrot fyrr en síðar, á því teldi hann ekki nokkurn vafa.



**ENGIN TÆPITUNGA** Buiter tjáði troðfullum hátíðarsal HÍ að Seðlabanki Íslands væri „algerlega rúinn trausti“ á alþjóðavettvangi. Eina trúverðuga leiðin til endurreisnar íslensks fjármálalífs væri að ganga í ESB og myntbandalagið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Buiter sagði þessa þróun hafa opinberað „hrikaleg mistök“ í stefnumótun peninga- og efnahagsmála hér á landi.

Það væri því „óskiljanlegt“ að þeir sem höfuðábyrgðina bæru á stjórnun þessara mála – hann nefndi í því sambandi sérstaklega bankastjóra Seðlabanka Íslands, forsætis- og fjármálaráðherra – sætu enn sem fastast. Það sé einfaldlega útilokað að byggja upp trúverðugleika og traust á endurreisn uppbyggingu fjármála- og efnahagskerfis Íslands nema þeir stjórnendur víki sem leyfðu fjármálakerfinu svo til eftirlits- og hömlulaust að þróast á þennan óheillavænlega veg.

Buiter benti á að trúverðugleiki á endurreisnarstarfinu hefði bein áhrif á kjörin á þeim lánum sem Íslendingum á annað borð stæðu til boða. Í ljósi þess hve gríðarháar upphæðir munu á næstu árum fara í að þjónusta hina erlendu skuldabyrði skipti það máli, og trúverðugleiki þannig að spara þjóðarbúinu stórfé. audunn@frettabladid.is

Hátíðarstemning í Washington vegna innsetningarathafnar Obama:

# Búist við milljónum gesta

**BANDARÍKIN, AP** Sannkölluð hátíðarstemning er í höfuðborg Bandaríkjanna, nú þegar Barack Obama tekur við forsetaembættinu af George W. Bush.

Búist er við því að meira en tvær milljónir manna komi saman í Washington til að fylgjast með innsetningarathöfninni, sem haldin verður fyrir utan þinghúsið. Þúsundir lögreglumanna og hermanna gæta þess að allt fari friðsamlega fram og hefur fjölmörgum götum borgarinnar verið lokað fyrir umferð. Búist er við löngum biðröðum við varðstöðvar lögreglunnar, sem fólk þarf að fara í gegnum áður en það kemst inn á hátíðarsvæðið.

Mikil bjartsýni virðist liggja í loftinu og væntingarnar til Obama eru miklar, þrátt fyrir að Bandaríkin gangi nú í gegnum eina verstu efnahagskreppu sögunnar og eigi þess utan í erfiðum stríðsátökum í Írak og Afganistan.

Hátíðarhöldin hófust reyndar strax á sunnudaginn með heljarmiklum tónleikum við minnismerki Abrahams Lincoln í Washington. Í gær var svo hinn árlegi minningardagur um Martin Luther King haldinn hátíðlegur í Bandaríkjunum.



**OBAMA OG BIDEN ÁSAMT EIGINKONUM SÍNUM** Við minnismerkið um Abraham Lincoln, þar sem Martin Luther King flutti hina frægu ræðu um draum sinn fyrir 45 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Strax á morgun hefst fyrsti vinnudagur nýja forsetans, sem ætlar reyndar að nota daginn meðal annars til bænahalds og í gestamóttöku í Hvíta húsinu. - gb

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú fylgjandi auknum þorskkvóta?*

| | |
|---|---|
| Já | 68,1% |
| Nei | 31,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú að stjórnarskiptin í Framsóknarflokknum breyti miklu um framtíð flokksins?*

Segðu þína skoðun á vísir.is vísir


Nýi Freemans listinn er kominn!

Aldrei verið glæsilegri
Listinn er til í verslunum Office 1
eða pantið listann í
S: 565-3900
og á netinu
www.freemans.is




ERUM VIÐ SÍMANN NÚNA

VINSÆLAST!

JANÚAR TILBOÐ
á öllum 204 stk. pakkningum!




Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið var reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

SKIPHOLTS APÓTEK
Skipholti 50b • 105 Reykjavík

betri kaup

-það hagkvæmasta sem við bjóðum í prentun

Bréfsefni
1000stk 32.040kr*



LÆGRA VERÐ - SÖMU GÆÐI

Vörulýsing: 90g skrifpappír prentaður annars vegar í fullum lit. Vinnslutími er alltaf 4 virkir dagar. Frá þriðjudegi til föstudags og svo föstudegi til miðvikudags. Skila þarf gögnum til Odda fyrir kl. 12:00 á skiladegi og þarf prófórk að vera samþykkt fyrir kl. 14:00 sama dag. Varan er tilbúin á afgreiðslulager Odda að Höfðabakka 7. *Verð er gefið upp án 24,5% vsk. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Prentsmiðjan Oddi ehf., Höfðabakka 3-7, 110 Reykjavík
sími 515 5000, www.oddi.is

ODDI

# 50%

## afsláttur af öllum vörum




BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

FINUCCI
collezione

gardeur

bugatti

MABRUN

TINO COSMA

PAL ZILERI

LLOYD

POLO RALPH LAUREN



B&S
KONUR

B&S Kringlunni | 553 4141

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

HUGO BOSS

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hver varð fyrir valinu leikskáld ársins 2009 hjá Borgarleikhúsinu?
2. Hversu gamall er nýkjörinn formaður Framsóknarflokksins?
3. Með hvaða farartæki kom nýkjörinn Bandaríkjaforseti til Washington á laugardaginn?

SJÁ SVÖR Á SÍÐU26

Undirbúa kröfur á hendur ríkinu vegna ályktunar mannréttindanefndar SÞ:

# Fara í mál hafni ríkið kröfum

**SJÁVARÚTVEGUR** „Við erum að undirbúa okkar kröfur um bætur sem við ætlum að senda sjávarútvegsráðherra og forsætisráðherra líklegast í þessum mánuði,“ segir Örn Snævar Sveinsson sem fór með mál sitt fyrir mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna sem ályktaði honum og Erlingi Sveini Haraldssyni í vil gegn ríkinu 24. október 2007.

Sjávarútvegsráðherra svaraði álitinu 9. júní síðastliðinn en þeim Erni Snævari og Erlendi Sveini þykja lítið til þeirra svara koma. „Það er alveg ljóst að þeir ætla ekkert að gera svo við förum þessa leið. Við búumst við því að þeir muni taka sinn tíma til að svara kröfum okkar en hafna þeim svo. Þá munum við stefna ríkinu fyrir héraðsdóm,“ segir Örn.



**ÖRN SNÆVAR SVEINSSON** Örn segir baráttu þeirra Erlings Sveins hvergi nærri lokið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Mér þykir nú nokkuð hjákátlegt þegar íslenska ríkið er að velta vöngum yfir því að fara með mál sitt gegn breska ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Hvað vilja þeir með það ef þeir taka nú ekki einu sinni mark á því sjálfir sem Sameinuðu þjóðirnar álykta í þessum efnum?“

Þeir Örn Snævar og Erlingur Sveinn voru dæmdir fyrir að veiða kvótalausir. Í sumar fóru þeir fram á að mál þeirra yrði tekið upp aftur í Hæstarétti vegna ályktunarinnar en Hæstiréttur synjaði beiðninni. **- jse**

Sporðaköst ómuðu í Eyjum:

# Síld fyllir höfn Vestmannaeyja

**VESTMANNAEYJAR** Höfnin í Vestmannaeyjum fylltist af síld í gærmorgun í annað skiptið á tæpum mánuði.

Svo mikið magn var af síld að hana mátti bæði sjá og heyra að sögn Kristjáns Eggertssonar hafnarvarðar. „Síldin sást vel í yfirborðinu og svo sporðaköst sem framkölluðu nokkurs konar vatnsnið.“

Í desemberlok fylltist höfnin af síld og við sýnatöku greindist sýking í helmingi tilvika að sögn Vals Bogasonar, útibússtjóra Hafrannsóknastofnunar í Vestmannaeyjum. Bjóst hann við að tekið yrði sýni á ný. **- sdg**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Brot í Hvalfjarðargöngum

Brot 89 ökumanna voru mynduð í Hvalfjarðargöngum frá fimmtudegi til mánudags. Alls fóru 8.590 ökutæki um göngin á þeim tíma. Meðalhraði hinna brotlegu var 84 kílómetrar á klukkustund en í göngunum er 70 kílómetra hámarkshraði.

### Fimm bíla árekstur

Fimm bíla árekstur varð í Ártúnsbrekkunni á milli átta og níu í gærmorgun. Rákust bílarnir hver aftan á annan. Fjarlægja þurfti einn bílanna með kranabíl og urðu nokkrar tafir í kjölfar, allt að ein klukkustund. Enginn slasaðist alvarlega í árekstrinum. Töluverð hálka var í brekkunni þegar áreksturinn varð.

Framkvæmdir við höfnina:

# Enn ríkir óvissa um tónlistarhúsið



**Í FRAMTÍÐINNI** Þrátt fyrir samningaviðræður í á þriðja mánuð hefur ekki fengist lausn á málum tónlistarhússins. MYND/PORTUS

**FRAMKVÆMDIR** Enn er óljóst hver afdrif tónlistarhússins við Reykjavíkurhöfn verða. Framkvæmdir við húsið voru stöðvaðar um áramótin. Í á þriðja mánuð hafa samningaviðræður átt sér stað milli Gamla og Nýja Landsbankans, Austurhafnar, félags ríkis og borgar, ÍAV, stærsta verktakans, og annarra sem að verkinu koma.

Íslenskir aðalverktakar eiga útistandandi átta hundruð milljónir króna vegna verksins.

Vonast er til þess að úr málinu leysist á næstu dögum. **- hhs**



**Í RÚSTUM HEIMILIS SÍNS** Palestínsk fjölskylda hefur misst heimili sitt og þarf nú að takast á við daglegt líf á Gasasvæðinu eftir að árásum Ísraela er lokið. NORDICPHOTOS/AFP

Eyðileggingin á Gasa metin í kjölfar árása:

# Ísraelar ætla frá Gasa í dag

**PALESTÍNA, AP** „Fólk er svo sannarlega ánægt að sjá okkur,“ sagði Ahmed, einn af lögreglumönnum Hamas-hreyfingarinnar, sem nú eru komnir aftur út á götur Gasaborgar eftir þriggja vikna stanslausar árásir Ísraelsmanna.

Auk lögreglumanna eru borgaralegir starfsmenn Hamas byrjaðir að ferðast um Gasasvæðið til að meta skemmdirnar sem Ísraelar hafa valdið. Víða á svæðinu eru íbúðarhús jafnt sem opinberar byggingar orðnar rústir einar. Erfitt er að komast í mat og aðrar nauðsynjar.

Þriggja vikna árásir Ísraela kostuðu að minnsta kosti 1.259 Palestínumenn á Gasasvæðinu lífið, auk þess sem meira en fimm þúsund manns særðust. Palestínumenn, mannréttindasamtök og Sameinuðu þjóðirnar fullyrða að um það bil helmingur hinna föllnu hafi verið almennir borgarar, þar af hundruð á barnsaldri.

Hamashreyfingin sagði í gær að hún hefði einungis misst 48 af stríðsmönnum sínum, en að auki hafi hreyfingin misst 165 lögreglumenn. Önnur herská samtök á Gasasvæðinu segjast hafa misst 104 af sínum mönnum.

Ísraelar sögðust í gær vonast til þess að herinn yrði farinn frá Gasasvæðinu áður en Barack Obama verður settur í embætti forseta Bandaríkjanna síðdegis í dag – svo fremi sem sprengjuflaugarnar fari ekki að fljúga yfir landamærin til Ísraels á ný. **- gb**




Glæsilegur veislusalur



Vorum að opna nýjan og glæsilegan 100 manna veislusal að Skarfagörðum 8, 104 Reykjavík.

Salurinn rúmar 100 manns í sæti og 150 manns í standandi boði. Stórir og fallegir gluggar. Útsýni til Viðeyjar og yfir sundin blá. Næg bílastæði.

fermingar
afmæli
móttökur
brúðkaup
starfsmannafundir
vörukynningar
útskriftarveislur
hópefli

Við verðum með opið hús í dag frá kl. 17 til 19. Komdu og skoðaðu salinn.

Nánari upplýsingar í síma 894 1718 og á vefsíðunni www.skarfurinn.is


Þriðjudagstilboð
20%
afsláttur
af yfirhöfnum
í eftirtöldum merkjum
fyrir dömuna:
Designer remix
Gerry Weber
Esprit
Taifun
Part Two
Mexx
Collection
Casual Club
Maine
B Young
Betty Jackson
John Rocha
Red herring
JJeans
ATH! ÞESSI TILBOÐ GILDA
MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM
Flott bóndadagstilboð
20% afsláttur af öllum bindum,
nærbuxum og yfirhöfnum
í dag og á morgun
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

FRÉTTASKÝRING: ESB og sjávarútvegur — 4. hluti

# Tækifæri fylgja stöðugleika

Samherji hf. hefur um árabil starfað við sjávarútveg innan Evrópusambandsins. Erlend starfsemi nemur 70 prósentum af umsvifum fyrirtækisins. Starfsmenn fyrirtækisins þekkja af eigin raun þá kosti og galla sem fylgja fiskveiðistjórnunarkerfi ESB.

Samherji hf. hefur tekið þátt í sjávarútvegi utan Íslands frá árinu 1994, eitt sér eða í samstarfi með öðrum. Samherji á hlut í og tekur virkan þátt í rekstri nokkurra útvegs- og fiskvinnslufyrirtækja í þremur aðildarríkjum Evrópusambandsins og með kaupum á erlendri starfsemi Sjólaskipa, sem nú heitir Katla Seafood, árið 2007, teygir erlend útgerð sig einnig til stranda Afríku. Um 70 prósent af heildarstarfsemi Samherja er erlendis. Fyrirtækin hafa aðgang að um 30 þúsund tonnum af bolfiski á þessu ári.

Með þátttöku sinni í sjávarútvegi innan ESB hefur Samherji aflað sér mikillar þekkingar. Fullyrt er að starfsumhverfið sé að mörgu leyti mjög jákvætt. Íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja, í krafti yfirburða sem greinin hefur á heimsvísu, bíður fjöldi tækifæra í Evrópu og víðar.

### Ellefu ára reynsla

Haraldur Grétarsson, framkvæmdastjóri Deutsche Fishfang Union, dótturfélags Samherja í Þýskalandi (DFFU), hefur stýrt útgerð innan ESB í ellefu ár. Hann segir margt afar jákvætt við fiskstjórnunarkerfið innan ESB þótt það sé ekki algilt. „Auðvitað koma upp vandamál hér eins og annars staðar og árlegum samningum innan ESB fylgir skrifræði. En ég held að þetta eigi líka við um Ísland.“ Haraldur segir að ESB gæti lært margt af Íslendingum, til dæmis ef horft er til starfa Fiskistofu með birtingu upplýsinga á netinu. „Það er til fyrirmyndar hvað allt er gegnsætt. Það væri hægt að bæta eftirlit innan fiskveiðistjórnunar ESB. Það er einnig rétt að hér mættu hlutirnir stundum gerast hraðar og maður þarf ákveðna fyrirhyggju. Það breytir því ekki að kerfið innan ESB hefur marga kosti, ekki bara galla.“

### Samherji í Evrópu

Útgerð Samherja innan ESB nær til þriggja landa: Þýskalands, Bretlands og Póllands. Tíu togskip fimm dóttur- og aðildarfyrirtækja sækja heimildir í þorski, ýsu, ufsa, grálúðu á mið við Noreg, Grænland og í Norðursjó. Aflinn kemur að hluta til úr ESB-kvótum og einnig kvótum sem samið hefur verið um við þriðju ríki, en sambandið hefur gert 14 samninga við ríki utan ESB um veiðar. Samherji nýtir þar af samninga ESB við tvö Afríkuríki, Máritaníu og Marokkó, auk þess sem gert er út frá Færeyjum þar sem erlend útgerð félagsins hófst árið 1994.

Ef Ísland gerðist aðili að ESB myndi framkvæmdastjórn sambandsins annast fiskveiðisamninga við önnur ríki fyrir hönd Íslands. Þetta er útgerðarmönnum á Íslandi þyrnir í augum vegna hagsmuna í veiðum á svokölluðum deilistofnum. Verðmæti þess afla sem veiðist úr úthafsstofnum og deilistofnum innan og utan 200 mílna lögsögunnar hefur verið um eða yfir 30 prósent af heildaraflaverðmæti alls afla íslenskra útgerða undanfarin ár.

Haraldur bendir á að umsamdir hagsmunir Íslendinga séu í hendi enda byggðir á veiðireynslu. Hins vegar er almennt talið að ekki líti vel út með veiðar á makríl ef Ísland gerist aðili að ESB þrátt fyrir að hann veiðist nú í umtalsverðu magni innan íslenskrar lögsögu. Undir þetta tekur Haraldur og nefnir sem dæmi um neikvæða hlið aðildarsamnings Íslands.

### Hagræði

„Við höfum gert út í aðildarríkjum ESB undanfarin 13 ár,“ segir Haraldur. „Við reynum að hámarka nýtingu okkar flota með kvótaskiptum á milli landa. Við skiptum á heimildum sem tilheyra Þýskalandi eða Bretlandi við Pólverja og öfugt. En um leið reynum við alltaf að skila ákveðnum ávinningi til hvers lands fyrir sig. Þetta er viðurkennt kerfi sem hefur virkað vel. Í þessu felst hagræðing og það sama á við um einstakar útgerðir innan hvers lands; þær skiptast einnig á fiskveiðiheimildum sín á milli.“

Haraldur tekur undir gagnrýni á brottkast innan ESB en segir að einfölduð mynd sé dregin upp. „Brottkast er lögbundið í veiðum ESB innan eigin lögsögu, þegar menn hafa ekki kvóta fyrir því sem þeir hafa veitt. Á þann hátt vildi ESB reyna að draga úr þeim hvata að menn væru að veiða fisk sem þeir hefðu ekki kvóta fyrir. Ég held að þeir hafi gert sér grein fyrir að þetta er vitlaus löggjöf og til að mynda snerust samningaviðræður við Norðmenn í vetur um hvernig hægt væri að bæta úr þessu. Okkar skip eiga ekki að henda fiski. Við hlítum sömu reglum og Norðmenn, Grænlendingar og Íslendingar á þeim svæðum sem við veiðum á hverjum tíma. Það má líka minna á gagnrýni þeirra sem eru á móti kvótakerfinu á Íslandi. Hún hefur stundum snúist um brottkast á fiski, þar sem fullyrt er að það sé í stórum stíl.“

### ESB er stórt

Haraldur segir að Íslendingar megi varast að tala allt niður sem er gert innan ESB og annars staðar. Það séu margar útgerðir innan sambandsins sem eru til fyrirmyndar og hafa beri hugfast að ESB er stórt. „Veiðar einstakra landa og innan svæða eru gjörólíkar. Þetta er margþættur og fjölbreytilegur sjávarútvegur og til að mynda hefur útgerð uppsjávarskipa innan sambandsins gengið mjög vel.“

Samherji hefur nýtt hluta af karfakvóta ESB innan lögsögu Íslands undanfarin ár, en nú hefur þeim veiðum verið hætt. „Okkar skip hafa reynt að veiða úr karfakvóta ESB á Íslandsmiðum en reglurnar eru orðnar svo þröngar að tæknilega er ómögulegt að taka þennan afla.“ Aðspurður hvort íslensk stjórnvöld séu ekki leynt og ljóst að gera skipum ESB ókleift að veiða kvótann sem sambandið hefur samið um segir Haraldur að óneitanlega setjist að mönnum sá grunur. „Hindranirnar eru ótal margar. Við megum ekki veiða allt árið. Við megum ekki hausskera aflann og frysta um borð, heldur er okkur uppálagt að taka hann ferskan. Það eru strangar reglur um meðafla, en það fæst alltaf annar afli með sem ekki eru nægar veiðiheimildir fyrir. Það eru einnig reglur um hvar sé landað en á sama tíma erum við með eftirlitsmann um borð allan tímann.“ ESB er einnig bannað að veiða karfa á Íslandsmiðum á tímabilinu frá janúar og fram í júlí. Ástæðan er einföld að mati Haraldar. „Með þessu halda menn markaðnum fyrir karfa fyrir sjálfa sig.“

Haraldur segir að ítrekað hafi verið reynt að sækja um endurbætur á samningnum en nú sé svo komið að allar útgerðir sem málið varðar innan ESB eru búnar að koma þeim skilaboðum á framfæri í Brussel að ekki eigi að þiggja þennan kvóta. Viturlegra sé að taka veiðiheimildirnar í loðnu ef það verður gefinn út kvóti.

### Hvað ef Ísland gengur í ESB?

„Þetta er ekkert einfalt mál. Íslenskur sjávarútvegur er til fyrirmyndar og það má færa rök fyrir því að hann sé betur settur fyrir utan ESB. Vissir hlutir yrðu neikvæðir fyrir íslenskan sjávarútveg. En innganga Íslands snýst ekki bara um sjávarútveg heldur íslenska þjóð fyrst og fremst. Við verðum að horfa á stóru myndina og skoða verður kosti og galla af yfirvegun. Síðan verða Íslendingar að gera upp við sig hvort þeir sjá fleiri kosti eða galla. Ég hef búið við efnahagslegan stöðugleika hérna í Þýskalandi í tíu ár og það er sama hvort um er að ræða einstakling eða fyrirtæki, þá er það eftirsóknarvert. Stöðugleika fylgja oft tækifæri, sama hvaða fyrirtæki á í hlut. Við megum svo ekki gleyma því að við seljum meirihlutann af okkar fiski tollfrjálst inn á þetta svæði og það er kannski ekkert sjálfgefið að það verði alltaf svo.“



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

**Fjórði hluti af fimm**
Á fimmtudag: Álitamál krufin

## Deilistofnar

Stofnar sem eru hluta ársins innan íslensku efnahagslögsögunnar en hluta ársins á úthöfunum eða í lögsögum annarra ríkja.

- **Loðna:** Loðna er stærsti fiskstofninn á Íslandsmiðum og er veidd í loðnunót. Aðalvertíðin er í janúar/apríl og þá veiðist aðallega 3-4 ára loðna en seinni part ársins veiðist 2-3 ára fiskur.

  Árlegur loðnuafli hefur verið mjög breytilegur síðan veiðar hófust hér seint á 7. áratugnum. Sum árin hefur aflinn jafnvel náð 1,5 milljónum tonna. Veiðar úr stofninum byggjast á samkomulagi milli Íslendinga, Norðmanna, Færeyinga og Grænlendinga en Íslendingar veiða langmest. Íslendingar veiða 30 þúsund tonn af loðnukvóta Grænlendinga í skiptum fyrir 3.000 tonna karfakvóta.
- **Makríll:** Með hlýnandi sjó hefur makríll gengið inn í íslenska lögsögu í auknum mæli. Yfir 100 þúsund tonn veiddust í fyrra. ESB hefur ekki tekið í mál að semja við Íslendinga um veiðar úr stofninum. Ólíklegt er talið að slíkir samningar náist.
- **Kolmunni:** Árið 1998 hófust kolmunnaveiðar Íslendinga aftur að marki eftir nær tveggja áratuga hlé og hafa aukist mikið á síðustu árum. Hámarki náðu þær svo árið 2003 er íslensk skip veiddu ríflega 500.000 tonn. Afli íslenskra skipa árið 2006 var 310.000 tonn en aflahámark þeirra var þá 352.000 tonn. Heildaraflinn úr stofninum árið 2006 mun hafa verið rétt um tvær milljónir tonna.

  Kolmunnaveiðar eru mest stundaðar af Norðmönnum, Færeyingum, Íslendingum og þjóðum ESB. Í árslok 2005 gerðu þessar þjóðir með sér samkomulag um skiptingu heildarafla og jafnframt að aflinn færi ekki yfir 2,0 milljónir tonna árið 2006. Íslendingar eiga 16% hlutdeild í kvótanum.
- **Norsk-íslensk síld:** Margar þjóðir veiða úr stofninum í samræmi við samning milli Noregs, Rússlands, Færeyja, Evrópusambandsins og Íslands. Mest er veitt á alþjóðlegu hafsvæði en einnig innan færeysku lögsögunnar og í efnahagslögsögunni umhverfis Jan Mayen. Árið 1998 gekk hluti stofnsins inn í íslensku lögsöguna í fyrsta sinn í 30 ár. Stofninn er í mjög góðu ásigkomulagi.
- **Úthafskarfi:** Veiðist einkum að sumarlagi á 200-500 m dýpi innan lögsagna Íslands og Grænlands og á alþjóðlegu hafsvæði.
- **Grálúða:** Telst einnig til deilistofna.
- Erlend skip veiddu 71 þúsund tonn af fiski í íslenskri lögsögu árið 2008. Veiðin var 112 þúsund tonn árið 2007 og munar mestu um minni kolmunna og loðnuveiði árið 2008.
- **Hvalveiðar:** Gangi Ísland í ESB er talið öruggt að hvalveiðum Íslendinga sé þar með lokið um alla framtíð.

## DEILISTOFNAR Á ÍSLANDSMIÐUM – UMSVIF SAMHERJA HF Í EVRÓPU




## Samherji í Evrópu

### Þýskaland:

- DFFU (Cuxhaven) 3 togarar
- DSFU (Cuxhaven) 1 salthús
- Ice Fresh GmbH (Cuxhaven) 1 ferskfiskvinnsla

### Pólland:

- Arctic Navigations (Gdynia) 1 togari
- Atlantex (Varsjá) 2 togarar
- Ice Fresh Seafood (Gdynia) Söluskrifstofa

### Bretland:

- Ice Fresh Seafood UK (Grimsby) (í eigu Seagold) 1 pökkunarverksmiðja
- Seagold Ltd. (Hull) 1 söluskrifstofa
- U.K. Fisheries Ltd. (í eigu OFC á móti hollensku félagi) Boyd Line Ltd. og Marr Fishing Vessel Management (Hull) 2 frystitogarar, 1 ferskfisktogari

### Skotland

- Onward Fishing Company Ltd. (Aberdeen) 1 frystitogari

### Afríka Katla Seafood:

Dótturfyrirtæki Samherja, stofnað í júní 2007 þegar Samherji keypti erlenda starfsemi Sjólaskipa hf. Katla Seafood gerir út sjö verksmiðjuskip og tvö þjónustuskip við strendur Máritaníu og Marokkó. Skip frá Skotlandi og Póllandi veiða einnig á svæðinu undir evrópskum fánum.

Helstu framleiðsluvörur Kötlu Seafood eru makríll, hesta-makríll, sardína og sardínella.

## ÍSLENSKAR SJÁVARAFURÐIR




80% af útfluttum sjávarafurðum fara til Evrópu

Flugdeild Landhelgisgæslu:

## Sextíu og átta bjargað í fyrra

**BJÖRGUN** Sextíu og átta var bjargað í 150 útköllum sem bárust Flugdeild Landhelgisgæslunnar árið 2008.

Útköllum fækkaði um átján prósent milli ára. Frá árinu 2004 og fram til 2007 varð jöfn aukning í fjölda útkalla eða um ellefu prósent á ári. Mikil aukning varð svo á milli áranna 2006 og 2007, eða 28 prósent. Árið 2008 var svipað árinu 2006 hvað fjölda útkalla varðar.

Af útköllunum 150 voru 54 á láglendi, 57 í óbyggðum og 39 útköll á sjó, þar af níu lengra út en 150 sjómílur. **- hhs**

**Neytendur:** Fersk og ódýr fiskbúð í Kópavogi

# *Fjörutíu metrar frá bryggju í búð*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Sverrir Gíslason skrifar: *„Ég vildi gjarnan segja frá fiskbúðinni Freyju sem hefur opnað á Bakkabraut 6 á Kársnesi í Kópavogi. Í Kópavogshöfn leggur Gísli KÓ upp og landar línufiski flesta daga. Eigandi hans, Guðmundur Geirdal, og konan hans, Linda, opnðu núna um þarsíðustu helgi fiskbúð rétt við bryggjuna og fiskurinn þar er mikið ódýrari en annars staðar. Það eru um fjörutíu metrar frá löndunarstað upp í búðina, svo fiskurinn getur ekki orðið ferskari. Búðin er opin frá kl. 14-18 á virkum dögum. Verðið er langt fyrir neðan allt sem sést hefur undanfarið, enda búðin öll með einföldu sniði. Ég er nágranni og á engra hagsmuna að gæta. En þetta er í útlöndum kallað „fair trade“!*

Linda var til svara þegar ég hringdi í fiskbúðina. *„Það eru sorglega margir sem hafa ekki efni á að borða fisk og markmið okkar er að veita fleirum tækifæri til þess,“* segir hún.

Linda segist svo sem ekki geta fullyrt að þau séu með lægsta verðið, hún fari aldrei í aðrar fiskbúðir, og verðið hjá þeim tekur mið af markaðsverði. Sem dæmi nefnir hún að ýsuflökin eru á 670 kr./kg, karfaflök á 600 kr./kg, keilu- og lönguflök á 400 kr./kg og steinbítsflök á 780 kr./kg. Þá má fá heila ýsu á 280 kr./kg. *„Mest af aflanum fer á fiskmarkað en framtíðarsýnin hjá okkur er að geta selt sem mest af honum í búðinni,“* segir Linda.



**STEINBÍTUR** Ljótur en gómsætur.

Komin niður fyrir 80 prósent:

## Fækkar enn í Þjóðkirkjunni

**TRÚ Enn fækkar hlutfallslega safnaðarmeðlimum í Þjóðkirkjunni, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Í fyrra var 79,1 prósent þjóðarinnar skráð í hana, en voru 89,4 prósent fyrir áratug.**

**Þrátt fyrir það fjölgar skráðum meðlimum kirkjunnar, í takt við aukinn fólksfjölda. Árið 1998 voru 246.012 í Þjóðkirkjunni en í fyrra voru þeir 319.756.**

**Kaþólska kirkjan telst nú með afgerandi hætti næststærsti söfnuðurinn, með 2,92 prósent þjóðarinnar, en Fríkirkjan í Reykjavík kemur á eftir með 2,47 prósent. Þeir sem kjósa að standa utan trúfélaga eru nú á tíunda þúsund, eða 2,9 prósent. - kóþ**



**LAXÁ** Unnendur Laxár eiga í vændum lækkun á auglýstri verðskrá.

Veiðifélag Laxár og Krákár:

## Samþykktu að lækka leiguna

**STANGAVEIÐI** Verð á veiðileyfum í Laxá í Mývatnssveit og Laxárdal verður lækkað í sumar frá því sem áður var auglýst. Að því er kemur fram á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur samþykkti félagsfundur í Veiðifélagi Laxár og Krákár ósk stangaveiðifélagsins um lækkun verðtryggingar á leigusamningi sem upphaflega hljóðaði upp á 253 milljónir króna fyrir fimm ár. „Um hversu mikillar lækkunar er að vænta vildi framkvæmdastjóri SVFR ekki gefa út á þessari stundu þar sem verið er að fara yfir þessi mál í kjölfar ákvörðunar Veiðifélags Laxár og Krákár,“ segir á svfr.is. **- gar**

Ný lágvöruverðsverslun:

## Opnar eftir nokkra mánuði

**VIÐSKIPTI Jón Gerald Sullenberger segir að unnið sé hörðum höndum við undirbúning að stofnun nýrrar lágvöruverðsverslunar. Erfitt sé að segja fyrir um tímasetningu, en nokkrir mánuðir geti verið í að verslunin opni.**



**JÓN GERALD SULLENBERGER**

**„Þetta lítur ljómandi vel út, og ég finn fyrir miklum stuðningi,“ segir Jón Gerald. Hann segir að nú sé unnið að því að finna húsnæði fyrir verslunina og ljúka fjármögnun. Hann segir fjármögnun vissulega erfiða á þessum tíma, en að í öllum erfiðleikum finnist tækifæri. - bj**





Hefur þú bókhaldsþekkingu en vantar færni í tölvufærðu bókhaldi?

Landsteinar Strengur hf. mun vera með yfirgripsmikið námskeið í Microsoft Dynamics Navision. Námskeiðið hefst 26. janúar og er alls 72 kennslustundir.

Á námskeiðinu er lögð mikil áhersla á raunhæf verkefni til að þjálfa fólk í notkun á kerfinu, afhent eru vönduð kennslugögn sem auðvelda notkun á kerfinu eftir námskeið.

**Þau atriði sem farið er í eru:**

- *Grunnur*
- *Fjárhagur*
- *Sala*
- *Innkaup og birgðir*
- *Laun*
- *Innheimtukerfi*
- *Tollakerfi*

Navision er eitt mest notaða bókhaldsforritið meðal fyrirtækja í dag, með rúmlega 60% markaðshlutdeild.

***Með þekkingu á Navision ertu að auka atvinnumöguleika þína!***

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu okkar, www.ls.is eða í síma 550 9000. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á nam@ls.is

Flest stéttafélög niðurgreiða nám fyrir félagsmenn.

Landsteinar Strengur er forystufyrirtæki í upplýsingatækni sem byggir starfsemi sína á skörpum skilningi á starfsemi og rekstrarumhverfi fyrirtækja. Í krafti þeirrar þekkingar býður Landsteinar Strengur fyrirtækjum heildarlausnir á sviði fjármála, þjónustu, heildsölu, dreifingar og verslunar. Fyrirtækið hefur mikla reynslu á markaðinum og á rætur að rekja allt til ársins 1982 er Strengur var stofnaður. Áhersla er lögð á ráðgjöf, hugbúnaðargerð og innleiðingu hugbúnaðar ásamt öflugri þjónustu og eru vörur fyrirtækisins í notkun hjá mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins.

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner · Microsoft Dynamics

Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007
Microsoft Business Solutions Global ISV of the Year 2005
LS Retail NAV - Certified for Microsoft Dynamics

LANDSTEINAR STRENGUR
Landsteinar Strengur hf. · Ármúla 7 · 108 Reykjavík
Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is · LS@LS.is

*Okkar þekking - þitt forskot!*

DAGSVERK.IS / LS0109

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 86 **Velta:** 242 milljóni

| | | | |
|---|---|---|---|
| **OMX ÍSLAND 15** | | **OMX ÍSLAND 6** | |
| 329 | **-0,49%** | 913 | **+0,30%** |

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **BAKKAVÖR** | +2,59% | **FØROYA BANKI** | -1,77% |
| **STRAUMUR** | +1,49% | **MAREL** | -1,28% |
| **ÖSSUR** | +0,51% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,00 +0,00% ... Atlantic Airways 168,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 594,00 +0,00% ... Bakkavör 1,98 +2,59% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,30 +0,00% ... Føroya Banki 111,00 -1,77% ... Icelandair Group 13,25 +0,00% ... Marel Food Systems 69,70 -1,28% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,36 +1,49% ... Össur 97,90 +0,51%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Merk ráðstefna í Nígeríu

Töluvert er í lagt á 50. alþjóðaráðstefnu seðlabanka Nígeríu 23. til 25. mars næstkomandi og margt merkra frummælenda. Og þótt við hér á norðurhjara könnumst kannski lítið við Chukwuma C. Soludo, seðlabankastjóra í Nígeríu, eða prófessor Benno Ndulu, seðlabankastjóra Tansaníu, þá eru þarna margir sem standa landinu nær og einna næst er þar Þorvaldur Gylfason, prófessor við Háskóla Íslands. Á öðrum degi ráðstefnunnar er hann í pallborði um myntbandalög meðal þróunar- og nýmarkaða. Fyrir umræðunum fer Robert Mundell, hagfræðiprófessor við Kólumbíuháskóla í Bandaríkjunum, og í pallborðinu eru með Þorvaldi, Paul Collier, prófessor við Oxford, Jean Claude Trichet, bankastjóri Seðlabanka Evrópu, og Andrew Berg frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.



### Fleiri þekkt nöfn

Annars er á ráðstefnu nígeríska seðlabankans annar sem mjög vel þekkir til Íslands, en það er Frederic S. Mishkin, hagfræðiprófessor frá Kólumbíuháskóla, en hann lét nýverið af starfi aðstoðarbankastjóra í bandaríska seðlabankanum. Mishkin skrifaði í árslok 2006 merka skýrslu með Tryggva Þór Herbertssyni um íslenskt efnahagslíf eftir mikla vantraustsumræðu um bankakerfið hér. Ráðstefnuna situr líka Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Robert B. Zoellick, forseti Alþjóðabankans, Alan Greenspan, fyrrum seðlabankastjóri Bandaríkjanna, hagfræðiprófessorarnir Joseph Stiglitz og Jeffrey Sachs, fjárfestirinn George Soros og fjöldi annarra merkra spekinga efnahags- og fjármálalífs heimsins.

## Enn aukast vandræði JJB

Samningur sem breska íþróttavöruverslunin JJB Sports gerði við lánadrottna kostar verslunina 8,3 milljónir punda (1,5 milljarða króna) í aukakostnað, samkvæmt Reuters-fréttastofunni.

Stjórnendur verslunarinnar sömdu í síðasta mánuði um frestun á greiðslu brúarláns til Kaupþings upp á tuttugu milljónir punda gegn því að þrír lánadrottnar skipti upphæðinni á milli sín.

Exista og Chris Ronnie, forstjóri JJB Sports, áttu tæpan þriðjungshlut í versluninni. Kaupþing gerði hins vegar veðkall í hlutinn í síðustu viku og tók til sín. Exista hafði þegar afskrifað hlutinn úr bókum sínum. - jab

# Breskir bankar á fallandi fæti

Hlutabréf banka og fjármálastofnana í Bretlandi hríðféllu á mörkuðum í gær. Fallið varð þrátt fyrir nýja áætlun til bjargar fjármálakerfinu sem Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta, kynnti í gær.

Einna mest var lækkun hlutabréfa Royal Bank of Scotland, um 67,4 prósent, eftir að bankinn gaf út afkomuviðvörun þar sem hann varaði við því að tap bankans á nýliðnu ári kynni að nema allt að 28 milljörðum punda, eða yfir 5.200 milljörðum íslenskra króna. Slíkt tap hefur ekki áður sést hjá fjármálastofnun í Bretlandi. Ríkið á þegar 58 prósenta hlut í bankanum og áætlanir um að það auki eignarhlut sinn í 70 prósent.



**ÚTIBÚ RBS** Hlutabréf Royal Bank of Scotland, sem nú er í meirihlutaeigu breska ríkisins, hríðféllu í gær eftir afkomuviðvörun bankans.

Aukinn eignarhlutur ríkisins í bankanum er hluti af björgunaráætlun sem ætlað er að koma ró á fjármálakerfi Bretlands. Þar eru einnig áætlanir um að bönkum verði gert kleift að kaupa tryggingu gegn framtíðartapi af áhættusömum eignasöfnum, að því er Market Watch greinir frá. Þar kemur einnig fram að þótt fjárfestar hafi í fyrstu fagnað áætlunum breska ríkisins hafi þeir svo tekið að efast. „Ég er ekki sannfærður um að tilætluðum árangri verði náð og útlán aukist, því þótt ríkisstjórnin tryggi veðlán þá er bönkunum ekki í raun gert að hreinsa ruslið úr eignasafni sínu,“ hefur Market Watch eftir Peter Dixon, greinanda hjá Commerzbank í Þýskalandi. - óká

# Buðu 100 milljarða í Kaupþing

**Fjárfestingarsjóður konungsfjölskyldunnar í Katar vildi fjórðungshlut í Kaupþingi fyrir hundrað milljarða króna. Boðið þótti lágt. Bankinn tapaði 12,8 milljörðum í viðskiptum við annan fjárfesti.**

„Markmiðið var að styrkja Kaupþing og voru þeir (Qatar Investment Authority, fjárfestingafélag konungsfjölskyldunnar í Katar) tilbúnir að kaupa allt að tuttugu prósent hlutafjár í Kaupþingi,“ segir Ólafur Ólafsson, fjárfestir og einn af umsvifamestu hluthöfum í gamla Kaupþingi áður en bankinn var ríkisvæddur.

Ólafur, Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður gamla Kaupþings, og Telma Halldórsdóttir, stjórnarmaður Q Iceland Finance, sendu öll frá sér yfirlýsingar í gær vegna fréttaflutnings af kaupum Mohammeds Sheik bin Khalifa Al-Thanis, bróður emírsins af Katar, á fimm prósenta hlut í Kaupþingi. Stöð 2 fullyrti á sunnudag að Kaupþing hafi tapað á bilinu 24 til 37,5 milljörðum króna vegna viðskiptanna.

Fram kemur í máli Sigurðar að Al-Thani hafi fengið lán fyrir helmingi kaupanna frá Kaupþingi og rest frá félagi í eigu Ólafs sem skráð er á Jómfrúreyjum. Kaupþing seldi Al-Thani eigin bréf og engir fjármunir því farið úr bankanum vegna þessa, samkvæmt Sigurði.

Greiðsla vegna lánsins til Al-Thanis skilaði sér hins vegar aldrei til Kaupþings, sem sat uppi með 12,8 milljarða tap.

Í yfirlýsingu Ólafs kemur fram að hann hafi frá október 2007 unnið að því að styrkja bankann og boðið QIA hlutafé í honum. Málið var rætt í þaula fram á sumar.

Hann segir að þegar yfir lauk hafi tilboð legið á borðinu upp á fimmtungshlut í bankann. Það miðaðist við bókfært virði, að frádreginni viðskiptavild, upp á 100 milljarða króna. Það þótt lágt þá enda fjárhagsstaða Kaupþings sterk. Ákveðið var því að salta málið fram yfir föstutímabil múslima í september.



**ÓLAFUR ÓLAFSSON** Einn af stærstu hluthöfum Kaupþings vill að skýrsla um síðustu daga bankans verði gerð opinber. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Um svipað leyti gengu miklar hremmingar yfir alþjóðlegan fjármálageira og var þrýstingur á að fjárfestar losuðu um stöður sínar í fjármálafyrirtækjum, þar á meðal í Kaupþingi. Í miðri hríðinni seint í september var fjölskyldu Al-Thanis boðið að kaupa fimm prósenta hlut í Kaupþingi fyrir 25 milljarða.

Ólafur vill að skýrsla sem PriceWaterHouseCoopers vann um síðustu mánuðin sem Kaupþing var almennt hlutafélag verði birt. Aðeins þá komi sannleikurinn í ljós.

Skýrslan er í höndum skilanefndar Kaupþings og Fjármálaeftirlitsins. Hún telur mörg hundruð blaðsíður auk frumgagna og annarra pappíra um starfsemi bankans.

Flest bendir til að skýrslan verði ekki gerð opinber í bráð.

jonab@markadurinn.is


# VÍSINDA & TÆKNISTEFNA 2009-2012

Vísindanefnd og tækninefnd boða til opinna funda um mótun nýrrar vísinda- og tæknistefnu í Nýja Kaupþing banka hf, Borgartúni 19, Reykjavík

**Dagskrá**

**21. janúar kl. 15:00 til 17:00**
**Opinn fundur um vísindamál**
***15:00-16:00 Breyttar aðstæður, nýjar áskoranir***
- Guðrún Nordal, *formaður vísindanefndar*
- Kristín Vala Ragnarsdóttir, *forseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands*
- Þórarinn Guðjónsson, *varaforseti Vísindafélagsins*
- Einar Stefánsson, *prófessor og yfirlæknir Landspítala og frumkvöðull hjá Oxymap*
- Þórdís Ingadóttir, *dósent lagadeild Háskólans í Reykjavík*

***16:00-17:00 Pallborð og umræður***
- Fundarstjóri: Leifur Hauksson

**28. janúar kl. 15:00 til 17:00**
**Opinn fundur um tækniþróun og nýsköpun**
***15:00-16:00 Breyttar aðstæður, nýjar áskoranir***
- Þorsteinn Ingi Sigfússon, *formaður tækninefndar*
- Þórður Magnússon, *stjórnarformaður Eyris*
- Sigríður Sigurjónsdóttir, *prófessor í vöruhönnun Listaháskóla Íslands*
- Vilhjálmur Þorsteinsson, *fjárfestir á sviði upplýsingatækni*

***16:00-17:00 Pallborð og umræður***
- Fundarstjóri: Leifur Hauksson

**4. mars kl. 15:00 til 17:00**
**Kynning og umræður um drög að nýrri stefnu Vísinda- og tækniráðs**


# Eignamat frestast enn

Fjármálaeftirlitið hefur enn seinkað mati á eignum og skuldbindingum nýju bankanna þriggja, og ætlar að ákveða í síðasta lagi um miðjan næsta mánuð hvenær því á að ljúka.

Eftirlitið taldi sig upphaflega þurfa 30 daga til að ljúka matinu en síðan var fresturinn lengdur í 90 daga frá hruni. Eftirlitið birti í byrjun vikunnar auglýsingu í Lögbirtingablaðinu þar sem fram kemur að málið hafi reynst viðameira en ætlað var. „Jafnframt tók talsverðan tíma að ljúka ráðningu óháðs matsaðila og hófst matsvinnan sjálf því seinna en áformað var,“ segir í auglýsingu eftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið segir enn óvíst hversu langan frest þurfi til að ljúka mati á eignum og skuldbindingum nýju bankanna en hyggst taka ákvörðun um dagsetningu í síðasta lagi 15. febrúar. - ikh

# Vaxtalækkun í mars

Gjaldeyrisforði Seðlabankans nam í lok desember um þriðjungi af landsframleiðslu síðasta árs, eða 429 milljörðum króna, að því er Greining Glitnis bendir á. Í ársbyrjun 2008 nam forðinn um 163 milljörðum króna.

„Forðinn stækkaði hratt á síðastliðnu ári bæði vegna gengisbreytinga, en eignirnar eru að mestu erlend verðbréf og innstæður í erlendum fjármálastofnunum, en einnig vegna erlendrar lántöku sem nýtt hefur verið til að efla forðann,“ segir í umfjöllun Glitnis, en forðinn hefur verið nýttur í að verja stöðu krónunnar.

„Áform eru uppi um að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans frekar, bæði með auknum lántökum frá [Alþjóðagjaldeyrissjóðnum] og lánum frá fleiri aðilum. Með styrkingu forðans er búið í haginn fyrir afnám gjaldeyrishaftanna sem hér hafa verið við lýði frá hruni bankanna í október,“ segir Greining Glitnis og telur líklegt að næstu skref í afnámi haftanna verði stigin í kjölfar stöðumats Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í febrúar. „Ef það gengur vel má búast við því að í kjölfarið fylgi lækkun stýrivaxta Seðlabankans sem nú eru 18 prósent. Reiknum við með fyrstu vaxtalækkun ársins í mars.“ Næst tekur Seðlabanki Íslands hins vegar ákvörðun um stýrivexti í lok næstu viku. - óká

# Kaupþing framlengir ráðningu Finns

Finnur Sveinbjörnsson verður bankastjóri Nýja Kaupþings út þetta ár hið minnsta. Stjórn bankans tilkynnti í gær að ráðningarsamningur Finns hefði verið framlengdur til ársloka 2009.

„Jafnframt var ákveðið að auglýsa starf bankastjóra laust til umsóknar undir árslok,“ segir í tilkynningu stjórnar Kaupþings, en bráðabirgðastjórn bankans réð Finn tímabundið til starfa í október síðastliðnum. „Núverandi bankastjórn leysti bráðabirgðastjórnina af hólmi 10. nóvember 2008 og síðan hefur hún unnið markvisst með Finni að því að skipuleggja og móta starfsemi og rekstur nýs banka,“ segir í tilkynningunni.

Þá er farið yfir margvísleg verkefni sem unnið hefur verið að hjá Nýja Kaupþingi, svo sem breytingum á stjórnendateymi, stefnumótun, ráðningu umboðsmanns viðskiptavina og skipulegu ferli við úrlausn skuldavandamála og úrvinnslu stórra slíkra mála.


FINNUR SVEINBJÖRNSSON

„Þessar aðgerðir hafa verið undirbúnar undir stjórn núverandi bankastjóra. Hér eru miklir hagsmunir í húfi og því mikilvægt að engin óvissa skapist um stöðu bankastjórans á sama tíma,“ segir í tilkynningu bankastjórnarinnar.

Jafnframt er bent á að Finnur Sveinbjörnsson hafi ekki starfað hjá Kaupþingi áður, í „gamla bankanum“, og því marki ráðning hans í sjálfu sér ákveðin skil nútíðar og fortíðar í forystu fyrirtækisins. „Þessi skil voru síðan skerpt enn frekar með breytingum í stjórnendateymi bankans um síðustu áramót. Stjórn Nýja Kaupþings banka telur það gagnast hagsmunum bankans best að framlengja ráðningarsamninginn við Finn og lýsa yfir fullum stuðningi við hann og hið nýja stjórnendateymi í brýnum og vandasömum verkefnum sem unnið er að til að festa starfsemi bankans í sessi og skapa honum trúnað og traust í samfélaginu.“ - óká


**FRÁ TÓKÍÓ** Samúræjabréf Kaupþings lentu í vanskilum eftir bankahrunið í október í fyrra.

# Lífi blásið í samúræjabréfin

Fjórir ástralskir stórbankar eru að leita fyrir sér með útgáfu á samúræja-bréfum, skuldabréfum í japönskum jenum.

Ekki liggur fyrir hvenær rennt verði í skuldabréfaútgáfu en líklegt þykir að það verði síðar í mánuðinum, að sögn breska viðskiptablaðsins Financial Times.

Markaður með bréfin hrundi í september, eða um svipað leyti og bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman Brothers fór í þrot. Gamla Kaupþing tók samúræjabréf upp á 50 milljarða jena síðla árs árið 2006 og rann gjalddagurinn upp seint í október í fyrra. Bréfið, sem hljóðaði upp á 56 milljarða íslenskra króna að þávirði, lenti í vanskilum þar sem gamla Kaupþing var komið í þrot og íslenska ríkið búið að taka yfir íslenska hlutann.

Bloomberg-fréttaveitan segir stöðugleika kominn á japanskan lánsfjármarkað og ætli stjórnvöld eystra að gangast í ábyrgð fyrir skuldabréfaútgáfunni. - jab


**NASDAQ OMX** Skortsala er þegar lánshlutabréf eru seld, gegn því að vera skilað síðar. Það kemur í ljós hvort seljandi hefur hagnast eða tapað eftir verðþróun bréfanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skortsala bréfa enn bönnuð

Framlengt hefur verið út þennan mánuð bann við skortsölu hlutabréfa ákveðinna fyrirtækja sem hér eru skráð í kauphöll. Fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt NASDAQ OMX Iceland (Kauphöllinni) um þetta, en banninu var komið á í októberbyrjun eftir fall bankanna og gilti til 16. þessa mánaðar.

„Um er að ræða áframhaldandi takmörkun á skortsölu fjármálagerninga útgefnum af tilgreindum fyrirtækjum í samræmi við fyrri tilkynningu. Takmörkunin gildir til og með 31. janúar næstkomandi,“ segir í tilkynningu til Kauphallar.

Samkvæmt banninu er óheimilt að skortselja bréf Glitnis, Kaupþings, Landsbankans, Straums-Burðaráss, Spron og Existu, sem hér hafa verið tekin til viðskipta í kauphöll, nema seljandi hafi bréfin í sinni vörslu þegar sölutilboð er lagt fram og tilkynni viðskiptin án tafar til Fjármálaeftirlitsins. - óká


# Lífeyrisgreiðslur 2009

**Breytingar á lögum um lífeyrisgreiðslur sem tóku gildi 1. janúar 2009:**

- Lífeyrisgreiðslur og frítekjumörk hækkuðu um 9,6%
- Úttekt á séreignarsparnaði hefur ekki áhrif á lífeyrisgreiðslur
- Frítekjumark atvinnutekna er 109.600 kr. á mánuði fyrir alla aldurshópa
- Frítekjumark fjármagnstekna er 98.640 kr. á ári. Allar fjármagnstekjur umfram frítekjumark hafa áhrif að fullu við útreikning lífeyris




Sérstök uppbót til framfærslu miðast við að lífeyrisþegar sem búa einir hafi ekki undir 180.000 kr. á mánuði í tekjur en aðrir 153.500 kr.

*Athugið að fyrir utan orlofs- og desemberuppbót hafa allar skattskyldar tekjur áhrif á útreikning á sérstakri uppbót til framfærslu.*

Áhrif breytinganna á kjör lífeyrisþega eru mismunandi enda aðstæður þeirra margvíslegar.

# Greiðsluáætlun 2009

Á næstu dögum berst lífeyrisþegum græna umslagið með greiðsluáætlun 2009 í pósti.

**Lífeyrisþegar eru hvattir til að geyma áætlunina** sem sýnir greiðslurnar sundurliðaðar eftir greiðslutegundum og mánuðum.

Sömu upplýsingar eru nú þegar aðgengilegar á nýja þjónustuvefnum **tryggur.is**.

Veflykill RSK opnar Trygg. Ef veflykil vantar er sótt um hann á skattur.is. Hægt er að fá hann sendan í heimabanka eða heim með pósti.

Með aukinni rafrænni þjónustu dregur Tryggingastofnun úr póstsendingum.

Mánaðarlegir greiðsluseðlar verða ekki sendir út en hægt er að sækja þá á **tryggur.is**.

Launamiðar verða ekki sendir út þar sem greiðslur eru forskráðar á framtal.

**Tryggur.is** er einföld, þægileg og fljótleg þjónustuleið sem sparar ykkur sporin.




TRYGGINGASTOFNUN

ENNEMM / SÍA / NM36429

Hafðu samband — Veldu þá leið sem hentar best – *fyrir þig!* — Ný þjónusta

> Þú finnur ítarlegar upplýsingar á www.tr.is
> Þjónustufulltrúar í síma 560 4400 og grænt nr. 800 6044
> Sendu okkur fyrirspurn á netfangið tr@tr.is
> Netsamtal – beint samband í gegnum www.tr.is
> Umboðsmenn TR á landsbyggðinni veita upplýsingar
> Tryggur.is þjónustuvefur lífeyrisþega

# skoðun

greinar@frettabladid.is

ESB eða Ísland. Sitt hvort verkefnið?

# Þegar eitt útilokar ekki annað

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Þegar þessum fundi lýkur skulið þið fara strax í það að sækja um aðild að Evrópusambandinu.“ Á þessa leið voru skilaboð hagfræðiprófessorsins Willems Buiter í upphafi fyrirlestrar hans í Háskóla Íslands í gær. Hinn valmöguleikinn væri að einbeita sér að landbúnaði og sjávarútvegi og einangrast á sviði alþjóðlegra viðskipta, sem sé í raun ekki valmöguleiki.

Á svipuðum tíma sagði nýr formaður Framsóknarflokksins að aðildarumsókn í Evrópusambandið væri ekki forgangsverkefni. Það væri á bráðavanda heimilanna í landinu sem ætti að einblína.

Það er ekki nýtt hjá formanninum að stilla þessu tvennu upp sem andstæðum. Margir andstæðingar Evrópusambandsins hafa sagt það áður. Annaðhvort þurfi að leggja áherslu á aðildarviðræður, eða bjarga heimilunum og fyrirtækjunum frá gjaldþroti. En er það virkilega svo að ekki sé hægt að vinna að báðum verkefnum í einu, eða jafnvel að umsóknin styrki stöðu heimilanna og fyrirtækjanna?

Vandamálin sem Ísland stendur frammi fyrir eru há verðbólga og háir stýrivextir, ótrúverðugur gjaldmiðill, gjaldmiðilshöft, atvinnuleysi, verulegur niðurskurður á fjárlögum, veruleg skuldabyrði ríkis, heimila og fyrirtækja og gífurlegt vantraust á þeim sem eiga að leiða þjóðina upp úr kreppunni, bæði stjórnmálamönnum og embættismönnum. Lengur mætti upp telja.

Ekkert af þessu verður leyst með töfralausnum, þótt eflaust sé ýmislegt hægt að gera til að reyna að mýkja áhrif kreppunnar á fyrirtæki og fjölskyldur. Umsókn í Evrópusambandið er heldur engin töfralausn. En hún er hluti af lausninni, til framtíðar séð.

Ef huga á að vandamálum heimilanna verður að huga að gjaldeyrissveiflum annars vegar og verðbólgunni hins vegar. Með styrkari krónu og lægri verðbólgu lækka útgjöldin. Þetta tvennt er hins vegar tengt, þar sem verðbólgan sem mælist nú kemur fyrst og fremst til vegna gengishrunsins. Því þarf það að vera forgangsverkefni að leysa gjaldeyriskrísuna til handa heimilum og atvinnurekendum.

Það er ekkert erlent traust á krónunni, og það sem meira er, það er lítið traust erlendis á að peningamálastjórnunin sé slík að örmyntin okkar verðskuldi nokkurt traust. Í aðildarumsókn, auk yfirlýsingar um að við stefndum á upptöku evru eins hratt og auðið yrði, væri sterkt merki gefið um verulegar áherslubreytingar í peningamálastjórnun sem gæti leitt til aukins trúverðugleika. Í slíku ferli kæmust íslensk stjórnvöld ekki upp með álíka peningamálastjórn og hefur verið hér ríkjandi frá 2001 og hagstjórn eins og hún hefur verið stunduð frá því að Íslendingar tóku yfir stjórn á eigin fjármálum. Á meðan hér ríkja gjaldeyrishöft og ekkert traust er á krónunni eða hagstjórninni er heldur lítil von til þess að erlendir fjárfestar fáist til að líta hingað hýru auga eða erlendir bankar hafi áhuga á að lána Íslendingum. Áhuginn verður einungis að draga sig út frá krónusvæðinu sem veikir hana enn meir. Þeir sem ekki telja aðildarumsókn vera forgangsmál verða að útskýra hvernig á að hefja það starf að leysa gjaldeyriskrísuna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

➔ flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á www.flugfelag.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**2000-kallinn**

Þing Framsóknarflokksins fór stórátakalaust fram, þótt snurða hafi hlaupið á þráðinn þegar tilkynnt var hver hefði verið kjörinn formaður flokksins. Haukur Ingibergsson, formaður kjörnefndar, sá í kjölfarið sæng sína upp reidda og sagði af sér. Kjörnefnd Framsóknarflokksins er ekki fyrsta nefndin sem Haukur veitir formennsku; á tíunda áratugnum var hann formaður 2000-nefndarinnar, sem hafði það hlutverk að meta viðbúnað vegna yfirvofandi vanda í tölvum og vélbúnaði, sem talið var að gæti tröllriðið heiminum um aldamótin. Góðu heilli lét 2000-vandinn ekki á sér kræla. Nema 2000-nefndin hafi kynnt rangar niðurstöður á sínum tíma?

**Styrka hönd þeir verða að fá**

Haukur Ingibergsson hefur fleira sér til frægðar unnið, til dæmis var hann í hinni kunnu hljómsveit Upplyftingu á árum áður, ásamt flokksbróður sínum, Magnúsi Stefánssyni. Það hefði ekki verið allsendis óviðeigandi hefði Magnús vikið sér að Hauki á flokksþinginu og sunnudag og raulað: „Því stundum verður mönnum á/ styrka hönd þeir þurfa þá […] /traustur vinur getur gert/ kraftaverk“.



**Viðeigandi eða viðtekið?**

Umboðsmaður Alþingis hefur komist að þeirri niðurstöðu að umhverfisráðuneytið hafi dregið of lengi að afgreiða stjórnsýslukæru náttúruverndarsamtaka á Norðurlandi. Á heimasíðu umhverfisráðuneytisins segir að ráðuneytið hyggist bregðast við áliti og tilmælum umboðsmanns með „viðeigandi hætti“. Það er vel, því undanfarið hefur borið meira á því að ráðherrar og ráðuneyti bregðist við áliti umboðsmanns Alþingis með „viðteknum hætti“ og láti það sem vind um eyru þjóta.

bergsteinn@frettabladid.is

# Vinur þinn á vin

Þegar ég var blaðamaður á Vísi á sínum tíma, ræddi ég eitt sinn við Eystein Jónsson, fyrrverandi formann Framsóknarflokksins. Þegar ég hringdi til hans og spurði hvort hann væri fáanlegur í helgarviðtal, sagði hann eftir stutta þögn: „Vísi! Jú, verður maður ekki að tala við alla nú til dags!“

Vel fór á með okkur Eysteini og mun betur þegar hann komst að því að við værum skyld. Bæði að austan. Upp frá því var ég frænka hans. Þegar skyldmenni hans bar á góma talaði hann um þau sem frænkur mínar og frændur og þegar fyrsta spjalli okkar lauk leiddi hann mig inn í svefnherbergi þeirra hjóna til að sýna mér litla frænku mína sem lá þar sofandi. Ég spurði hvort við værum ekki dálítið fjarskyld, en hann gerði lítið úr því. Skaplyndi og hæfileikar lægju í ættum. Einhver sameiginleg taug. Næst þegar ég kom var hann búinn að rekja okkur saman og gaf mér upplýsingar um forfeður okkar.

Ég kunni vel að meta þessa austfirsku frændrækni, enda alin upp við hana í báðum ættum. Eysteinn var náttúruunnandi og útivistarmaður. Þegar formlegu spjalli okkar var lokið spurði hann hvaða líkamsrækt ég stundaði. Þegar ég kvaðst ekki vera í neinu slíku, hélt hann að ég hefði misskilið sig. Hann væri ekki með leikfimisalí í huga, heldur hvað ég gerði til að halda mér í formi, ég hlyti að stunda sund, gönguferðir eða fara á skíði. „Ekkert af þessu,“ sagði ég. „Hvað er að þér, manneskja, ætlarðu ekkert að endast?!“



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | frændsemi

**Á friðarstóli**

Eysteinn Jónsson var merkur maður, eins og allir vita. Heiðarlegur, glöggur og skipulagður. Hann var auðvitað pólitískur og fylgdist vel með, en í samtali okkar var hann öðru fremur að líta yfir farinn veg. Við ræddum um stjórnmálamenn, lífs og liðna, og hann sagði frá samstarfi við suma þeirra og málefnum sem miklu skiptu.

Eftir að formlegu spjalli lauk, ræddum við yfir kaffibolla um eitt og annað. Eysteinn rifjaði upp sögur um lítil atvik og eiginleika forystumanna sem ekki voru á allra vitorði. Sumt var forvitnilegt og annað spaugilegt og ég spurði hvort við gætum ekki haft þetta í viðtalinu. Eysteinn tók það ekki í mál. Þetta væri spjall milli okkar. Þó að þarna væri ekki um stórmál að ræða, gætu einhverjir tekið það nærri sér og gert það að stórmáli. Upphlaup yrði af minna tilefni. Sagðist hann hafa verið í stormviðri stjórnmálanna frá unga aldri og notið þess. Nú sæti hann hins vegar á friðarstóli, og hefði ekki hugsað sér að láta óviðaröldurnar flæða yfir gröfina sína!

**Að vita allt um alla**

Í dag þætti að líkindum máttlaus blaðamennska að sækja ekki fast að fá að birta það sem myndi vekja athygli, þó að það væri ekki heimsslitamál. Óþolið gagnvart því að hver og einn eigi rétt á persónulegt líf eykst sífellt. Allir eiga heimtingu á að vita allt um alla. Bloggið og Fésbókin eru happasending fyrir einmana og einangrað fólk. Einnig skemmtileg afþreying, tækifæri til að komast í samband við gamla vini, en ekki síst til að tjá skoðun sína og fá viðbrögð við henni. En þarna er líka gróðurreitur spillingar. Ekki spillingar eins og bankar, auðmenn og stjórnmálamenn eru sakaðir um, heldur spilling á persónuleika. Gengisfelling virðingar fyrir sjálfum sér og öðrum. Spaugið í Áramótaskaupinu um manninn sem les á netinu að konan hans sé að skilja við hann er ekki spaug, heldur spegilmynd. Þetta er að gerast, er mér sagt af grandvöru fólki.

Góð frændsemi er dýrmæt, en vináttan er ein af bestu gjöfum tilverunnar. Framákona hrópar í vandlætingu á mótmælafundi að ráðherra hafi varað hana við að fara fram úr sér í ræðustólnum, og uppsker þau viðbrögð sem að er stefnt. Hún gefur ekki upp hver ráðherrann er, en neitar ekki þegar nafn eins þeirra er nefnt. Annar ráðherra sýnir þá fágætu reisn að senda bréf frá sjúkrabeði erlendis, þess efnis að hún sé sú sem gaf þessi ráð og segir það gert af vinarhug og með hagsmuni ræðumanns fyrir augum.

Þá kemur upp í hugann ráðleggingin góða:

Vinur þinn á vin, og vinur vinar þíns á vin – gættu orða þinna!

# Atlaga að almannahag

**UMRÆÐAN**

Gunnar Tómasson skrifar um efnahagsmál



GUNNAR TÓMASSON

**Nettó vaxtagjöld þjóðarbúsins:**

| | |
|---|---|
| 2004 | 2.9% |
| 2005 | 3.9% |
| 2006 | 8.0% |
| 2007 | 12.0% |
| 2008 | 19.3% |

Upplýsingar á vefsíðu Seðlabanka Íslands um greiðslujöfnuð þjóðarbúsins gagnvart útlöndum frá 2004 til septemberloka 2008 endurspegla stórfellda aukningu vaxtatekna og vaxtagjalda á þessu tímabili. Vaxtatekjur 2004 námu 8,8 milljörðum og jafngiltu 0,9% af vergri landsframleiðslu (VLF) en kunna að hafa hækkað í 210 milljarða og 14,8% árið 2008. Eins má ætla að vaxtagjöld hafi hækkað úr 35,5 milljörðum 2004 (3,8% af VLF) í um 486 milljarða og jafngilt 34,1% af VLF 2008. Með öðrum orðum, hrein vaxtagjöld þjóðarbúsins hafa hækkað úr 2,9% af VLF 2004 í 19,3% á nýliðnu ári, og hafa liðlega þrefaldast frá 2005. Frá 2006 til 2008 jafngilti hækkunin um 11% af VLF.

Ljóst er að hlutdeild Seðlabanka Íslands í auknum vaxtatekjum og gjöldum er lítil; gjaldeyrissjóður seðlabankans var aðeins 1,1 milljarður bandaríkjadala í lok 2004 og 2005 og hækkaði árlega um 0,3 milljarða dala 2006-2008. Aukningin endurspeglar því væntanlega viðbrögð markaðsaðila við hávaxtastefnu Seðlabankans og innlenda lánakerfisins sem færði þeim auðfenginn gróða í mynd vaxtamunar á erlendum og innlendum lánsfjármörkuðum. Margt er enn á huldu um viðskiptakerfi þessara aðila (lífeyrissjóða, sjávarútvegs- og fjárfestingafyrirtækja) en af síðustu fréttum má ráða að umbreyting gjaldeyrismarkaðarins í nokkurs konar svikamyllu hafi verið veigamikill hluti kerfisins.

Á tímabilinu 2006-2008 voru vaxtagjöld þjóðarbúsins 945 milljarðar, tekjur 422 milljarðar og nettó vaxtakostnaður 523 milljarðar – og jafngilti nær fjórum Kárahnjúkavirkunum (133 milljarðar). Hér er að miklu leyti um að ræða fórnarkostnað samfélagsins vegna vanhæfni yfirstjórnar íslenzkra peningamála í mynd óhaminnar útlánaþenslu lánakerfisins, glórulausra stýrivaxta Seðlabankans og meðfylgjandi okurvaxta innlenda lánakerfisins. Í Mbl.grein höfundar 30. maí 2006 („Hvar liggur ábyrgðin?“) var fjallað um umsögn sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem heimsótti Ísland fyrr í mánuðinum og taldi útlánaþensluna vera „hrikalega“ (e. staggering). Stjórnvöld létu reka á reiðanum enn um sinn. Lokaorð höfundar voru eftirfarandi: „Þetta er verra en grunnfærni – þetta er atlaga að almannahag.“

*Höfundur er hagfræðingur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**GRÆNA UMSLAGIÐ** mun berast lífeyrisþegum í pósti á næstunni en í því er áætlun fyrir árið 2009 sem sýnir lífeyrisgreiðslur sundurliðaðar eftir greiðslutegundum og mánuðum. Mánaðarlegir greiðsluseðlar verða því ekki lengur sendir út.



# ;ALLT



Sölufulltrúar **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447



Kristján Helgason telur mikilvægt að fólk fái reglulega útrás fyrir tilfinningar sínar í stað þess að byrgja þær inni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

# Reiðin á fullan rétt á sér

**Kristján Helgason notar hlátur sem hjálpartæki til að greiða úr sínum málum. Að hans mati má meðal annars nýta hláturinn til að virkja sköpunargáfuna, draga úr sársauka og auka almenna vellíðan í lífinu.**

„Hláturinn hefur hjálpað mér að losa um spennu, virkja sköpunargáfuna og leikgleðina og taka hlutunum ekkert alltof alvarlega. Afleiðingarnar eru þær að maður fer smám saman að sjá hlutina í allt öðru samhengi og hugsa í lausnum í stað þess að einblína á vandamálin,“ segir Kristján Helgason um reynslu sína af hláturjóga sem hann hefur stundað í fjögur ár.

Kristján segist þess fullviss að hægt sé öðlast aukna lífshamingju með ástundun jóga af þessu tagi og nefnir sem dæmi að hlátur geti losað um vöðvabólgu, liðaverki eða höfuðverk. Eins tilfinningalega spennu eins og kvíða, áhyggjur, óróleika eða óþolinmæði. Hlátur sé einhver besta aðferðin til að losa um streitu. Árangurinn skili sér í raun inn á flest svið daglegs lífs.

Áhugi Kristjáns á þessari tegund jóga varð til þess að hann fór að kenna öðrum aðferðina. Hann útskrifaðist síðan á síðasta ári af námskeiðinu Goodheart hláturmarkþjálfun, kennt við bandaríska sálfræðinginn Annette Goodheart, sem hefur undanfarin 38 ár notað hláturinn sem sitt aðaltæki til að aðstoða fólk við að greiða úr sínum málum. Í markþjálfun er athyglinni beint að því sem viðkomandi er að upplifa á líðandi stundu og hvert hann vill stefna frá þeim stað. Kristján er eini Íslendingurinn sem hefur lokið þjálfun í aðferðinni og hefur réttindi til að kenna fyrsta áfanga hennar.

„Hugmyndin að baki aðferðinni er mjög sérstök því á meðan oft er rætt um jákvæðar og neikvæðar tilfinningar hafnar hún alfarið slíkri aðgreiningu. Tilfinningar fá nefnilega alltof oft á sig einhvern neikvæðan stimpil, eins og reiði. En í raun á hún fullan rétt á sér. Reiðin er bara aðferð til að segja hingað og ekki lengra. Með henni erum við að sýna hvar mörkin liggja. Reiðina má líka nota sem stjórntæki, eins og sést hefur í mótmælunum. Hún er í eðli sínu hreyfiafl sem við getum nýtt þegar gengið er á okkar rétt. Við þurfum bara að gæta þess að ánetjast henni ekki.“

Kristján verður með fyrirlestur um hláturmarkþjálfun og kenningarnar sem liggja til grundvallar henni í Manni lifandi í Borgartúni á morgun frá klukkan 17.30 til 19.30.

*roald@frettabladid.is*

MaxMara MARINA RINALDI
ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR
MaxMara Hverfisgötu 6 • 101 Reykjavík • Sími 562 2862

Næstu fyrirlestrar og námskeið
Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is
21. jan. Goodheart hlátur- markþjálfun
*Kristján Helgason hláturjógakennari*
27. jan. Ég fitna sama hvað ég geri. Hvernig næ ég jafnvægi?
*Esther Helga Guðmundsdóttir ráðgjafi*
03. feb. Hvað er heilun?
*Kristján Viðar Haraldsson ráðgjafi*
07. feb. Hláturfundur Hláturkætiklúbbsins
*Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari.*
10. feb. Mataræði fyrr og nú - Næring í víðari skilningi
*Haraldur Magnússon osteópati*

ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI
Að samræma hollt mataræði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri
System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 29.900.-
Heimir Karlsson
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Ui
Upledger á Íslandi
**Upledger stofnunin á Íslandi heldur fyrsta áfangann í námi í höfuðbeina og spjaldhryggjarmeðferð, CSTI, 7. - 10. febrúar næstkomandi í Reykjavík.**
Námskeiðið er kennt á íslensku
Hádegismatur og kaffiveitingar innifalið í námskeiðsgjaldi.
Upplýsingar og skráning í síma 466-3090 eða á www.upledger.is

ÚTSALA
Patti húsgögn
VALDAR VÖRUR MEÐ ALLT AÐ 80% AFSLÆTTI







Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Útsala
25 - 70 % afsl.
af öllum vörum
Sturtuklefar - Baðinnréttingar
Hreinlætistæki - Blöndunartæki
Baðker ofl.
BAÐHEIMAR
Baðdeild Álfaborgar
Skútuvogi 4 - sími: 525 0800

**FERÐAÁÆTLUN** Ferðafélags Íslands fyrir árið 2009 kemur út 25. janúar. Á meðal nýjunga í ferðaáætluninni eru fjölskylduferðir í Þórsmörk undir yfirskriftinni María, María.







;ALLT HEIMILI

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;

Jóna María
512 5473

Hugi
512 5447


# Toyota hástökkvari

**Toyota á metið í fjölda seldra fólksbifreiða hér á landi á síðasta ári, nítjánda árið í röð.**

Af tíu vinsælustu fólksbifreiðunum sem seldar voru nýjar á síðasta ári eru fimm frá Toyota, samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu. Þar á meðal er mest seldi bíllinn Land Cruiser 120 en 485 bílar af þeirri gerð voru nýskráðir. Í öðru sæti var Toyota Yaris sem seldist í 478 eintökum og kom því fast á hæla Land Cruiser. Skoda Octavia skaust inn á milli Toyotanna. Af honum seldust 410 stykki. Svo verður talsvert rof en í fjórða og fimmta sæti voru Toyota Auris og Toyota Rav sem seldust í 289 og 280 eintökum.

Subaru Legacy var í 6. sæti í vinsældum með 255 bíla selda, Toyota Land Crusier 200 var í 7. sæti, 201 bíll seldist af þeirri gerð. Suzuki Grand Vitara var í 8. sæti með töluna 193, Honda CR-V VC í því 9. með 188 selda bíla og Hyundai Getz í 10. Af honum seldust 173 stykki. Alls voru fluttar inn 10.424 fólksbifreiðar á nýliðnu ári, þar af um fjórðungur frá Toyota.

Þetta er nítjánda árið í röð sem Toyota er mest seldi bíllinn á Íslandi. Umboðið hefur fengið viðurkenningu fyrir árangurinn á síðasta ári frá Toyota Motor Corporation, eins og fyrir árin 2007 og 2006.

Um 17.500 hundruð nýjar bifreiðar voru skráðar á hér á landi á nýliðnu ári. Það var mun minna en árið 2007, þá voru þær um 30.000. Metið var slegið árið 2005. Þá voru seldar nýjar bifreiðar af öllu tagi, ásamt bifhjólum rúmlega 31.000 og hoppuðu úr rúmum 19.000 árið áður.

Bílasala hefur farið rólega af stað á nýju ári að því er fram kemur í tölum Umferðarstofu. Í gær höfðu 130 nýskráningar átt sér stað frá áramótum, þar af voru 64 fólksbifreiðar. *- gun*



Land Cruiser 120 var vinsælastur nýrra bifreiða hér á síðasta ári. Hún seldist í 485 eintökum.



VW seldi 6,23 milljónir bíla á síðasta ári og er það 0,6% aukning frá árinu 2007.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Metár hjá Volkswagen

**Þrátt fyrir samdrátt á bílamarkaði seldi Volkswagen fleiri bíla í fyrra en árið á undan.**

Volkswagen átti metár í fyrra þrátt fyrir mikinn samdrátt á bílamarkaði. Alls seldi framleiðandinn 6,23 milljónir bíla á síðasta ári og er það 0,6% aukning frá árinu 2007, að því er fram kemur á vef Bílgreinasambandsins.

Að vísu dróst salan í Bandaríkjunum saman um 4,5% en það telst ekki mikill samdráttur í ljósi þess að bílasala vestanhafs féll um 18%. Í Indlandi, Rússlandi, Kína og Brasilíu var mikil söluaukning.

Í ágúst á síðasta ári sendi Volkswagen frá sér tilkynningu þar sem kom fram að framleiðandinn hafi farið fram úr Ford í sölu og sé nú þriðji stærsti bílaframleiðandi heims á eftir General Motors og Toyota. *- ve*













ÞRIÐJUDAGUR 20. JANÚAR 2009

## Gríðarlega skemmtilegt

**Erla Guðný Gylfadóttir keppir reglulega á hestamótum á ís.** SÍÐA 2






NORDICPHOTOS/GETTY













**Í Tungudal eru fjölbreyttar brekkur við allra hæfi.**

Barnalyfta og snjóbrettin eru ekki skilin útundan. Stökkpallar, bordercross brautir og fleira.

Gönguskíðasvæðið á Seljalandsdal er nánast alltaf opið þegar viðrar til útivistar. Brautir troðnar snemma á daginn 2,5, 3,5 og 5 km hringir. Frá Seljalandsdal liggja vegir til allra átta. Auðvelt að fara yfir á Breiðadalsheiði í Engidal. Einnig má fara upp á Kistufell og niður í Hnífsdal eða til Bolungarvíkur.

*Fullkomin lýsing er á báðum svæðum.*

**Best er að afla sér upplýsinga í talhólfi skíðasvæðisins 878 1011.**

# Rak augun í gamlan lager inni í sendibíl

Sparksleðar eru fremur sjaldgæf sjón á Íslandi nema helst á jólakortum. Á Akureyri er þó að lifna yfir notkun þeirra og það er meðal annars að þakka Birni Böðvarssyni sem kann að smíða slík öndvegissamgöngutæki.

Þeir sem voru svo heppnir að fá nýsmíðaða sparksleða í jólagjöf fagna harðfenni og haldi á vötnum því þar er færið best, að sögn Björns sem er Mývetningur að uppruna og flutti til höfuðstaðar Norðurlands fyrir tíu árum. Hann kveðst hafa alist upp við notkun sparksleða heima hjá sér á Gautlöndum enda henti þeir vel á ísilögðu vatni og oft hafi verið mikill snjór í sveitinni á uppvaxtarárum hans.

Nú fyrir jólin hóf Björn að föndra við að smíða svona sleða til gjafa en hvernig kom það til?

„Það kom þannig til að síðastliðið sumar var ég á ferð í Reykjavík og rak nefið inn í iðnaðarbíl hjá félaga mínum. Afi hans framleiddi svona sleða í gamla daga og ég rak augun í lager af efni í þá sem var á leiðinni út af verkstæði vegna þess að ekki var pláss fyrir það lengur. Hjá mér tók sig upp nýtni og nostalgía og ég hafði lagerinn út úr þessum félaga mínum og ákvað að gera eitthvað úr honum. Þar fékk ég efnið í sleðana að langmestu leyti tilbúið til samsetningar.“

Ekki býst Björn við að efnið hafi verið flutt inn tilsniðið heldur hafi afinn verið búinn að láta snikka það til. „Timbrið, sem er harðviður, var að mestu leyti formað svo ég þurfti bara að líma og skrúfa. Langminnst var til af járninu í meiðana en þar sem ég er vélsmiður hef ég græjað það og smíðað meiða úr stáli eftir þörfum. Þeir eru um 1,50 m að lengd og það er staðið á þeim aftan við sætið.“

Spurningu um hvort sleðarnir henti í brekkum svarar Björn játandi. „Þeir henta bara ekki í mjúkum snjó því þá sökkva þeir,“ tekur hann fram.

Hann segir Dalvíkinga sérstaklega spennta fyrir sleðunum enda sé notkun þeirra þar landlæg.

Framleiðslan hjá Birni takmarkast við það timbur sem hann hefur þegar fyrirliggjandi. „Þetta efni er örugglega rúmlega þrjátíu ára gamalt og ég ætla að klára lagerinn en held það svari ekki kostnaði að panta meira,“ segir hann og er að lokum spurður hvort hann hafi gaman af smíðinni. „Já,“ svarar hann. „Ég hef föndrað mikið úr járni en það er skemmtileg tilbreytni að smíða úr timbri.“ *-gg*



Feðginin Björn og Anna Soffía með fyrirtaks sparksleða á fannþöktum götum Akureyrar. MYND/HEIDA.IS



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það er einstök tilfinning að vera úti á miðju vatni á fjaðrandi mjúku tölti,“ segir Erla Guðný Gylfadóttir hestakona.

# Góðir hestar verða betri

**Margir hestamenn bíða og vona á hverjum vetri að aðstæður myndist til að ríða á ís. Ein þeirra er Erla Guðný Gylfadóttir sem hefur nokkra reynslu af því að keppa á svelli.**

„Það er ákveðin stemning að ríða á ís, hann gefur fjöðrun og góðir hestar verða oft enn betri við þessar aðstæður,“ segir Erla Guðný Gylfadóttir hestakona, sem keppt hefur á ísmótum bæði innanhúss og utan. Hún segir einnig talsverðan mun á því tvennu. „Að vera utandyra á ísilögðu vatni er toppurinn,“ segir Erla Guðný en þá er keppt á beinni braut og riðið fram og til baka. Þegar keppt er innanhúss er hins vegar riðið á hring. „Úti á beinni braut er meiri sókn í hestunum en innandyra og hestarnir njóta sín eflaust mikið betur,“ útskýrir Erla Guðný og bætir við að mikið erfiðara sé að ríða inni á manngerðum ís. Þar reyni meira á mýkt og þjálfun hestanna til að komast klakklaust í gegnum beygjurnar á hálum ísnum.



Erla Guðný á hestinum Smyrli frá Stokkhólma. Myndin er tekin í Skautahöllinni á landsliðstöltinu „Allra sterkustu“.

Innt eftir því hvort hestarnir verði ekki hræddir svarar Erla Guðný því til að oft verði þeir svolítið smeykir. Þá reyni á knapann að halda vel utan um hestinn enda leiti hestarnir oft meira í traust mannsins.

Á hverju ári eru haldin nokkur ísmót bæði innandyra sem utan. Stór mót hafa verið haldin á Svínavatni í Húnavatnssýslu, á Mývatni og á Eiðavatni á Austurlandi. „Þetta eru gríðarlega skemmtileg mót enda einstök tilfinning að vera úti á miðju vatni á fjaðrandi mjúku tölti,“ segir Erla Guðný glaðlega.

Þá hafa einnig verið haldin nokkur ísmót í skautahöllum landsins. Að öllum líkindum verða fjögur mót haldin í Skautahöll Reykjavíkur í ár: Þeir allra sterkustu, Svellkaldar konur, Ístölt og æskulýðsmót.

Erla Guðný er sérlega hrifin af ísmótinu Svellkaldar konur sem hefur verið haldið síðustu ár. „Þetta mót hefur verið fyrir konur á öllum aldri og nokkrir styrktarflokkar í boði. Það er alltaf gaman þegar konur koma í sínu fínasta pússi, með glansandi fallega hesta og keppa sín á milli. Það er mikil tilhlökkun og spenna og segja má að margar konur séu mjög hugaðar að ríða á ísnum, það þarf kjark til þess,“ segir Erla Guðný og finnst skemmtilegt að sjá heilu stórfjölskyldurnar saman komnar á áhorfendapöllunum að styðja sínar konur. *-sg*


MHG VERSLUN

MHG Verslun ehf Akralind 4 201 kópavogi
544-4656 www.mhg.is

Snjókeðjur fyrir vinnuvélar
og vöruflutningabíla á gamla genginu!
Sérsmíðum að þínum þörfum.

TRYGG BRIGGS & STRATTON GEHL Husqvarna Great experience swepac GUNNEBO For a safer world





GOTT FÓLK | 37516
HÉR VIRKAR HEIMAVÖRNIN BEST
Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring. – Njóttu þess að vera að heiman.
Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, www.securitas.is.
SECURITAS
HEIMAVÖRN

# Skíðamiðstöð Austurlands
## Oddsskarði

Austfirsku alparnir í Fjarðabyggð eru eitt skemmtilegasta skíðasvæði landsins. Þar er barnalyfta, góð aðstaða fyrir brettafólk, skíðaskáli með veitingaaðstöðu og lyfta sem nær upp í 840 m yfir sjávarmáli.

Mikið er um að vera á páskunum á Páskafjöri þar spilar meðal annars ekta tírólahljómsveit ásamt fleiri spennandi viðburðum.

**Kíktu á**
**www.oddsskard.is**










Fjúka-dúnúlpa frá Zo-on með áfastri hettu og loðskinni sem hægt er að taka af. Einnig er hægt að taka ermar af.


Fönn-skíðajakki frá Zo-on er tveggja laga með filmu sem veitir vörn gegn vatni og vindum. Snjóvörn í mittið.


Daði. Hálfrennd sportleg peysa úr technostretch-efni frá Cintamani. Hentar vel sem innsta lag eða utan yfir nærbol.






Fönn-skíðabuxur frá Zo-on með snjóvörn í skálmum. Saumar límdir og buxurnar eru vatns- og vindheldar.


Hlífa-peysa frá Zo-on úr mjög teygjanlegu, vatnsfráhrindandi og vindheldu efni. Hentar innan undir jakka eða sem ytri flík í hlýrri veðrum.

Aron-buxur. Rennilás á skálmum sem víkka buxurnar út að neðan og þær passa þá fullkomlega yfir göngu eða skíðaskó. Teygja í mitti. Henta vel sem innsta lag eða utan yfir ullarnærfatnað.

# Klædd eftir veðri

**Eftir inniveru og vellystingar undanfarna daga er kominn tími á að fara út og hreyfa sig.**

Nauðsynlegt er að klæða sig eftir veðri en íslensk veðrátta getur verið ansi breytileg. Gott er því að treysta á íslenska hönnun þegar kemur að útivistarfatnaði en fyrirtækin Cintamani og Zo-on hanna útivistarfatnað fyrir íslenskar aðstæður. Fatnaður frá Cintamani fæst í verslunum um allt land, meðal annars í Cintamani-verslun-inni við Laugaveg, Útilífi og Sportveri á Akureyri. Vörur frá Zo-on fást einnig um allt land, meðal annars í Intersport í Reykjavík, Golfbúðinni, Dalshrauni í Hafnarfirði og Sportveri á Akureyri. Nánari upplýsingar á vefsíðunum www.cintamani.is og www.zo-on.is.

*- rat*


Áslaug-flíspeysa með stroffi frá Cintamani. Rennilás sem hægt er að renna í báðar áttir og tveir renndir vasar.

# Þátttakan fram úr björtustu vonum

Aðsókn í verkefnið Hreyfing og útivist, ókeypis heilsurækt á Akureyri hefur farið fram úr björtustu vonum. Verkefnið fór af stað síðastliðinn fimmtudag og var upphaflega hugsað fyrir þá sem misst hefðu vinnu en var auglýst sem ókeypis heilsurækt fyrir alla.

Jónatan Magnússon handboltakappi heldur utan um verkefnið og er að vonum ánægður með viðtökurnar. „Allt sem við höfum boðið upp á hefur fallið vel í kramið en það mættu yfir hundrað manns fyrsta daginn. Besta mætingin er í tímana milli klukkan 14 og 15 fyrir konur í jóga og leikfimi, en það mættu líka margir í gönguskíðin sem voru í gærmorgun og mjög margir í karlafótboltann. Dagskráin er nokkuð fjölbreytt og gaman að segja frá því hvað þetta hefur mælst vel fyrir hjá breiðum hópi fólks og hvað allir eru ánægðir,“ segir Jónatan.

Öll afþreying og námskeið, sem í boði verða, eru ókeypis fyrir alla en Samherji hf. er aðalbakhjarl verkefnisins. Á vef Knattspyrnufélags Akureyrar, www.ka-sport.is, er að finna allar upplýsingar um þá þjónustu sem er í boði og stundartöflu.

*- rat*


Hreyfing og útivist er ókeypis heilsurækt á Akureyri fyrir alla. Boðið er upp á skíðagöngu í Kjarna, leikfimi, fótbolta og jóga svo eitthvað sé nefnt.

MYND/ÚR EINKASAFNI




Hrefna Borg æfir listskauta af miklum móð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Æfir Axel, Lutz og fleiri listir

**Hrefna Borg Brynjarsdóttir er gömul í hettunni í skautaíþróttinni þótt hún sé ekki nema ellefu ára.**

„Þetta verður sjötta árið mitt," segir Hrefna, sem æfir listskauta af miklum móð og hefur gert frá sex ára aldri. Ekki man hún sérstaklega ástæðu þess að hún fór að æfa listskauta en telur þó líklega hafa spilað inn í áhuga hjá sér til að prófa eitthvað nýtt enda skautaíþróttin ákaflega heillandi íþrótt.

„Mér fannst strax mjög gaman," segir Hrefna, sem æfir með Skautafélagi Reykjavíkur í Laugardal. Ekkert eitt stendur upp úr í íþróttinni að mati Hrefnu heldur finnst henni allt sem snýr að skautunum skemmtilegt. Enda er ekki vanþörf á að hafa gaman þar sem Hrefna æfir fimm daga vikunnar, alla daga nema föstudaga og laugardaga, en hver æfing er um klukkutími.

Hún stendur sig vel í keppni. „Ég hef keppt fimm sinnum og verið að sýna síðan ég var sex ára," segir Hrefna sem hefur þrisvar lent í fyrsta sæti og tvisvar í því fjórða. Í keppni sýnir hver einstaklingur dans með ýmiss konar miserfiðum stökkum og sporum. Hún er beðin um að nefna nokkur stökk og telur þá fram Axel og Lutz. „Ég er að æfa þessi stökk en þau takast nú ekki alltaf," segir hin skelegga Hrefna sem er nýlega komin í nýjan skautahóp.

Þrátt fyrir miklar annir hefur Hrefna tíma fyrir fleiri áhugamál. Hún æfir á píanó og er nýhætt að æfa fótbolta þótt það hafi aðeins verið á sumrin. „Svo er ég stundum í golfi á sumrin," segir hún og finnst lítið mál að stunda skólann þrátt fyrir að mikið sé að gera í tómstundalífinu.

Ekki ætlar Hrefna þó að leggja fyrir sig skautaíþróttina. Innt eftir því hvað hún ætli að verða þegar hún er orðin stór segist hún vilja verða hönnuður. „Mig langar að vinna með leir og stunda myndlist," segir hin fjölhæfa Hrefna, sem málar töluvert í þeim frístundum sem gefast frá skautum, píanónámi og skóla.

*- sg*

# Vetraríþróttir fatlaðra

Íþróttasamband fatlaðra og Vetraríþróttamiðstöð Íslands standa fyrir ráðstefnu og námskeiðum um útivist og vetraríþróttir fatlaðra í Hlíðarfjalli við Akureyri dagana 6. til 10. mars næstkomandi. Sérstakur gestur ráðstefnunnar verður Beth Fox frá Colorado-ríki í Bandaríkjunum. Hún hefur unnið með fötluðum í útivist síðastliðin tuttugu og fimm ár en í Colorado stunda fatlaðir útivist af miklum krafti.

„Þetta er annað árið í röð sem hún Beth Fox kemur hingað en hún er að hjálpa okkur að fara af stað með útivistarprógramm bæði að vetri og sumri, fyrir fatlaða. Við höfum verið í samstarfi við aðila í Bandaríkjunum, bæði í Aspen og í Winter Park, og erum að kenna bæði leiðbeinendum og fötluðum en okkur vantar fleiri leiðbeinendur til að þetta geti gengið betur upp," segir Þröstur Guðjónsson, íþróttakennari og fulltrúi vetraríþróttanefndar Íþróttasambands fatlaðra.



Ráðstefnan og námskeiðið eru bæði ætluð fyrir fatlaða og aðra áhugasama. MYND/ÍÞRÓTTASAMBAND FATLAÐRA

Ráðstefnan og námskeiðið eru ætluð fyrir fatlaða íþróttaiðkendur, aðstandendur þeirra, fagfólk og fyrir þá sem starfa með fötluðum og hafa áhuga á útivist fyrir þá. „Allur útbúnaður fyrir vetrarprógrammið er til í Hlíðarfjalli en útbúnaðurinn er mismunandi eftir fötluninni," segir Þröstur áhugasamur og heldur áfram: „Við erum í dag komin með keppanda sem er að æfa og keppa í Winter Park í Colorado og stefnir hún á Ólympíuleikana. Þetta er íslensk stúlka frá Egilsstöðum, Erna Friðriksdóttir. Síðan eru fleiri að koma til. Annars horfum við líka til almennings og þess vegna þurfum við fleiri leiðbeinendur." Þröstur nefnir að aðalatriðið sé að fólk komi og kynni sér hvað sé í boði.

Beth Fox mun halda kynningu á útivistarstarfsemi fatlaðra 7. mars og þá munu aðstandendur einnig deila reynslu sinni, en málþing verður haldið í Hlíðarfjalli um vetraríþróttir fatlaðra 10. mars.

*- hs*



Allur útbúnaður fyrir vetrarprógrammið er til í Hlíðarfjalli en hann er mismunandi eftir fötlun.



Krakkarnir í Fjarðabyggð hafa verið dugleg að sækja skíðabrekkurnar að undanförnu. MYND WWW.ODDSSKARD.IS

# Áhuginn eflist í Oddsskarði

Skíðasvæðið í Oddsskarði hefur verið opið tíu daga frá áramótum þrátt fyrir lítinn snjó, að sögn Dagfinns Ómarssonar umsjónarmanns. „Nú er þetta allt að koma," segir hann kampakátur. „Það hefur snjóað í allan morgun (í gær) og snjórinn er kominn í 50 sentimetra."

Dagfinnur segir nýjan troðara hafa verið keyptan í fyrra og auðvelt sé að færa snjó til í fjallinu þannig að hann nýtist skíðafólki. Barnalyftan er opin og neðri lyftan í háu brekkunni. Hún byrjar í 513 metrum og nær upp í 750.

Dagfinnur segir skíðaáhuga vera að aukast fyrir austan og krakkana í Fjarðabyggð hafa verið duglega að sækja brekkurnar að undanförnu.

*- gun*



Þorrinn

Sérblað um Þorrann fylgir Fréttablaðinu á fimmtudaginn 22. Janúar

Auglýsendur vinsamlegast hafi samband við:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is
Bjarni Þór í síma 512 5471 eða bjarnithor@365.is
Hlynur í síma 512 5439 eða hlynurs@365.is
Benedikt í síma 512 5411 eða eða benediktj@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Hlíðarfjall
hlidarfjall.is • 462-2280 Akureyri

Vinir Hlíðarfjalls eru leiðandi fyrirtæki í íslensku atvinnulífi sem hafa stutt snjóframeiðslu í Hlíðarfjalli síðan 2006. Í tilefni af frábærum árangri bjóða vinir Hlíðarfjalls öllu skíða og snjóbrettafólki frítt í fjallið um helgina 21. og 22. janúar.

Renndu þér í Hlíðarfjall um helgina í boði Vina Hlíðarfjalls.

KEA · Icelandair · SBA-Norðurleið · Landsbankinn · EJS · Flugfélag Íslands · Bílaleiga Akureyrar · Baugur Group · Glitnir · ISS Ísland · Saga Capital · Greifinn · Eimskip · Sjóvá



Sumum líður hvergi betur en hangandi utan í þverhníptu bergi.



Ísklifurgarpur fikrar sig upp hált ísþilið.



Fyrir suma er ekki nógu spennandi að skíða niður brattar brekkur. Þá er sniðugt að halda sér í stóran flugdreka og fljúga niður fjallið.

# Hratt, hátt og hættulegt

**Áhættu og kjark þarf til að stunda sumar íþróttir. Aðrar íþróttir eru hreinlega lífshættulegar og aðeins þeir fífldjörfustu sem hætta sér í þær.**

Hreyfing er heilsusamleg og margir sem stefna á það á nýju ári að stunda íþróttir í meira mæli til að minnka magaummálið. Hreyfing hefur einnig góð áhrif á andlega heilsu enda er heilbrigð sál í hraustum líkama.

Sumum leiðast hins vegar tilbreytingalaus hlaup á hlaupabretti, sveittir tækjasalir eða að hreyfa sig í takt með fimmtíu öðrum í leikfimisal. Þeir leita þá frekar í skíðabrekkur, í fjallaklifur eða teygjustökk. Hér eru nokkrar myndir af fólki sem hefur farið út á ystu nöf í íþróttaiðkun. *- sg*



Ef almennt fjallaklifur þykir ekki nógu spennandi, er hægt að kasta sér fram af klettum. Það ætti að auka adrenalínflæðið.

TILBOÐSDAGAR 25%-70% afsláttur
AF ÖLLUM VÖRUM
út janúar.



NÁMSKEIÐ!
Höldum aftur námskeið í febrúar.
Nánari upplýsingar og skráning í verslun okkar, sími 561 0060
Atson
Leðuriðjan ehf. Atson - Brautarholti 4, 105 Reykjavík
Sími 561-0060 - www.atson.is

# Sætur og ljúfur súkkulaðidrykkur

Fátt er notalegra en bolli af heitu súkkulaði á köldum vetrardegi. Þrátt fyrir að súkkulaðið eitt og sér sé ávallt gómsætt þá eru til ýmsar uppskriftir að góðum og spennandi súkkulaðidrykkjum. Sumir blanda chili, engifer eða vanillu út í drykkinn og eins er vinsælt að bæta sykurpúðum út í hann.

Gera má sætt sætara og þá eru bústnir sykurpúðar kjörið hráefni. Hér á eftir er girnileg uppskrift að kakódrykk með sykurpúðum úr bókinni Matarást eftir Nönnu Rögnvaldardóttur.

Ef lítill tími er til stefnu má síðan alltaf kaupa sér Swiss Miss þó svo heitt súkkulaði úr alvöru súkkulaðiplötum sé eiginlega toppurinn.



Sykurpúðar eru ómótstæðilegir svamlandi um í girnilegu súkkulaðifljóti.
GETTY/NORDICPHOTOS

## Kakó með sykurpúðum

5 dl mjólk
8-12 sykurpúðar
1 msk. kókómalt
1 msk. kakó
2 msk. brandí eða romm

*Hitið mjólkina að suðu. Setjið helminginn af sykurpúðunum í skál, hellið mjólkinni yfir og hrærið þar til púðarnir eru bráðnaðir. Setjið kókómaltið og tvær teskeiðar af kakóinu í aðra skál eða könnu og hellið hluta af mjólkinni yfir og hrærið þar til duftið leysist upp. Bætið brandí eða rommi út í og síðan afganginum af mjólkinni. Hellið í bolla, skiptið sykurpúðunum niður á bollana og sigtið svolítið kakó yfir. Berið fram vel heitt í fallegum bolla og njótið vel í góðum félagsskap.* *- hs*



Snjóbyssurnar, sem eru tíu talsins í Hlíðarfjalli, þeyta vatni upp í loft. Það fellur síðan til jarðar sem snjór.
MYND/MYNDRÚN EHF.

# Snjóframleiðsla tryggir rekstur

Snjóframleiðslukerfið í Hlíðarfjalli, sem var formlega tekið í notkun í lok árs 2005, hefur að sögn Guðmundar Karls Jónssonar, forstöðumanns VMÍ og Hlíðarfjalls, reynst afskaplega vel og er nauðsynlegt til að tryggja heildstæðan rekstur á svæðinu.

„Við byrjum að framleiða snjó í lok október og um miðjan nóvember getum við venjulega opnað eina til tvær brekkur. Nú hefur verið opið hjá okkur í 61 dag en ef snjóframleiðslunnar nyti ekki við værum við í mesta lagi að tala um svona tíu daga frá opnun.“

Guðmundur segir snjó hafa minnkað til muna síðustu áratugi og nær óhugsandi sé að reka skíðasvæði án snjóframleiðslu í dag en hún fer einnig fram á Dalvík og Sauðárkróki og er fyrirhuguð í Bláfjöllum.

Til að framleiðslan skili árangri þarf lofthiti að vera undir frostmarki. Hún fer þannig fram að vatni er dælt undir þrýstingi að snjóbyssum, sem síðan þeyta vatninu upp í loft þar sem það kristallast og fellur til jarðar sem ósvikinn snjór.

*- ve*

# Maísbaunir sem beita

Ísdorg er íþrótt sem nýtur mikilla vinsælda í Kanada, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi. Hún er aðallega stunduð á Íslandi frá febrúar til aprílloka.

„Menn notast helst við maísbaunir úr dós sem beitu en þó er líka hægt að nota rækjur eða hvítmaðk,“ segir Ásgeir Halldórsson, innkaupastjóri veiðideildar Intersports.

„Í gamla daga var hvítmaðkurinn mikið notaður og veit ég að nokkrir íbúar í Mývatnssveit sem stunduðu ísdorg af krafti gerðu það.

Sá var siðurinn í þá daga að maðkurinn var frystur yfir veturinn; svo saumuðu konurnar ullarpoka sem mennirnir bundu við hnén á sér og létu ormana þiðna í þeim. Maðkurinn var tekinn úr pokanum þegar hann var farinn að hitna, látinn undir tunguna þar til hann fór að sprikla og þá settur á öngulinn.“

Áður en farið er í ísdorg er að sögn Ásgeirs mikilvægt að hafa meðferðis nauðsynlegan búnað. Fyrir utan góðan og hlýjan klæðnað er þörf á að hafa með sér ísbor, veiðistöng og beitu, sem og sigti til að ná upp krapinu sem verður í gatinu á ísnum eftir að búið er að bora í hann.

Ásgeir bendir þó á að áhuginn á ísdorgi hafi minnkað hérlendis sem sjálfsagt megi rekja til loftslagsbreytinga. „Enda ekki hægt að stunda ísdorg nema í bítandi kulda,“ bendir hann á.

*-aóv*



Hlý föt eru nauðsynleg fyrir ísdorgarann.



Frá kvennaferð 4x4. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Karlarnir skildir eftir heima

Kvennaferð Ferðaklúbbsins 4x4 hefur verið farin á hverju ári frá 2002. Þá setjast konurnar undir stýrið á stóru fjallabílunum og skilja karlana eftir heima. Þessar ferðir eru rómaðar fyrir góða stemningu en einn tilgangur slíkra ferða er einnig að sýna fram á að jeppasportið sé ekki aðeins fyrir karla.

Í ár verður kvennaferð 4x4 farin helgina 27. febrúar til 1. mars. Að þessu sinni er blásið til óvissuferðar á kvenlegum og skemmtilegum nótum.

Allur undirbúningur er í fullum gangi en nánar verður sagt frá ferðatilhögun á næstunni. Best er að fylgjast með á vefsíðunni www.f4x4.is.

*- sg*





# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2009

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

**Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum.**

**1) Hvunndagshetjan**
Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

**2) Frá kynslóð til kynslóðar**
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

**3) Til atlögu gegn fordómum**
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

**4) Heiðursverðlaun**
Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

**5) Samfélagsverðlaunin**
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar.
Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.
**Frestur til að senda tilnefningar er til hádegis mánudaginn 26. janúar.**

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

IVANA TRUMP ER SEXTUG Í DAG

*„Að líta frábærlega út er besta hefndin.“*

***Ivana var gift milljónamæringnum Donald Trump í 14 ár. Þau skildu vegna framhjáhalds Donalds og þótti Ivana semja vel um framfærslueyri. Hún þykir jafnan bera aldurinn vel og sást til hennar hverfa af hóteli með ungan franskan mann upp á arminn fyrir stuttu.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 20. JANÚAR ÁRIÐ 1984

## *Johnny Weissmuller fellur frá*



Peter Johann Weissmuller var 79 ára þegar hann lést á þessum degi árið 1984. Hann var mikill sundkappi en hann vann fimm gullverðlaun á Ólympíuleikunum og eitt brons, auk þess að setja 67 heimsmet í sundi. Þegar ferli hans sem sundkappa lauk gerðist hann leikari og fór með hlutverk Tarzans í tólf myndum. Hann þótti skila hlutverkinu vel og er Tarzan-öskur hans gjarnan enn notað í kvikmyndum.

Weissmuller fæddist í Ungverjalandi árið 1904 og fluttist sem ungbarn með foreldrum sínum til Ameríku þar sem yngri bróðir hans fæddist. Hann var uppgötvaður sem sundkappi á unglingsárunum þegar hann vann sem lyftuvörður í íþróttaklúbbi í Illinois. Hann komst í ameríska Ólympíuliðið með því að nota fæðingardag og nafn yngri bróður síns og segjast hafa fæðst í Pennsylvaníuríki.

Weissmuller kvæntist fimm sinnum og eignaðist þrjú börn með þriðju konu sinni. Hann varð heilsulítill á seinni árum eftir að leik- og sundferli lauk. Hann mjaðmarbrotnaði og fótbrotnaði árið 1974 og þá hrakaði heilsunni ört og þrátt fyrir íþróttaferil sinn og æfingar var hann hjartveikur.

Að beiðni hans var Tarzan-öskrið hans fræga spilað í jarðarförinni.

**MERKISATBURÐIR:**

**1840** Willem II krýndur konungur Hollands.
**1841** Kína missir Hong Kong í hendur Breta.
**1939** Hitler tilkynnir þýska þinginu um fyrirætlaða útrýmingu allra evrópskra gyðinga.
**1957** Vilhjálmur Einarsson er valinn íþróttamaður ársins 1956.
**1971** John Lennon hittir foreldra Yoko Ono í Japan.
**1974** Snjódýpt á Hornbjargsvita mælist 218 sentimetrar.
**1991** Skíðaskálinn í Hveradölum brennur.
**1993** Leikkonan Audrey Hepburn fellur frá 63 ára að aldri.
**2009** Barack Obama settur í embætti forseta Bandaríkjanna.

# Nýtt lýðveldi í kjölfar bankahrunsins

Ágúst Þór Árnason, aðjúnkt við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri, heldur fyrirlestur á Lögfræðitorgi í Háskólanum á Akureyri í hádeginu í dag undir yfirskriftinni Ný stjórnarskrá – nýtt lýðveldi?

Í erindi sínu leitar Ágúst svara við þeirri spurningu hvort nýrri stjórnarskrá fylgi óhjákvæmilega nýtt lýðveldi vegna umræðu undanfarið um pólitíska endurreisn í kjölfar bankahrunsins, en tillögur og kröfur um nýja stjórnarskrá hafa komið fram ásamt þeirri hugmynd að með nýrri stjórnarskrá væri lagður grunnur að nýju lýðveldi á Íslandi.



Fyrirlesturinn verður fluttur við Háskólann á Akureyri í dag.




**FRÁBÆR TILFINNING** Bryndís Svavarsdóttir hefur hlaupið yfir hundrað maraþon um ævina en hún hljóp hundraðasta hlaupið í Flórída á þriðjudaginn var.

MYND/LÚTHER ÞORGEIRSSON

**BRYNDÍS SVAVARSDÓTTIR:** HEFUR HLAUPIÐ HUNDRAÐ MARAÞONHLAUP

# Stórum áfanga náð á hlaupum

Bryndís Svavarsdóttir hljóp sitt hundraðasta maraþonhlaup 12. janúar síðastliðinn. Hundraðasta hlaupið hljóp hún í Flórída í DisneyWorld-maraþoninu en Bryndís hefur sett sér það takmark að hlaupa í öllum ríkjum Bandaríkjanna. Þegar Fréttablaðið náði tali af Bryndísi í vikunni hafði hún hlaupið í 33 ríkjum.

„Þá eru sautján ríki eftir en við hjónin komum heim 28. janúar og þá hef ég væntanlega hlaupið fjögur maraþon í þremur ríkjum, Mississippi, Georgíu og Flórída. Ég hef áður hlaupið í Flórída svo það bætast bara tvö ný ríki við í þessari ferð. Þetta er að vísu rándýrt að ferðast svona mikið og langt en það er gaman og við sjáum meira en hinn venjulegi ferðamaður.“

Bryndís byrjaði að skokka árið 1991 en fram að því hafði hún ekkert hlaupið eða stundað íþróttir að ráði. Auk þess að hlaupa í Bandaríkjunum hefur hún tekið þátt í maraþonhlaupum víða í Evrópu og hér heima. Hún hleypur alltaf heil maraþon og innt eftir því hað hún hugsi um á langhlaupunum segist hún í gríni ekki hafa áhyggjur af því hvort hún hafi slökkt undir pottunum áður en hún fór út úr húsi.

„Nei, ég þarf ekkert að hafa áhyggjur af pottunum í útlöndum og maðurinn, þessi elska, er oftast tilbúinn með matinn þegar ég kem úr hlaupi hér heima. Ég útskrifaðist með BA-gráðu í guðfræði í október síðastliðnum svo ég hugsa oftast um prédikanir og biblíuvers á hlaupunum og hvað ég er blessuð að geta leyft mér þennan munað. Við hjónin eigum fjögur börn, fimm barnabörn og það sjötta er á leiðinni og fjölskyldan tekur þessu áhugamáli mínu vel.“

Bryndís segir tilfinninguna við að koma í mark eftir hundraðasta hlaupið hafa verið einstaka og er hvergi nærri hætt að hlaupa. „Ég byrjaði mjög vel í hlaupinu en var svo óheppin að detta og hrufla mig á hægri hendi og fæti, sem var þó þolanlegt. Tilfinningin að koma í mark var frábær því þarna er stór áfangi að baki. Ég hef ekkert ákveðið hvenær ég hætti.“

**heida@frettabladid.is**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hjördís Karlsdóttir**

ljósmóðir, Melalind 8, Kópavogi,

sem lést laugardaginn 10. janúar, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 22. janúar kl. 13.00.

**Sigurður Gísli Bjarnason**
**Guðrún Hjálmarsdóttir** **Símon Friðriksson**
**Steinunn Þorsteinsdóttir**
**Sigrún Sigurðardóttir** **Ásgrímur Þór Pálsson**
**Steinar Sigurðsson** **Ragnhildur Sverrisdóttir**
**Ragnhildur Sigurðardóttir** **Smári Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Okkar ástkæra móðir og tengdamóðir,*

**Hildur Sigurbjörnsdóttir**

er látin. Útför hennar fer fram í kyrrþey að ósk hennar látnu.

**Ólöf Lilja Stefánsdóttir** **Sigþrúður B. Stefánsdóttir**
**Sævar Gunnarsson** **Óskar Baldursson**
**barnabörn, barnabarnabörn, barnabarnabarnabarn.**



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurjóna Steingrímsdóttir**

Hjúkrunarheimilinu Eir, áður Hagamel 35, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Neskirkju á morgun, miðvikudaginn 21. janúar kl. 11.00.

**Gylfi Guðmundsson** **Marta Sigurðardóttir**
**Edda J. Gylfadóttir** **Guðlaugur Viktorsson**
**Þórunn H. Gylfadóttir** **Þorsteinn S. Guðmundsson**
**Guðmundur Gylfason** **Valgerður Erlingsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



†

*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Hulda Guðmundsdóttir**

frá Hrafnagili, síðast til heimilis að Heiðarvegi 40, Vestmannaeyjum,

lést á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja 9. janúar sl. Jarðarför hennar fer fram frá Landakirkju laugardaginn 24. janúar kl. 14.00.

**Hrafnhildur Helgadóttir**
**Helga Helgadóttir** **Georg Hermannsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

# Fyrirlestur um bata alkóhólista

Erla Björg Sigurðardóttir, félagsráðgjafi og forstöðumaður heimila fyrir karla sem eiga við vímuefnavanda að stríða, heldur fyrirlestur um áhrif neyslu áfengis og annarra vímuefna á fjölskylduna og batahorfur, í stofu 201 í Odda í dag.

Talið er að eitt af hverjum fjórum börnum búi á einhverjum tíma í uppvextinum við vímuefnasýki einhvers í fjölskyldunni. Slíkar aðstæður geta valdið sálrænum og félagslegum vanda.

Í fyrirlestrinum, sem hefst klukkan 12, verður meðal annars fjallað um að hægt sé að meðhöndla alkóhólisma/vímuefnafíkn en að það megi búast við bakslagi. Batahorfur grundvallist á mörgum samhæfðum þáttum, eins og líkamlegri heilsu, persónuleika, geðheilsu og félagslegri færni hins vímuefnasjúka. Félagslegt stuðningsnet hefur áhrif á langtíma batahorfur og þar er fjölskyldan mikilvæg.



Í fyrirlestrinum verður meðal annars fjallað um að hægt sé að meðhöndla alkóhólisma/vímuefnasýki en búast megi við bakslagi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Capacent veitti Rauða krossi Íslands 500.000 krónur til styrktar Hjálparsímanum 1717. MYND/CAPACENT

# Capacent styrkir Hjálparsímann

Capacent afhenti Rauða krossi Íslands 500.000 krónur til styrktar Hjálparsímanum 1717 í þakklætisskyni við þátttakendur í símakönnun á vegum Capacent Gallup síðasta desember. Þar runnu 1.000 krónur af hverju samtali til styrktar Hjálparsímanum en könnunin, sem var alþjóðleg, snérist um efnahagsástandið og hagi landsmanna.

„Könnunin var í lengri kantinum miðað við okkar kannanir þannig að við vildum hvetja fólk til að svara og styrkja um leið þetta góða málefni,“ segir Einar Einarsson, framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs Capacent.

„Við vissum líka að símtölum í Hjálparsímann hefur fjölgað umtalsvert á síðustu mánuðum og því kæmi þetta sér afar vel,“ bætir hann við.

---



*Elsku móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ásbjörg Guðgeirsdóttir**
Roðasölum 1, Kópavogi,

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 21. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Hildisif Björgvinsdóttir, Sigurður Ólafsson**
**Kjartan Björgvinsson**
**Björgvin Sigurðarson, Daníel Sigurðarson.**

---



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur, bróðir og afi,*

**Birgir Axelsson**
Hraunbæ 194, 110 Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 21. janúar klukkan 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur, sími 561 3770.

**Steinunn Bjartmarsdóttir**
**Einar Gunnar Birgisson**
**Bjartmar Birgisson, Ásta Björk Sveinsdóttir**
**Axel Valur Birgisson, Berglind Kristinsdóttir**
**Áslaug Guðlaugsdóttir**
**Kristín Axelsdóttir, Árni Ísleifsson**
**Edda Axelsdóttir, Ómar Friðriksson**
**Sveinn Andri, Álfheiður Edda, Birgir Þór, Anna Vala og Bergþór.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns og föður,*

**Freysteins Sigurðssonar**
jarðfræðings
og heiðruðu minningu hans.

Sérstakar þakkir til allra þeirra er aðstoðuðu bæði hann og okkur í langvarandi veikindum hans.

**Ingibjörg Sveinsdóttir**
**Ragnhildur Freysteinsdóttir.**

---



*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Helgi Kristján Halldórsson**
Sævarlandi 14,

sem lést þriðjudaginn 13. janúar, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 22. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á minningarsjóð félags aðstandenda Alzheimer sjúklinga, FAAS í síma 533 1088.

**Elísabet Gunnlaugsdóttir**
**Lára V. Helgadóttir, Eiríkur Jónsson**
**Margrét H. Helgadóttir, Siegfried Hugemann**
**Gunnlaugur Helgason, Ágústa Valsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurðar Klemenzsonar**
Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður Búðarflöt, Álftanesi.

**Sigurrós Grímsdóttir**
**Gunnar Sigurðsson, Jóna Guðlaugsdóttir**
**Hallgrímur Sigurðsson, Sólveig Einarsdóttir**
**Bertha María Sigurðardóttir, Róbert Þórðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur bróðir okkar og frændi,*

**Lárus Ellert Kristmundsson**
bóndi, Efri-Brunnastöðum,
Vatnsleysuströnd,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 18. janúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Gísli Scheving**
**Eggert Kristmundsson**
**Elín Kristmundsdóttir**
**Anna Scheving**
**Hallgrímur Kristmundsson**
**Skarphéðinn Scheving Einarsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Okkar ástkæra*

**Halla Sigurðardóttir**
Mýrargötu 18, Neskaupstað,

lést á Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar fimmtudaginn 15. janúar. Útför hennar fer fram frá Safnaðarheimili Norðfjarðar fimmtudaginn 22. janúar kl. 14.

**Vandamenn**

---



*Faðir minn,*

**Hlöðver Kristinsson**
Kríuhólum 2, Reykjavík,

lést 8. janúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Fyrir hönd aðstandenda,

**Hermann Clausen Hlöðversson.**

---



*Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Stefáns G. Péturssonar**
Tröllagili 14.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Dvalarheimilinu Hlíð og læknum sem önnuðust hann af mikilli alúð í veikindum hans. Guð blessi ykkur öll.

**Kristbjörg Magnúsdóttir**
**Helgi Magnús Stefánsson, Helga Kristjánsdóttir**
**María Sigurbjörg Stefánsdóttir, Leiknir Jónsson**
**Svandís Ebba Stefánsdóttir, Jóhannes Páll Héðinsson**
**Anna Kristín Stefánsdóttir, Anfinn Heinesen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Vilborg Rannveig Sólbergsdóttir**
Gullsmára 9, Kópavogi,

lést sunnudaginn 4. janúar síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Kolbeinn Jakobsson**
**Eiríkur Kolbeinsson**
**Ólafur Kolbeinsson, Arnþrúður Karlsdóttir**
**Dagný Birta Dan Ólafsdóttir**
**Brynjar Logi BaoFu Ólafsson**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Sigurjónsdóttir**
frá Eyrakoti, Hlaðhömrum 2,
270 Mosfellsbær,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 16. janúar. Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 22. janúar kl. 15.00.

**Gestur Ó. Karlsson, Áshildur Emilsdóttir**
**Sigurjón Karlsson, Valgerður Jónsdóttir**
**Gróa Karlsdóttir, Lárus E. Eiríksson**
**Andrés Karlsson, Mínerva Jónsdóttir**
**Sólveig Karlsdóttir Lynge, Henrik Lynge**
**Ævar Karlsson, Inga Dís Hafsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## Hressandi starf



Vegna breytinga á dreifingarfyrirkomulagi erum við að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð á morgnana frá kl.06 - c.a. 07.

Um er að ræða hverfi í **Kópavogi, Hafnarfirði** og **Garðabæ**.

Dreifing fer fram 6 daga vikunnar, mánudaga til laugardaga.
Nánari upplýsingar gefur dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330 og 585 8330

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | posthusid.is














NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

# Davíðs-duldin

Íslendingum hefur alltaf þótt vænt um menn sem trúir eru sinni sannfæringu. Íslendingar eru ekkert einir um það. Mannfólkið heillast oft af baráttu lítilmagnans. Eflaust hafa filistearnir haldið með Davíð í laumi þegar hann atti kappi við Golíat. Þannig væri jafnvel hægt að nefna þessa tilfinningu Davíðs-duld.

Við fylgjum lítilmagnanum þó ekki alltaf að máli þótt þrjóska þeirra og blind trú sé heillandi. Jón Arason biskup kveikir þessar kenndir í brjósti okkar. Hann sætti sig ekki við hinn nýja sið, taldi kaþólskuna rétttrúna. Jón barðist af öllum kröftum, beitti til þess öllum meðölum en mátti sín lítils og endaði ævina höfðinu styttri, í Skálholti.

Valdastéttin í dag á margt sameiginlegt



með Jóni Arasyni. Hún gengur um meðal fólksins og reynir að telja því trú um að gamli siðurinn sé sá rétti. Engra umbóta sé þörf, bara smá lagfæringa hér og þar. Að salan á aflátsbréfunum hafi ekkert verið vond, bara vitlaust útfærð. Að hinn nýi siður boði ekkert nema örbirgð og vesæld. „Ef við sitjum ekki um stjórnartaumana er alveg eins hægt að loka sjoppunni og flytja til Kanarí. Nú eða helvítis,“ er slagorð valdhafanna.

Og þegar burgeisarnir tala kviknar Davíðs-duldin. Fólkið gleymir að það voru þessir menn sem seldu verðlausa pappíra sem áttu að koma okkur til himna. Sama hvort um er að ræða presta, kardínála eða bara páfann sjálfan, þeir vissu að bréfsefnin vöru gölluð og ónýt og myndu senda okkur rakleiðis til kölska.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 20. janúar 2009**

**➜ Kvikmyndir**



**Frönsk kvikmyndahátíð** stendur yfir í Háskólabíói 16.-29. jan. Nánari upplýsingar á www.graenaljosid.is og www.midi.is.

**➜ Leiklist**

**20.00 Sýningin Laddi 6-Tugur** verður sýnd í Borgarleikhúsinu í kvöld.

**➜ Fyrirlestrar**

**12.05 Hetjudáð eða hermdarverk** Kjartan Ólafsson flytur erindi í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands, Suðurgötu 41. Nánari upplýsingar á www.sagnfraedingafelag.net.

**➜ Sýningar**

Í **Þjóðminjasafni Íslands** við Suðurgötu 41, stendur yfir sýning á íslenskum munum sem hafa verið í eigu sænska safnsins. Opið alla daga vikunnar nema mánudaga kl. 11-17. Nánari upplýsingar á www.natmus.is.

**➜ Fundir**



**20.00** Opinn fundur verður hjá **FÓKUS**, félagi áhugaljósmyndara í Faxafeni 12 (efri hæð) þar sem starfsemi félagsins verður kynnt. Allt áhugafólk um ljósmyndun velkomið.

**➜ Bækur**

**20.00 Þriðjudagsþreifingar** í Hinu Húsinu við Pósthússtræti. Tim Dyk og Jeong Heon kynna bók sína Sex + Money þar sem fjallað er um málefni á borð við mansal og kynlífsþrælkun.

**➜ Myndlist**

Herdís Björk Þórðardóttir hefur opnað sýninguna **„Rok“** á Cafe Karólínu við Kaupvangsstræti á Akureyri.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



**6-TUGUR Í TVÖ ÁR** Uppselt hefur verið á sextugsafmælissýningu Ladda frá því að hún var frumsýnd fyrir tveimur árum, en síðasta sýningin er næstkomandi laugardag.

# Laddi sextugur í tvö ár

**Sýningin Laddi 6-tugur fagnar óvæntum tímamótum í kvöld en Laddi sjálfur verður þá 62 ára. Hópurinn kemur saman í síðasta sinn á laugardaginn.**

„Ég er 62 ára í dag svo það er afmælissýning í kvöld,“ segir Þórhallur Sigurðsson betur þekktur sem Laddi um sýninguna Laddi 6-tugur. Sýningin hefur nú gengið fyrir fullu húsi síðan hún var frumsýnd í Borgarleikhúsinu í febrúar 2007 í tilefni af sextugsafmæli Ladda og uppselt hefur verið á 120 sýningar í röð.

„Þetta átti nú bara að vera svona afmælissýning yfir eina helgi. Það tók því ekki að byrja fyrir minna en fjórar sýningar, en síðan þá eru komnar 116 aukasýningar,“ segir Laddi og brosir. „Ég hlakka rosalega til í kvöld því síðasta sýning var fyrir jól svo það er orðið töluvert langt síðan,“ bætir hann við.

Aðspurður segist hann nú sjá fyrir endann á uppfærslunni, tveimur árum eftir frumsýningu. „Síðasta sýningin er á laugardaginn svo það er komið að lokum. Þetta er búið að vera heilt ævintýri. Maður hlakkar alltaf til að sýna og enginn í hópnum er orðinn leiður á þessu svo það er strax kominn söknuður í fólk,“ útskýrir Laddi sem mun þó ekki sitja auðum höndum eftir að sýningum lýkur því þá hefur hann að vinna í plötu með Björgvini Halldórssyni. Plötuna segir hann vera ekta Laddaplötu, með gríni og glensi fyrir alla fjölskylduna.

„Við vorum að hugsa um þetta fyrir jólin, en frestuðum því. Við erum að fara í þetta núna, ætlum að klára plötuna í febrúar og sjáum svo til hvenær hún kemur út,“ segir Laddi. - ag









**ÍBYGGIN Á SVIP** Svava sýndi mikla keppnishörku á mótinu á Rúbín og stóð upp í hárinu á mótspilurum sínum.



**HUGSI** Dj Sóley var hugsi yfir spilunum sem hún fékk í þessari gjöf og velti vöngum yfir því hvað væri næsta skref í stöðunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**SÁTTUR VIÐ FRAMMISTÖÐUNA** Auðunn var nokkuð sáttur við sína frammistöðu á mótinu en hann fer til Portúgals og keppir á stóru móti þar.



**LÍTIÐ GEKK UPP** Fátt gekk upp hjá Agli Gillz Einarssyni á mótinu og hann var meðal fyrstu manna til að detta út.

# GILLZ SLÁTRAÐ Á RÚBÍN

**Agli „Störe“ Einarssyni tókst ekki að sýna sitt rétta andlit á pókermóti veðmálafyrirtækisins Betsson sem fram fór á Rúbín um helgina. Fjöldi þekktra einstaklinga tók þátt í mótinu.**

Til mikils var að vinna en þrír efstu fengu farseðil til Portúgals og þátttökurétt á stóru móti sem fram fer á Estoril-spilavítinu. Egill „Gillz“ Einarsson og Auðunn Blöndal eru þegar komnir þangað sem sérstakir boðsgestir Betsson en sá fyrrnefndi átti ekki mikilli lukku að fagna á laugardaginn og var meðal þeirra fyrstu sem datt út.

Auðunn Blöndal telur þetta engu að síður lítið áhyggjuefni fyrir liðið og fannst mótið bara fín æfing fyrir stóru stundina í Portúgal. Sjálfum gekk honum ágætlega á mótinu og sat við spilaborðið frá klukkan ellefu um morguninn til fimm um daginn. „Ég var mjög óheppinn með spil þegar ég datt út,“ útskýrir Auðunn en meðal annarra þekktra á mótinu má nefna tískudrottninguna Svövu Johansen og Dj Sóleyju og stóðu þær sig með stakri prýði. „Þetta var bara gríðarlega vel heppnað,“ bætir Auðunn við. - fgg


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SEVEN POUNDS D | kl. 530 - 8 - 10.30 | L |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| AUSTRALIA D | kl. 4.30 - 8 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 4 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| TAKEN | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| AUSTRALIA | kl. 6.30 - 10 | 12 |
| INKHEART | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BORGIN LOUVRE / ENSKUR TEXTI | kl. 6 | L |
| ÁSTARSÖNGVAR / ENSKUR TEXTI | kl. 6 | L |
| ÞAU SEM VERÐA EFTIR / ENSKUR TEXTI | kl. 6 | L |
| C. R. A. Z. Y / ENSKUR TEXTI | kl. 8 | L |
| NIÐDIMM NÓTT / ENSKUR TEXTI | kl. 10.20 | 12 |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEVEN POUNDS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| TRANSPORTER 3 | kl. 8 - 10.15 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| TRANSPORTER 3 | kl. 10.10 | L |
| SEVEN POUNDS | kl. 6 - 8 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.20 | 12 |
| CHANGELING | kl. 6 og 9 | 16 |
| TAKEN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |

SAMBÍÓIN




ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG - KR. 500

GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG VIP

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 5:50D - 8D - 10:20D | | L |
| ROCKNROLLA | kl. 8 - 10:20 | DIGTAL | 16 |
| ROCKNROLLA | kl. 5:30 - 10:20 | | VIP |
| CHANGELING | kl. 5:30 - 8:30 | | 16 |
| YES MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | | 7 |
| YES MAN | kl. 8 | | VIP |
| THE SPIRIT | kl. 10:20 | DIGTAL-3D | 12 |
| BOLTI 3-D m/ísl. tali | kl. 5:50 | DIGTAL-3D | L |
| CITY OF EMBER | kl. 5:50 | | 7 |
| TWILIGHT | kl. 8 | | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | DIGTAL | L |
| ROCKNROLLA | kl. 8 - 10:20 | DIGTAL | 16 |
| YES MAN | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | | 7 |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 6 | DIGTAL-3D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 8 | L |
| THE SPIRIT | kl. 10:10 | L |
| CITY OF EMBER | kl. 8 | 7 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 10:10 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 8 | L |
| ROCKNROLLA | kl. 10 | 16 |
| YES MEN | kl 8 | 7 |
| THE CHANGELING | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 8 | L |
| THE SPIRIT | kl. 10:10 | 16 |
| SÓLSKINSDRENGUR | kl. 8 | L |
| TWILIGHT | kl. 10:10 | 12 |

FISKBÚÐIN HAFBERG

opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

VERÐHRUN

ÝSUFLÖK,HROGN OG LIFUR
aðeins 690 kr kg
tilboðið gildir aðeins í dag

Veljum íslenskt



**Fáðu þér notaðan bíl sem búið er að skoða**
Alla notaða bíla hjá Brimborg er búið að aðalskoða samkvæmt nýju reglunum.
Komdu í dag og skoðaðu úrval af notuðum bílum með allt að 3ja ára bifreiðaskoðun.
Skoðaðu skoðaða bíla í Brimborg í dag.




# Breyttu druslunni í djásn í dag

Þú átt druslu sem flutt var inn á sínum tíma, fyrir verðmætan gjaldeyri. Nýtum notað í dag. Brimborg kaupir hvaða druslu sem er á heilar 200.000 krónur: settu drusluna upp í nýrri notaðan bíl sem einnig var greitt fyrir á sínum tíma með verðmætum gjaldeyri - bíl sem eyðir minna en sá gamli.

Komdu í Brimborg í dag og nýttu notaðan gjaldeyri.

*Komdu í kaffi*

# Nýtum notað
## Endurnýtum gjaldeyri
### Fáðu þér nýrri notaðan bíl hjá Brimborg

Nýtum notað. Nú þurfum við öll að nýta það sem við eigum og koma því í verð. Breyttu druslunni í djásn og sparaðu gjaldeyri á marga vegu. Þú endurnýtir gamla bílinn og setur hann upp í nýrri notaðan sem eyðir minna eldsneyti. Brimborg kaupir nú hvaða bíldruslu sem er á heilar 200.000 kr. fáir þú þér betri notaðan bíl í Brimborg.
Um leið tekur þú nokkur visthæf skref, þú hreinsar til í borg og bæjum og dregur úr mengun. Auktu öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl. Nýtum notað. Komdu í Brimborg í dag.

**Nýtum notað. Endurnýtum gjaldeyrinn okkar.**

Komdu bíldruslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrusluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrusla upp í hvern betri bíl. Endurnýttu það sem þú átt með Brimborg.

**Nýtum notað í dag. Komdu í Brimborg.**




visthæf skref
með Brimborg
*Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað*

*Komdu í kaffi í Brimborg*

Cohn & Wolfe Public Relations Íslandi

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

## > Halda Valskonur út í kvöld?

Stórleikur átta liða úrslita Eimskipsbikars kvenna fer fram í Vodafone-höllinni á Hlíðarenda klukkan 19.30 í kvöld þegar Valur tekur á móti Stjörnunni. Liðin hafa mæst tvisvar sinnum í vetur og í bæði skiptin hefur Stjarnan unnið upp forskot Vals og tryggt sér sigur í seinni hálfleik. Valur var fjórum mörkum yfir í hálfleik, 14-9, í undanúrslitum deildarbikarsins en Stjarnan vann 25-24. Í deildarleiknum var Valur 14-11 yfir í hálfleik en Stjarnan vann 22-19. Valskonur hafa því unnið fyrri hálfleikinn með átta mörkum í vetur (28-20) en samt ekki náð að fagna sigri því Stjarnan hefur unnið seinni hálfleikinn með tólf mörkum (27-15).



**sport**
sport@frettabladid.is

ICELAND EXPRESS-DEILD KARLA: SNÆFELL HEFUR UNNIÐ FIMM LEIKI Í RÖÐ EN ÞÓRSARAR ERU Á LEIÐ NIÐUR

# *Sóknarfráköstin skiluðu Snæfelli sigri á Þór*

Meiðslum hrjáðir Þórsarar töpuðu sínum fimmta leik i röð í gær, nú fyrir Snæfelli, 56-74. Þór er hreinlega aðeins hálft lið án Cedrics Isom sem er meiddur. Um hann munaði í gær því sóknarleikur Þórs var slakur á löngum köflum. Þeir héngu þó lengi vel í stórum og stæðilegum Snæfellingum sem tóku yfir tuttugu sóknarfráköst.

Eftir jafnan fyrsta leikhluta skoruðu Þórsarar aðeins fimmtán stig næstu fimmtán mínúturnar. Sókn Snæfellinga var skárri en þeir leiddu 26-39 í hálfleik. Varnarleikur liðanna var fínn.

Þórsarar komust næst sjö stigum á eftir Snæfellingum sem sigldu þó öruggum 56-74 sigri í heimahöfn á lokamínútunum, án þess að hleypa heimamönnum of nærri sér. Þeir hafa nú unnið fimm leiki í röð.

„Við erum með töluvert meiri breidd og höfðum meiri orku í restina. Það sýndi sig að þeir voru orkulitlir undir lokin og þurftu að skjóta mikið utan af velli. Við nýttum okkar styrk í sóknarfráköstunum vel en okkar veikleiki er á móti að við töpum mörgum boltum," sagði Hlynur Bæringsson, stigahæsti maður Snæfells, en hann skoraði 18 stig. „Við erum ágætlega sáttir með leikinn. Við getum gert betur og nú stefnum við á að hirða þriðja sætið af Keflavík, ef ekki annað sætið. Maður veit aldrei. Mestu skiptir þó að fá heimaleikjarétt í úrslitakeppninni."



„Við brugðumst sjálfum okkur pínulítið í lokin," sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari Þórs. „Mér fannst vörnin vera stórgóð utan þess að við stigum þá ekki vel út í sóknarfráköstunum. Ef við tökum burt stigin sem þeir skoruðu eftir þau þá væru þeir í kringum 50 stigin," sagði Hrafn og viðurkenndi að liðið saknaði Isoms mikið. Hann var án marga leikmanna í gær og setti sjálfan sig á leikskýrsluna, án þess þó að skipta sér inn á.

„Ástandið er orðið helvíti slæmt þegar gamli karlinn er kominn í búning á bekknum," sagði Hrafn glottandi en hann hafði þó lítinn áhuga á að spila. „Ég get ekki sagt að ég hefði viljað fara inn á. Það hefði verið algjört neyðarúrræði," sagði Hrafn sem lagði skóna á hilluna fyrir nokkrum árum. **- hþh**

Sundkappinn Jakob Jóhann Sveinsson:

# Fékk 400 evrur í verðlaun

**SUND** Jakob Jóhann Sveinsson náði besta afreki Íslendinga í sundkeppni Reykjavik International þegar hann varð annar í 100 metra bringusundi.

Jakob fékk 400 evrur fyrir að vera með þriðja besta afrekið á mótinu en það er rúmlega 67 þúsund íslenskar krónur.

Sigurvegarinn í 100 metra bringusundinu var silfurverðlaunahafinn frá Ólympíuleikunum í Peking, Alexander Dale Oen frá Noregi.

Hann synti á 1:02.19 mínútum og fékk 1.000 evrur fyrir besta afrek mótsins, eða rúmlega 168 þúsund krónur. **- óój**




Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum. Þetta tryggir tromla af nýrri gerð, (einkaleyfi Miele) lengri ending vélarinnar en gengur og gerist, sem og fullkomnasta tækni sem völ er á.

TILBOÐ

Þvottavél - verð frá kr. 164.995

Þurrkari - verð frá kr. 139.995

MOST TRUSTED BRAND 2008 — best brands 2008 das deutsche markenranking

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop

Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

# Vandræði á heimavelli

**Liverpool gerði enn eitt jafnteflið á heimavelli í gær þegar Everton kom í heimsókn. Niðurstaðan var 1-1 og Tim Cahill skoraði jöfnunarmark Everton fjórum mínútum fyrir leikslok. Liverpool tókst því ekki að endurheimta toppsætið.**

**FÓTBOLTI** Liverpool tók á móti Everton á heimavelli sínum, Anfield, í gær. Liverpool missti toppsætið um helgina til Man. Utd en gat náð því aftur með sigri á nágrönnum sínum.

Fyrri hálfleikur var tilþrifalítill. Everton átti skot snemma sem Jose Reina varði vel en hann varði í tvígang vel frá Everton-mönnum í fyrri hálfleiknum.

Fernando Torres var nokkuð sprækur í liði Liverpool og hann fékk besta færi hálfleiksins. Komst einn gegn Tim Howard, markverði Everton, lyfti boltanum yfir Howard og fram hjá markinu. Þar hefði Torres átt að gera betur en markalaust var í leikhléinu.

Það var jólaleg stemning í síðari hálfleik enda snjóaði nokkuð. Snjókoman hafði ágætis áhrif á leikmenn sem voru talsvert sprækari og leikurinn mun hraðari. Gerrard átti gott skot sem Howard varði á 55. mínútu.

Gerrard urðu aftur á móti á engin mistök þegar hann þrumaði boltanum niður í markhornið framhjá Howard rúmum tíu mínútum síðar. Glæsilegt skot hjá Gerrard sem er búinn að koma Liverpool ósjaldan til bjargar í vetur.

Everton sótti aðeins í kjölfarið og vildi fá vítaspyrnu skömmu síðar en það var réttilega ekkert dæmt en Victor Anichebe var þar að reyna að fiska víti.

Fjórum mínútum fyrir leikslok fékk Everton aukaspyrnu rétt fyrir utan teig. Mikel Arteta tók spyrnuna og hreinlega dúndraði boltanum inn i teiginn. Tim Cahill var fljótur að átta sig, beygði sig í hnjánum og stýrði boltanum með höfðinu inn fyrir línuna. Smekklega gert og afar erfitt að verjast. Benayoun nagar sig samt eflaust í handarbökin yfir því að hafa brotið af sér í aukaspyrnunni. Fátt markvert gerðist það sem eftir lifði leiks og jafntefli því niðurstaðan. Svekkjandi úrslit fyrir Liverpool á heimavelli. **henry@frettabladid.is**



**MARKIÐ DUGÐI EKKI** Steven Gerrard skoraði frábært mark fyrir Liverpool í gær en það dugði ekki til gegn Everton. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Manchester City lætur til sín taka á leikmannamarkaðinum:

# Bellamy og de Jong á leið til City

**FÓTBOLTI** Man. City er ekki bara að hugsa um Brasilíumanninn Kaká því félagið ætlar að kaupa fleiri menn áður en markaðinum verður lokað. Í gær náði félagið samningum við West Ham og HSV um að kaupa þá Craig Bellamy og Hollendinginn Nigel de Jong.

City ku greiða West Ham litlar 14 milljónir punda fyrir Bellamy sem getur ekki talist slæmt fyrir West Ham sem greiddi 7,5 milljónir punda fyrir Bellamy í fyrra.

Sjálfur vildi Bellamy fara til Tottenham en West Ham var ekki spennt fyrir því að selja hann til annars félags í London. Bellamy var staddur í Manchester í gær til þess að ganga frá lausum endum.



**CRAIG BELLAMY** Þessi skrautlegi leikmaður er enn eina ferðina að skipta um félag. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Miðjumaðurinn hollenski Nigel de Jong, 24 ára, er einnig á leið til City eftir að HSV og City náðu samkomulagi um kaupverð. De Jong var með klausu í samningi sínum að hann gæti farið fyrir 1,8 milljónir punda frá félaginu næsta sumar. Þýskir fjölmiðlar greina aftur á móti frá því að City sé til í að greiða 18 milljónir punda til að fá de Jong strax. Það er ótrúlegt ef satt reynist.

Áður var Wayne Bridge kominn til City sem er enn fremur á eftir Scott Parker og Roque Santa Cruz. **- hbg**

### KAUP OG SÖLUR BELLAMY

**(upphæðir eru í milljónum punda)**

| | |
|---|---|
| Coventry (frá Norwich 2000) | 6,5 |
| Newcastle (frá Coventry 2001) | 6,0 |
| Blackburn (frá Newcastle 2005) | 5,0 |
| Liverpool (frá Blackburn 2006) | 6,0 |
| West Ham (frá Liverpool 2007) | 7,5 |
| Man. City (frá West Ham 2009) | 14,0 |
| **Samtals** | **45 milljónir punda** |

## ÚRSLIT

### Enska úrvalsdeildin:

Liverpool-Everton 1-1
1-0 Steven Gerrard (68.), 1-1 Tim Cahill (87.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. United** | **21** | **14** | **5** | **2** | **34-10** | **47** |
| Liverpool | 22 | 13 | 8 | 1 | 36-14 | 47 |
| **Chelsea** | **22** | **13** | **6** | **3** | **42-13** | **45** |
| Aston Villa | 22 | 13 | 5 | 4 | 37-24 | 44 |
| **Arsenal** | **22** | **12** | **5** | **5** | **37-24** | **41** |
| Everton | 22 | 10 | 6 | 6 | 30-26 | 36 |
| **Wigan** | **22** | **9** | **4** | **9** | **25-23** | **31** |
| West Ham | 22 | 8 | 5 | 9 | 29-31 | 29 |
| **Hull City** | **22** | **7** | **6** | **9** | **29-42** | **27** |
| Fulham | 20 | 6 | 8 | 6 | 19-17 | 26 |
| **Man.City** | **21** | **7** | **4** | **10** | **39-30** | **25** |
| Portsmouth | 21 | 6 | 6 | 9 | 22-34 | 24 |
| **Bolton** | **22** | **7** | **2** | **13** | **22-30** | **23** |
| Newcastle | 22 | 5 | 8 | 9 | 28-37 | 23 |
| **Sunderland** | **22** | **6** | **5** | **11** | **23-32** | **23** |
| Tottenham | 22 | 5 | 6 | 11 | 21-27 | 21 |
| **Blackburn** | **21** | **5** | **6** | **10** | **25-36** | **21** |
| Middlesbrough | 22 | 5 | 6 | 11 | 18-33 | 21 |
| **Stoke City** | **22** | **5** | **6** | **11** | **19-35** | **21** |
| WBA | 22 | 6 | 3 | 13 | 20-37 | 21 |

### Iceland Express-deild karla:

Þór-Snæfell 56-74
Stig Þórs: Guðmundur Jónsson 16, Óðinn Ásgeirsson 12, Jón Orri Kristjánsson 9, Baldur Ingi Jónsson 9, Konrad Tota 6, Hrafn Jóhannesson 2, Sigmundur Óli Eiríksson 2.
Stig Snæfells: Hlynur Bæringsson 20 (15 frák, 4 stolnir, 4 varin), Lucious Wagner 15 (9 frák.), Atli Rafn Hreinsson 11, Jón Ólafur Jónsson 10, Sigurður Þorvaldsson 8 (11 frák.), Slobodan Suvasic 5, Egill Egilsson 5.

ÍR-Keflavík 81-96
Stig ÍR: Ómar Sævarsson 23 (13 frák., 6 varin), Ólafur Þórisson 14, Eiríkur Önundarson 14, Daði Berg Grétarsson 9, Hreggviður Magnússon 8, Ólafur Aron Ingvason 5, Steinar Arason 4, Sveinbjörn Claessen 2, Davíð Þór Fritzson 2.
Stig Keflavíkur: Þröstur Leó Jóhannsson 21 (8 frák., 6 stoð.), Hörður Axel Vilhjálmsson 21, Jón Nordal Hafsteinsson 20 (12 fráköst), Sigurður Þorsteinsson 19 (17 frák., 6 varin, 6 stoð.), Gunnar Einarsson 15 (6 stoð).

Skallagrímur-FSU 63-77
Stig Skallagríms: Landon Quick 16, Igor Beljanski 12 (10 frák.), Sölvi Davíðsson 11, Hafþór Ingi Gunnarsson 10, Arnar Guðjónsson 7, Sigurður Þórarinsson 4, Trausti Eiríksson 3.
Stig FSU: Sævar Sigurmundsson 22 (9 frák.), Árni Ragnarsson 14 (8 frák., 9 stoð), Björgvin Valentínusson 10, Vésteinn Sveinsson 8, Chris Caird 8, Tyler Dunaway 6 (13 frák.), Alex Stewart 5, Nicholas Mabbutt 4.

### HM í handbolta:

| | |
|---|---|
| Rúmenía-Argentína | 30-26 |
| Ungverjaland-Slóvakía | 24-24 |
| Frakkland-Ástralía | 42-11 |
| Suður Kórea-Kúveit | 34-19 |
| Svíþjóð-Spánn | 34-30 |
| Króatía-Kúba | 41-20 |
| Pólland-Makedónía | 29-30 |
| Þýskaland-Alsír | 32-20 |
| Rússland-Túnis | 36-31 |
| Brasilía-Serbía | 32-30 |
| Noregur-Egyptaland | 30-20 |
| Danmörk-Sádi-Arabía | 32-13 |



**ÓTRÚLEGUR** Hinn 37 ára gamli leikstjórnandi Arizona, Kurt Warner, fór á kostum gegn Eagles. NORDIC PHOTOS/GETTY

NFL-deildin:

# Pittsburgh og Arizona í úrslit

**NFL** Undanúrslitaleikirnir í ameríska fótboltanum fóru fram á sunnudag.

Öskubuskuævintýri Arizona Cardinals hélt áfram þegar það lagði Philadelphia Eagles, 32-25, í úrslitum Þjóðardeildar. Arizona er því komið í Super Bowl-leikinn í fyrsta skipti.

Pittsburgh Steelers tók á móti Baltimore Ravens í úrslitum Ameríkudeildar og vann góðan sigur, 23-14, í uppgjöri bestu varnarliða deildarinnar.

Super Bowl-leikurinn fer fram í Tampa 1. febrúar næstkomandi.

- hbg

Heimsmeistaramótið í handbolta í Króatíu:

# Íslandsbanar í banastuði

**HM Í HANDBOLTA** Makedónar, sem komust á HM með því að leggja Ísland, gerðu sér lítið fyrir og unnu gríðargóðan sigur á silfurliði síðasta HM, Póllands.

Makedónar leiddu lengstum og stóðust áhlaup Pólverja undir lokin og fögnuðu líkt og þeir væru orðnir heimsmeistarar. Pólland og Makedónía því jöfn að stigum í C-riðli en Þjóðverjar á toppnum.

Svíar eru að spila fínan handbolta undir stjórn þeirra Staffans „Faxa“ Olsson og Ola Lindgren. Svíar voru miklu sterkari aðilinn frá upphafi í leiknum gegn Spánverjum í gær. Spiluðu fantavörn, fengu góða markvörslu og sóknarleikurinn var beittur. Þessi fíni leikur skilaði þeim sa toppsætinu í B-riðli með Króötum en Spánverjar sitja í þriðja sæti.



**ÉG TRÚI ÞESSU EKKI** Bogdan Wenta, landsliðsþjálfari Pólverja, skildi hvorki upp né niður í sínum mönnum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Norðmenn eru einnig að spila fínan bolta undir stjórn Svíans Robert Hedin og Norðmenn hreinlega rúlluðu Egyptum upp og sitja á toppi D-riðils með Dönum. - hbg

MAX1
Skiptum um bremsuklossa strax í dag hjá Max1.
Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel. Og ódýrt einnig.
Eru bremsurnar búnar?
Fáðu fast verð hjá Max1 í dag
Skoðaðu verðdæmin hér að neðan.
Komdu við hjá Max1 í dag
og fáðu þér kaffi.

Max1 verðdæmi - bremsuklossaskipti að framan:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Yaris | 1,3 | Árg. 2002-2007 | Varahlutir og vinna: 12.577 kr. |
| Nissan Almera | 1,4 | Árg. 1995-2007 | Varahlutir og vinna: 12.249 kr. |
| VW Golf V Plus | 1,4 16v | Árg. 2005-2007 | Varahlutir og vinna: 14.105 kr. |
| Honda Civic HB | 1,6 16v | Árg. 1991-1995 | Varahlutir og vinna: 14.036 kr. |
| Ford Focus | 1,6 | Árg. 1999-2004 | Varahlutir og vinna: 14.077 kr. |

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt - skoðaðu: www.max1.is
Reykjavík: Bíldshöfða 5a, sími: 5157095 - 5157096
Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími: 5157097 - 5157098
Reykjavík: Jafnaseli 6 (við Sorpu), sími: 5874700
Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 4622700
MAX1 BÍLAVAKTIN

NOTAÐIR BÍLAR Á SPOTTPRÍS
BÍLAOUTLET
KORPUTORGI
ÚTSALA
GERÐU EINSTÖK KAUP
Fólksbílar Jeppar Sendiferðabílar Litlir bílar Stórir bílar Jepplingar Smábílar
40%
af notuðum bílum
...og jafnvel meira!
Kíktu til okkar í dag!
11-19 virka daga
Korputorgi. Opið: mán-fös kl. 11-19, lau kl. 10-18, sun kl. 12-18
BÍLAOUTLET

> **Neil Patrick Harris**

„Það getur verið snúið að leika í gamanþætti. Ég fæ kannski að segja frábæra setningu en ef viðbrögð meðleikara minna eru fyndnari en sjálfur brandarinn þá færist fókusinn á það og brandarinn verður að aukaatriði.“ Harris leikur Barney Stinson í þættinum How I Met Your Mother sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÖNNU MARGRÉTI BJÖRNSSON FINNST GOTT SJALDAN BETRA EN VONT OFT

# *Tanorexía og tennur á skjánum*

Innlend dagskrá getur oft verið eins og ein löng sápuópera þar sem brúnt fólk með snjóþvegið hár talar undarlega og brosir stífu Colgate-brosi framan í myndavélarnar. Brúnkudýrkun virðist allsráðandi á RÚV og Stöð 2 en það virðist vera að spjallþáttastjórnendur verði að fara í sprey-tan tvisvar í viku. Ísland í dag er farið að minna á auglýsingu fyrir Samvinnuferðir-Landsýn þar sem ofurhresst og vel tennt sjónvarpsfólk lítur út eins og það sé nýkomið úr sólarlandaferð og virðist algerlega úr takti við allan raunveruleika. Þau líta jafnvel út fyrir að hafa rétt skroppið inn í sjónvarpssettið á milli þess sem þau sinna fararstjórn í skoðunarferð til Algarve. Á sunnudagskvöldið hófst svo enn einn nýi leikni íslenski sjónvarpsþátturinn, Réttur, á Stöð 2, sem stærir sig af því að vera fyrsti íslenski lögfræðikrimminn. Þátturinn vakti aðallega athygli mína þar sem fyrrum gus-gus meðlimurinn Maggi Jóns skartaði svo



djúp-appelsínugulri sólarbrúnku að það bókstaflega geislaði af honum. Öll herlegheitin voru vægast sagt undarleg – minntu á gamlan Derrick-þátt í bland við hin og þessi atriði úr Boston Legal, faðmlögum og dramatík í anda Leiðarljóss ásamt týpógrafíunni úr Law and Order. Til að toppa þetta allt saman hljómaði svo einhvers konar lyftulounge tónlist í bakgrunninum sem minnti helst á sándtrakk úr þýskri klámmynd. Ég hef oft lent í þannig samræðum hérlendis að það sé næstum guðlast að gagnrýna íslenska hluti. Við eigum bara að vera svo glöð og kát og fegin að við Íslendingar séum að skapa eitthvað yfirleitt að það sé ekkert nema illmannlegt að gagnrýna. Og hér með er þá líka tekið fram að þátturinn Réttur er hin ágætasta skemmtun, kannski ekki sem lögfræðidrama en sem afbragðs fyndin afþreying. En dagskrárgerðarmenn mættu líka tileinka sér mottóið að betra er gott sjaldan, heldur en vont oft.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **16.00** Embættistaka Baracks Obama SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00** Just Like Heaven STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Survivor SKJÁREINN



▶ **20.30** Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.50** Burn Notice STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**14.35 Fréttaaukinn** (e)
**15.10 Leiðarljós**
▶**16.00 Embættistaka Baracks Obama** Bein útsending frá embættistöku forseta Bandaríkjanna.
**17.25 Táknmálsfréttir**
**17.35 Bjargvætturin** (13:26)
**18.00 Latibær** (e)
**18.25 Út og suður** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Mæðgurnar** (Gilmore Girls VII) (9:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar.
**20.55 Læknar á flótta** (Læger på flugt) Heimildarmynd um tvo vafasama danska tannlækna sem færa sig milli landa í Evrópu á flótta undan réttvísinni.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Dauðir rísa** (Waking the Dead V) (6:12) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Aðalhlutverk: Trevor Eve, Sue Johnston, Félicité Du Jeu og Esther Hall.
**23.15 Lögmál Murphys** (Murphy's Law IV) (6:6) Breskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy. Aðalhlutverk: James Nesbitt, Claudia Harrison og Del Synnott. (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.45 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 James and the Giant Peach**
**10.00 The Santa Clause**
**12.00 Just Like Heaven**
**14.00 Last Holiday**
**16.00 Inspector Gadget**
**18.00 The Santa Clause**
▶**20.00 Just Like Heaven** Ung kona lendir í bílslysi og fellur í dá. Á meðan sjúkrahúsdvöl hennar stendur flytur ekkill inn í íbúðina hennar. Aðalhlutverk: Reese Witherspoon og Mark Ruffalo.
**22.00 Rennie's Landing**
**00.00 Possible Worlds**
**02.00 The People vs. Larry Flynt**
**04.05 Rennie's Landing**
**06.00 Charlie's Angels**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli kanína og vinir, Refurinn Pablo, Gulla og grænjaxlarnir, Lalli, Ofurhundurinn Krypto.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (234:300)
**10.15 Beauty and The Geek** (13:13)
**11.15 Extreme Makeover. Home Edition** (3:25)
**12.00 Project Runway** (13:15)
**12.45 Neighbours**
**13.10 Sjáðu**
**13.40 Eight Below**
**15.35 Saddle Club**
**15.58 Tutenstein**
**16.18 Stuðboltastelpurnar**
**16.43 Ben 10**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Neighbours**
**17.58 Friends**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.24 Veður**
**19.35 The Simpsons** (13:23)
**20.00 Worst Week** (5:13)
**20.25 How I Met Your Mother** (2:20) Í þessari þriðju seríu fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnist móður barnanna sinna og hver hún í raun er.
▶**20.50 Burn Notice** (7:13) Njósnarinn Michael Westen kemst að því hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda.
**21.35 Rescue Me** (6:13)
**22.20 The Daily Show: Global Edition**
**22.45 Kompás**
**23.15 The Cookout**
**00.45 Eight Below**
**02.40 Silent Witness** (3:10)
**03.35 Rescue Me** (6:13)
**04.20 Burn Notice** (7:13)
**05.05 Worst Week** (5:13)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.55 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
**18.25 Veitt með vinum 4** Strand- og sjóstangaveiði
**18.55 NBA tilþrif** Í þessum þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
**19.25 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport krufja alla leiki helgarinnar.
**19.55 Man. Utd. - Derby** Bein útsending frá síðari leik Man. Utd og Derby í undanúrslitum enska deildarbikarsins.
**21.55 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
**22.50 World Supercross GP** Sýnt frá World Supercross GP mótinu en að þessu sinni fór mótið fram á Chase Field í Phonenix.
**23.45 Man. Utd. - Derby** Útsending frá leik Man. Utd og Derby í enska deildarbikarnum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Liverpool - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**14.40 Liverpool - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.20 Blackburn - Newcastle** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**18.30 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**19.00 West Ham - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Man. Utd. - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Premier League Review** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**23.15 Tottenham - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.35 Vörutorg**
**18.35 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.20 The Bachelor** (6:10) Raunveruleikaþáttur þar sem efnilegur piparsveinn leitar að stóru ástinni. (e)
▶**20.10 Survivor** (16:16) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Að þessu sinni fer leikurinn fram innan um villt dýr í frumskógum Gabon í Afríku. Kynnir er sem fyrr sjarmörinn Jeff Probst. Þraukararnir 18 sem hófu leikinn hittast á ný í Los Angeles og gera upp málin í eitt skipti fyrir öll.
**21.00 Top Design** (3:10) Ný, bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs.
**21.50 The Dead Zone** (6:12) Bandarísk þáttaröð sem byggð er á sögupersónum eftir Stephen King. Johnny Smith sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda. Johnny þykist vera þjófur til að reyna að hindra rán á safni en kemst fljótt að því að hann þarf jafnvel að hjálpa ræningjunum að sleppa til að hindra að saklausir borgarar láti lífið.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 CSI** (1:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. (e)
**00.20 Vörutorg**
**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 19.55 Enski deildarbikarinn, Man. Utd - Derby, BEINT



Davíð mætir Golíat á Old Trafford. Eftir 1-0 sigur í fyrri leik liðanna á Pride Park eygir Derby möguleika á að komast í úrslit enska deildarbikarsins. Englandsmeistararnir voru stálheppnir að sleppa aðeins með eins mark tap á bakinu í fyrri leiknum þar sem Derby hefði hæglega getað unnið stærri sigur. Nú er hins vegar komið að nýjum leik og það á Old Trafford. Það verður við ramman reip að draga fyrir Hrútana. En miðað við fyrri leik liðanna getur allt gerst. Tekst Derby að vinna eitt stærsta afrek í sögu félagsins og komast í úrslitaleikinn á Wembley eða sýna liðsmenn Man. Utd. klærnar fyrir alvöru?

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Top Design

### Skjáreinn kl. 21.00

Raunveruleikasería þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs. Nú halda keppendurnir á ströndina en þeir eru ekki að fara að leika sér í sól og sandi. Skipt er í þrjú þriggja manna lið og þau þurfa að hanna strandtjald og innblásturinn eiga þau að sækja í þrjá fræga strandstaði: Miami, Tahítí og St. Tropez.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Músík og mas
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Æ, sálir tvær ég byrgi í brjósti mér
**15.03** Útvarpssagan: Gæludýrin
**15.30** Miðdegistónar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Bláar nótur í bland
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**23.00** Gatan mín
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (106:260)
**16.30 Hollyoaks** (107:260)
**17.00 Seinfeld** (20:24)
**17.30 Ally McBeal** (8:24)
**18.15 The O.C.** (5:27)
**19.00 Hollyoaks** (106:260)
**19.30 Hollyoaks** (107:260)

**20.00 Seinfeld** (20:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.

▶**20.30 Ally McBeal** (8:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.

**21.15 The O.C.** (5:27) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange-sýsla í Kaliforníu lítur út fyrir að vera friðsæl paradís þar sem lífið virðist leika við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

**22.00 The Unit** (23:23) Önnur þáttaröð þessara vinsælu þátta sem fjalla um störf leynilegrar úrvalsveitar bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu ferðir sem upp koma. Með aðalhlutverk í þáttunum fara Dennis Haysbert og Robert Patrick.

**22.45 Help Me Help You** (13:13) Gamanþættir þar sem Ted Danson leikur sjálfhverfan sjálfshjálpargúru sem fæst við að hjálpa veiku fólki við að takast á við raunveruleikann en þyrfti sjálfur að fara að eigin ráðum.

**23.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Væntanlegur gestur hans er hæstvirtur bankamálaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson.

**21.00 Ástvinanudd** Gunnar L. Friðriksson kennir áhorfendum að nudda sína nánustu. Heilnudd verður sýnt í fjórum þáttum á þriðjudagskvöldum.

**21.30 Kristinn H.** Sveitarstjórnarmál eru rædd en alþingismaðurinn Kristinn H. Gunnarsson stýrir umræðum.

## DR 1

**12.05** Aftenshowet **12.30** Søren og Søren **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Spam **14.35** Braceface **15.00** Barack Obama - USAs 44. præsident **17.30** Barack Obama - USAs 44. præsident **17.35** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Kender du typen? **19.30** Stemmer fra opgangen **20.00** TV Avisen **20.35** Kontant **21.00** SportNyt **21.10** The Contender **23.10** Livvagterne

## NRK 1

**12.05** Berlin, Berlin **12.30** Viten om **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Typisk norsk **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjerter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Slipp naboene løs **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Dora utforskeren **17.25** Dykk Olli, dykk! **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Dei store krigarane **21.20** Extra-trekning **21.30** Bokprogrammet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Dei fire musketerane **00.00** Ansikt til ansikt **00.30** Kulturnytt

## SVT 1

**12.20** Maggies nya liv **13.10** Bamse **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Bärnstenssystrar **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mästarnas mästare **20.00** Andra Avenyn **20.45** The Majestic **23.15** Kulturnyheterna **23.30** De halvt dolda **00.30** Sändningar från SVT24



## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ef ég hlusta á útvarpið hlusta ég aðallega á Rás 1. Síðan er ég líka með slökunartónlist fyrir viðskiptavinina.“*

Inga Louise Stefánsdóttir snyrtifræðingur.

# Stóra planið til Rotterdam

„Þetta er stór hátíð og ég hlakka mikið til,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Ólafur Jóhannesson en kvikmynd hans, Stóra planið, verður meðal mynda á kvikmyndahátíðinni í Rotterdam. Sem þykir mikill heiður. Myndin verður sýnd í svokölluðum spectrum-hluta en Ólafi til halds og trausts verða meðal annars leikarar úr myndinni og framleiðendurnir Stefan Schaefer og Michael Imperioli en sá síðarnefndi lék einmitt glæpaforingjann Alexander í Stóra planinu.

Imperioli þessi er þekktastur fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum um Sopranos-fjölskylduna sem sýndir voru á RÚV. Ólafi og honum hefur orðið vel til vina og íslenski leikstjórinn klippti meðal annars stikluna fyrir kvikmynd Imperioli, The Hungry Ghost, sem einnig verður sýnd á Rotterdam-hátíðinni. „Hann fékk ekki mikið greitt fyrir framlag sitt til Stóra plansins og mér fannst alveg sjálfsagt að launa honum greiðann með þessum hætti.“

Leikstjórinn er ekki búinn að taka ákvörðun um hvað hann tekur sér næst fyrir hendur. Sögusagnir hafa verið á kreiki um að hann ætli að klippa Stóra planið í sjónvarpsþáttaröð en Ólafur vísar því á bug, ekkert slíkt hafi komið til tals. „Ég er bara að dúlla mér hérna heima, er með handrit í vinnslu og annað slíkt. En ekkert hefur verið ákveðið.“ **- fgg**



**Á STÓRRI KVIKMYNDAHÁTÍÐ** Kvikmynd Ólafs Jóhannessonar, Stóra planið, verður sýnd á kvikmyndahátíðinni í Rotterdam en hún er svokölluð A-hátíð.



**LÁRÉTT**
**2.** ullarband, **6.** mannþyrping, **8.** tæki, **9.** andlit, **11.** 950, **12.** snjáldur, **14.** aldin, **16.** átt, **17.** flott, **18.** trygging, **20.** mun, **21.** heiðursmerki.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fjötra, **3.** pot, **4.** stjórnmál, **5.** angan, **7.** hver og einn, **10.** sjón, **13.** gogg, **15.** sæla, **16.** síðan, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lopi, **6.** ös, **8.** tól, **9.** fés, **11.** lm, **12.** trýni, **14.** hnetu, **16.** sv, **17.** fín, **18.** veð, **20.** ku, **21.** orða.
**LÓÐRÉTT: 1.** höft, **3.** ot, **4.** pólitík, **5.** ilm, **7.** sérhver, **10.** sýn, **13.** nef, **15.** unun, **16.** svo, **19.** öð.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Auður Jónsdóttir.
2. 33 ára.
3. Með lest.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**ALTARISDRENGURINN KVEIKIR Á KERTUM** Geiri kveikti á kertum sem kórdrengur og las ritningargrein. Gunnar í Krossinum fylgist stoltur með og Friðrik Ómar festir þennan sögulega viðburð á mynd.

## GEIRI Á GOLDFINGER: ÉG FANN STRAUMA FRÁ GUÐI LEIKA UM MIG

# Súlukóngur altarisdrengur hjá Gunnari í Krossinum

„Ég hugsa allt öðruvísi. Þetta afeitrar þig algjörlega, hugurinn opnast og á nýju ári er maður alveg opinn fyrir öllu og mjög jákvæður,“ segir Ásgeir Þór Davíðsson sem flestir þekkja sem Geira á Goldfinger.

Geiri er nýkominn úr fjórtán daga ferð til Póllands, hress og kátur og tíu kílóum léttari eftir detoxmeðferð sem Jónína Benediktsdóttir skipuleggur hjá pólskum sérfræðingum. Óhætt er að segja að þessi tuttugu manna hópur sem Geiri var í hafi verið litríkur. Þarna voru meðal annarra Árni Johnsen þingmaður, Gunnar Þorsteinsson, kenndur við Krossinn, Friðrik Ómar Eurovision-stjarna, Hera Björk söngkona og Birgir Enni, ferðamálafrömuður frá Færeyjum, svo fáeinir séu nefndir. Geiri segir stemninguna hafa verið eftir því.

„Það eru forréttindi að vera með þessu fólki. Ég get sagt þér það að það er bara eitt eintak af Árna Johnsen í heiminum. Hann var með gítarinn og náði upp þvílíkri stemningu að þarna voru bara allir farnir að syngja og dansa bláedrú uppi á borðum. Ótrúlegur stuðbolti.“

Einn eftirminnilegasti þáttur ferðarinnar var messa sem Gunnar í Krossinum hélt. Árni bauð upp á gítarleik, Friðrik Ómar spilaði á píanó og Hera Björk söng. Björn Ingi í Kríunesi var meðhjálpari en sjálfur var Geiri í hlutverki altarisdrengs við messuhaldið.

„Já, eða kórdrengs. Ég las upp úr Biblíunni. Fór með ritningargrein. Og fórst það vel úr hendi. Enda má sjá á mynd að Gunnar horfir stoltur á mig,“ segir Geiri hlæjandi. „Og Friðriki Ómari fannst þetta svo stórkostlegt að hann stökk til og tók myndir. Svo fóru flestir úr hópnum til Gunnars og fengu blessun. Þar á meðal ég og ég fann straumana renna um mig. Beint frá Guði.“

Gunnar segir í DV í gær að hópurinn hafi skilið eftir sig heila persónu í klóakinu í Póllandi og Geir telur það stemma hjá guðsmanninum en þá stóra manneskju því að meðaltali léttist hópurinn um sjö kíló, eða samtals 140 kíló. Friðrik Ómar var spurður hvort Gunnar hafi reynt að afhomma sig en Friðrik telur hann hafa gleymt því, svo upptekinn hafi hann verið af meðferðinni. „Hins vegar held ég að Friðrik sé genginn í Krossinn. Allavega kominn með annan fótinn þar inn. En, það ættu allir að fara í svona ferð – yndisleg og ekki var félagsskapurinn til að skemma fyrir,“ segir Geiri.

**jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Auddi Blö** og **Sveppi** undirbúa nú nýjan sjónvarpsþátt sinn af kappi en hann verður vikulega á Stöð 2. Þeir félagar ætla að láta sig þjóðfélagsmál talsvert varða umfram það sem þeir eru þekktir fyrir. Grínararnir ætla ásamt tökumanni að taka púlsinn og blanda sér í hópinn sem mótmælir við Alþingishúsið við þingsetningu sem hefst upp úr hádegi í dag – það er ef þingmenn komast inn í húsið.



Þegar þau fréttu það, útvarpsparið **Heimir Karlsson** og **Kolbrún Björnsdóttir** í morgunþætti Bylgjunnar, að gamalmenni á Bretlandseyjum væru unnvörpum að geipsa golunni úr kulda einum saman brugðust þau skjótt við og efndu til lopapeysusöfnunar meðal landsmanna. Ekki er að sjá að Íslendingar erfi hryðjuverkalög sem **Gordon Brown** setti á Ísland heldur sýna hlýhug sinn í verki – heldur betur – því í Skaftahlíðina hefur streymt fólk með heilu pokana af lopapeysum. Mikið lopapeysufjall hefur myndast hjá þeim Heimi og Kollu – fjall sem bíður þess að sent verði til Englands.

**Arnar Halldórsson** var í viðtölum á báðum sjónvarpsstöðvum eftir að hann vann hetjudáð í brunanum á Klapparstíg. Það kom ekki fram í viðtölunum að þetta er sami Arnar og var í hljómsveitinni **The Boys** með **Rúnari** bróður sínum á síðustu öld. Arnar er nú 26 ára og þegar hann er ekki vaðandi inn í brennandi hús starfar hann sem grafískur hönnuður hjá Saga Film. Fréttablaðið greindi frá því að einn íbúa hússins er **Sophia Hansen** sem mun hafa misst allt sitt í brunanum.



**- jbg, drg**

Fiskikóngurinn
SÚR HVALUR
STÓR HUMAR
Strákar verið nú góðir við elskurnar ykkar
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

# Logi býður langveikum börnum í bíó

„Þetta er bara eitt af áramótaheitunum mínum, að láta gott af mér leiða á árinu 2009,“ segir handknattleikskappinn Logi Geirsson en hann hyggst bjóða öllum langveikum börnum í bíó á næstunni. Logi var ekki kominn með nákvæma tímasetningu, vonaðist til að þetta yrði einhvern tímann í febrúar. Ásamt því að bjóða krökkunum í kvikmyndahús hyggst Logi setja treyjuna sem hann notaði í úrslitaleiknum á Ólympíuleikunum í Peking á uppboð og mun allur ágóðinn renna til Umhyggju, félags langveikra barna. „Mig langar bara til að gefa af mér og Umhyggja eru samtök sem ég vil tengja mig við,“ útskýrir Logi.

Það vakti mikla athygli fyrir fjórum árum þegar Logi bauð hinum tólf ára gamla Birgi Valdimarssyni og fjölskyldu hans út til Lemgo og bauð þeim á leik með sér. Birgir hafði þá greinst með hvítblæði og Logi vildi með þessu leggja sitt af mörkum. „Mig hefur alltaf langað til að hjálpa þeim sem þurfa kannski að liggja inni á sjúkrahúsi í langan tíma og heimsókn Birgis hvatti mig enn frekar til þess,“ útskýrir Logi sem heldur utan til Þýskalands í dag eftir landsleikjatörn í bæði Svíþjóð og Danmörku með stuttri viðkomu á Íslandi. **- fgg**



**SELUR TREYJUNA** Landsliðsbúningurinn sem Logi notaði í úrslitaleiknum í Peking verður seldur á uppboði til styrktar langveikum börnum.


MARGARITA
DAGAR
Stór Margarita á 1.000 KR.
ef þú sækir.*
*Vikuna 19. – 25. janúar 2009.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Auka álegg á miðstærð af pizzu...... 200 kr.
Auka álegg á stóra pizzu.................. 300 kr.
58·12345 | www.dominos.is
Domino's Pizza

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



OPIÐ 8-24 ALLA DAGA

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

LYFJA - Lífið heil


**BAKÞANKAR**
**Páls Baldvins Baldvinssonar**



## *Endurmenntunarnámskeið*

Í gömlum harðstjórnarríkjum liðinnar aldar voru þeir andófsmenn sem settu sig gegn ríkjandi reglum settir á námskeið og þar var barið í þá nýtt lífsviðhorf í þágu þjóðar og flokks. Oftast voru menn sendir á einhvern útnárann og látnir vinna harðneskjulega vinnu meðan reynt var að heilaþvo þá með ríkjandi gildum harðstjóranna. Fyrir helgina fréttist af endurmenntunarnámskeiðum starfsfólks Glitnis þar sem hert var á nýjum starfsreglum bankans. Áhugamenn um nýtt gildismat hljóta að spyrja hvort ekki er þörf á endurmenntun víðar og þá er eðlilega spurt um námsefni: einhver stakk upp á Hávamálum til að byrja með.

**LENDIR** það ekki á hagfræðideildum háskólanna að kalla inn viðskiptafræðinga og MBA-ara síðustu tíu ára og taka þá í læri á ný? Viðskiptaráðið, forystusveit atvinnurekenda, verður að mæta á þannig námskeið, einkum í ljósi þess að flest fyrirtæki landsins eru komin á hnén og falla brátt á hausinn, lenda á eignaskrá bankanna.

**HIN** stórkostlega og víðtæka hlutafélagavæðing er enda komin fyrir björg. Almenningur mun ekki leggja krónu í hlutafé nokkurs fyrirtækis næsta áratuginn. Líklega hefur hlutafélagahugsjóninni verið veitt náðarhögg sem dugar minnst tvær kynslóðir. Enda fátt orðið eftir af sparisjóðum venjulegs fólks sem verður að berjast við að halda þaki yfir höfuðið næstu árin. Og ekki hafa síðustu árgangar úr fornum skólum samvinnuhreyfingarinnar lært neitt um þær merku hugsjónir, nema helst víðtæka samvinnu um að rotta sig saman í eiginhagsmunaskyni og fullnuma sig í klækjum.

**ÞVÍ** er beðið með eftirvæntingu auglýsinga um námskeið í nýjum hugsjónum atvinnurekstrar á vegum háskólanna með endurskoðuðu pensúmi. Því er treyst að Svafa Grönfeldt hafi forystu um málið. Lagt er til að stofnað verði útibú við ystu strönd og áhugasömum verði fundið húsnæði í verbúð. Þar duga engin vettlingatök. Ef menn verða í vandræðum með kennara má leita í klassíkina og kennsluefnið: hin fornu rit eingyðistrúarinnar, Biblíu og Kóran, forn spekirit búddískra fræða og hindúismans. Okkur vantar ekki nýjar grundvallarreglur, heldur eldgamlar.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 20. janúar, 20. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.42 | 13.39 | 16.36 |
| Akureyri | 10.45 | 13.23 | 16.03 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


